Mér finnst ég geta allt



Emilíana Torrini fann neistann með tilraunastarfsemi í tónlist og vinnuferðum. ➤ 18

Samkvæmur sjálfum sér



Næsti borgarstjóri er með óþolandi keppnisskap, er fastur fyrir, leitandi og hlustar. ➤ 24

ERTU AÐ FLYTJA?
orkusalan



FRÉTTABLAÐIÐ

119. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 18. JÚNÍ 2022

Ég kveð formennskuna sáttur

Logi Már Einarsson ætlar að hætta sem formaður Samfylkingarinnar og segir í uppgjörsviðtali að landsfundur flokksins í haust þurfi að velja „öðruvísi mann en mig.“ Hann þakkar sínu fólki fyrir að hafa umborið jafn fljótfæran og hvatvísan mann og hann er, en „ég er svolítill sullukollur.“ ➤ 20

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

SÍMI SEM AUÐVELT ER AÐ ELSKA
Samsung Galaxy S21 FE 5G
Nú á 30.000 kr. afslætti



SAMSUNG
-23%
ELKO



Á björgunastað. MYND/LANDSBJÖRG

Björguðu fjórtán ofan af Öræfajökli

ragnarjon@frettabladid.is

BJÖRGUN „Þarna erum við farnir að nálgast þolmörk þess sem hægt er að gera," sagði Ingólfur Guðni Einarsson, aðgerðastjóri hjá Landsbjörg, í gær um björgun fjórtán manns af Öræfajökli.

Tólf Pólverjar og tveir íslenskir leiðsögumenn kölluðu eftir aðstoð úr 1.800 metra hæð síðdegis á fimmtudag. Leiðsögutæki var óvirkt, veður slæmt og skyggni lítið.

„Þetta er ein stærsta björgun sem hefur verið gerð á Vatnajökli," sagði Ingólfur. „Þetta eru orðnir fjórtan manns sem eru fastir á einu hættulegasta fjalli Íslands," bætti hann við. „Þarna voru 16-18 metrar á sekúndu, ýmist með snjókomu eða ofankomu og tveggja til þriggja stiga frost."

Hópurinn var fluttur í fjöldahjálparstöð á Höfn í Hornafirði. „Enginn úr hópnum er slasaður og eflaust allir fegnir því að komast aftur til byggða," sagði Ingólfur. ■

Þjóðhátíð í Reykjavík



Ávarp fjallkonunnar í Reykjavíkurborg þetta árið vakti mikla athygli á Austurvelli sem og á samskiptamiðlum. Hin pólsk-íslenska Sylwia Zajkowska flutti ljóð Brynju Hjálmsdóttur. Meðal þeirra sem heilluðust var Eliza Reid forsetafrú sem kvað flutning Sylwiu á ljóði Brynju hafa glatt sig. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Á annan tug sagt upp á síðustu vikum

adalheidur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Alls hafa tuttugu og fimm hjúkrunarfræðingar hætt störfum eða sagt upp á bráðamóttöku Landspítala frá áramótum. Þetta kemur fram í svari Helgu Rósu Másdóttur, deildarstjóra á bráðamóttöku, við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Þrettán hjúkrunarfræðingar hafa þegar hætt störfum og nokkrir lækkað starfshlutfall sitt.

Til viðbótar hafa tólf hjúkrunarfræðingar sagt upp á allra síðustu vikum. Níu uppsagnir koma til framkvæmda 1. september og þrjár 1. október. Einnig eru nokkrir hjúkrunarfræðingar að óska eftir lækkuðu starfshlutfalli í haust og nema þá þessar 12 uppsagnir og lækkun á starfshlutfalli 14,5 stöðugildum.

Samkvæmt mönnunarlíkani spítalans er gert ráð fyrir 90 stöðugildum hjúkrunarfræðinga á bráðamóttökunni. 1. janúar voru 85,7 stöðugildi mönnuð en í maí síðastliðnum voru 68,5 stöðugildi mönnuð og því vantar hjúkrunarfræðinga í 21,5 stöðugildi í dag.



Í haust er útlit fyrir að ómannað verði í þriðjung stöðugilda hjúkrunarfræðinga á bráðamóttökunni.

Með fyrirhuguðum nýráðningum í haust áætlar Helga Rósa að mönnuð stöðugildi verði 63 og því muni vanta 27 stöðugildi hjúkrunarfræðinga á bráðamóttökuna. ■



Taka gjald við Hverarönd

Nýtt félag rukkar bílastæðagjöld við vinsæla náttúruperlu þar sem gjaldtaka var áður bönnuð. Landeigandi segir tekjur vanta til að vernda viðkvæma staði og byggja upp aðstöðu. Umhverfisstofnun segir gjaldtöku almennt ólögmæta.

bth@frettabladid.is

MÝVATNSSVEIT Félagið Sannir landvættir er að hefja gjaldtöku við Hverarönd austan Námafjalls í Mývatnssveit. Mismunandi bílastæðagjald verður rukkað eftir stærð ökutækja.

Aðgangur hefur verið ókeypis að náttúruperlunni þess utan að fyrir átta árum reyndu landeigendur gjaldtölu á sömu slóðum. Henni var hrundið með lögbanni og var óeining meðal landeigenda um framtakið.

Að sögn Guðrúnar Maríu Valgeirsdóttur, landeiganda í Reykjahlíð, eiga eigendur hlut í félaginu sem stendur að gjaldtökunni. Bróðurpart eiga Sannir landvættir. Guðrún María segir að síðustu daga hafi planið við Hverarönd verið sléttað og rafmagn lagt. Ekki verði að sinni boðið upp á salernisaðstöðu.

Guðrún María segir að ein ástæða gjaldtökunnar sé að umgengni um svæðið hafi ekki verið til sóma. Byggja þurfi upp betri aðstöðu í verndarskyni. Landeigendum hafi sem dæmi sviðið að Umhverfisstofnun hafi ekki beitt skyndilokun vegna umferðar og ágangs í þau skipti sem eigendur hafi farið fram á lokun. Að sögn hennar tók það Umhverfisstofnun tvo mánuði að hafna ósk um tveggja vikna skyndilokun en með gjaldtöku nú verði hægt að viðhalda svæðinu betur.

„Við skulum ekki gleyma að stór hluti af náttúruperlum er í einkaeigu. Svo erum við gagnrýnd fyrir að byggja upp svæði til að geta tekið almennilega á móti fólki," segir Guðrún og bætir við að landeigendur í Reykjahlíð hafi borið töluverðan kostnað af því að viðhalda náttúruperlum í sinni eigu.



Mikill hiti skapaðist vegna gjaldtöku við Hverarönd árið 2014. Nýtt félag, að hluta í eigu landeigenda, er að hefja gjaldtöku á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Við skulum ekki gleyma að stór hluti af náttúruperlum er í einkaeigu.
>
> Guðrún María Valgeirsdóttir

Fréttablaðið bar hina fyrirhuguðu gjaldtöku undir Umhverfisstofnun. Í svörum segir að almennt telji Umhverfisstofnun að gjaldtaka sé ólögmæt ef hún feli í sér hindrun á aðgangi að landi þar sem annars gildi ákvæði laga um frjálsa för fólks, nema í þeim tilfellum þar sem lagaheimild til slíkrar gjaldtöku er fyrir hendi.

Um gagnrýni á störf Umhverfisstofnunar segir í svari stofnunarinnar að Námafjall, Hverir og Kröflusvæðið sé nú utan þess svæðis sem landverðir sinntu áður. Dimmuborgir, Hverfjall, Seljahjallagil, Blámhvammur og Þrengslaborgir hafi hlotið friðlýsingu en ekki hafi verið vilji meðal landeigenda til að friðlýsa önnur svæði, þar á meðal séu Hverir.

Beiðni um lokun hafi komið frá landeigendum árið 2017 en þá hafi Umhverfisstofnun ekki talið þörf á tafarlausum aðgerðum. Umhverfisstofnun hafi komið að landvörslu og eftirliti við Hverarönd, síðast árið 2019 þegar settar voru takmarkanir á umferð.


„Umhverfisstofnun er ekki kunnugt um að komið hafi fram forsendur þess að landeigendur telji Umhverfisstofnun eða undirstofnanir ríkisins ekki treystandi til að gæta svæðisins," segir í svari stofnunarinnar. ■

TÖLUM UM LEXUS RX

Lexus RX 450h er allt sem sportjeppi á að vera.
Gullfallegt handverk og fjölbreytt úrval nýjustu tækni.

Framsækin sjálfhlaðandi Hybrid-vélin stendur fyrir sínu og aksturinn verður einstaklega ánægjuleg upplifun hvert sem ferðinni er heitið.

Komdu í Kauptúnið og kynntu þér Lexus RX 450h



LEXUS RX 450h
VERÐ FRÁ: 13.350.000 KR.

KINTO ONE LANGTÍMALEIGA
VERÐ FRÁ: 278.000 KR. Á MÁN.

Lexus Ísland – Kauptúni 6, Garðabæ – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

Rússar reyna að skjóta Dönum skelk í bringu í Eystrasalti

gar@frettabladid.is

DANMÖRK „Ofbeldisaðferðir virka ekki gegn Damörku," sagði Jeppe Kofod, utanríkisráðherra Dana, í gær eftir að rússneskt herskip hafði í tvígang þá um nóttina siglt í leyfisleysi inn í danska lögsögu.

Atvikið varð í Eystrasalti norður af Christiansø við Borgundarhólm. Þá var rússneskri smáfreigátu siglt inn í lögsögu Dana, fyrst klukkan hálf þrjú um nóttina og svo aftur tveimur tímum síðar að sögn Danmarks Radio.

„Þetta er gróft brot og ögrun af hálfu Rússa gegn Dönum og dönsku yfirráðasvæði," sagði Morten Bødskov varnarmálaráðherra sem kvað siglingu Rússanna ekki hafa verið tilviljun.

Kofod utanríkisráðherra sagði ögrun Rússa afar óábyrga og grófa. Sendiherra Rússa í Danmörku var í gær kallaður til samtals í utanríkisráðuneytinu. Bødskov varnarmálaráðherra lýsti ánægju með að sendiherrann hafi verið kallaður á teppið og kvaðst vona að hann tæki loks mark á skilaboðunum.



Morten Bødskov, varnarmálaráðherra Danmerkur

„Fram til þessa má segja að í þeim samtölum sem rússneski sendiherrann hefur tekið þátt í hefur hann átt dálítið erfitt með skilja hvar landamæri Danmerkur liggja," útskýrði Bødskov að sögn DR.

„Þetta er tilraun Rússa til að skjóta Dönum skelk í bringu. Mín skoðun er sú að það muni ekki takast hjá þeim heldur hafa þveröfug áhrif," sagði Kenneth Øhlenschlæger Buhl, sérfræðingur við danska varnarmálaskólann, við Danmarks Radio. ■



Hitabylgja gengur yfir Evrópu.

Banna útiviðburði í hitabylgjunni

kristinnpall@frettabladid.is

FRAKKLAND Yfirvöld í frönsku borginni Bordeau hafa aflýst öllum útiviðburðum í dag og banna viðburði þar sem ekki er tryggð loftkæling. Hitastigið fór víða yfir 40 stig í gær og nær hitabylgjan hámarki í dag. Á sama tíma gengur hitabylgja yfir Spán, Ítalíu og England.

Fyrr um daginn hvatti innanríkisráðherra Frakklands, Gérald Darmanin, Frakka til leita skjóls undan sólargeislunum. ■

Sakar Bandaríkin um oflæti

kristinnpall@frettabladid.is

RÚSSLAND Vladímír Pútín, forseti Rússlands, fór hörðum orðum um vesturveldin í ræðu sinni í gær á efnahagsráðstefnu í Sankti-Pétursborg. Ræðu Pútíns var frestað um klukkutíma og þurftu rússnesk yfirvöld að neita því að tölvuþrjótar hefðu verið þar að verki.

Í ræðu sinni líkti Pútín efnahagsaðgerðum vesturveldanna við leiftursókn sem hefði misst marks og sagði að Bandaríkin teldu sig vera fulltrúa guðs á jörðu. Þá minntist Pútín á innrásina í Úkraínu sem hann kallaði hernaðaraðgerð Rússa í Úkraínu og sagði engan bilbug að finna á Rússum. ■

Fleiri kjósendur Vinstri grænna með en á móti aðild að Evrópusambandi

Ný könnun sýnir að stuðningur við Evrópusambandsaðild er að aukast. Tæpur helmingur vill ganga í sambandið en þriðjungur er á móti.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Nærri helmingur Íslendinga eru hlynntir aðild að Evrópusambandinu og rúmur þriðjungur andvígur samkvæmt nýrri könnun Prósents. Alls sögðust 48,5 prósent vera hlynnt og 34,9 andvíg. Aðeins 16,7 prósent sögðust ekki hafa skoðun á málinu.


Á undanförnum áratug eða svo hafa kannanir hinna ýmsu fyrirtækja vanalega sýnt í kringum 30 prósenta stuðning við aðild Íslands að Evrópusambandinu en á bilinu 40 til 50 prósenta andstöðu. Hin nýja könnun Prósents er hins vegar önnur könnunin á árinu sem sýnir fleiri jákvæða en neikvæða. Í þjóðarpúlsi Gallup frá því í mars voru hlutföllin mjög svipuð, 47 prósent á móti 33.

Í könnun Prósents kemur fram að flokkspólitískar skoðanir vega þungt í afstöðunni til Evrópusambandsaðildar. Jákvæðastir eru kjósendur Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata með á bilinu 82 til 86 prósent hlynnt aðild en innan við 10 prósent andvíg.

Athygli vekur að fleiri kjósendur Vinstri grænna eru hlynntir Evrópusambandsaðild en andvígir, 41 prósent á móti 34. Flokkurinn er einnig sá sem hefur flesta óákveðna í afstöðunni, það er 24 prósent. En samkvæmt stefnu flokksins er „hagsmunum Íslands betur borgið utan Evrópusambandsins en innan."

Stuðningurinn er heldur meiri hjá kjósendum Sósíalistaflokksins þar sem 48 prósent eru hlynnt aðild en 32 prósent andvíg.

Hve hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) ertu aðild Íslands að Evrópusambandinu?



Skýrar flokkslínur má sjá í viðhorfum landsmanna til aðildar að Evrópusambandinu.

Rúmur þriðjungur Framsóknarmanna styður Evrópusambandsaðild, 34 prósent, en 54 á móti. Þetta eru mjög svipuð hlutföll og hjá kjósendum Flokks fólksins, en þar á bæ eru mun fleiri sem hafa ekki skoðun, 21 prósent.

22 prósent Sjálfstæðismanna styðja Evrópusambandsaðild en 66 prósent eru á móti. Minnstur stuðningurinn er hins vegar hjá kjósendum Miðflokksins, aðeins 9 prósent eru hlynnt aðild en 73 prósent á móti.

Meirihluti kjósenda á höfuðborgarsvæðinu, 52 prósent, styður aðild en 32 prósent eru á móti. Þetta er meiri stuðningur en á landsbyggðinni þar sem stuðningurinn er þó 41 prósent á móti 39.

Þegar litið er til kynja er munurinn ekki mjög mikill. Karlar hafa hins vegar sterkari skoðanir á Evrópusambandsaðild en konur, bæði með og á móti.

Meirihluti fólks á aldrinum 35 til 54 ára styður aðild að Evrópusambandinu en minnsti stuðningurinn er hjá yngsta og elsta fólkinu. Hjá hópnum 65 ára og eldri er nærri helmingur beinlínis andvígur aðild en stór hluti yngsta hópsins, 18 til 24 ára, hefur ekki skoðun á málinu, það er 37 prósent.

Könnunin var netkönnun framkvæmd 2. til 13. júní. Úrtakið var 1.780 og svarhlutfallið 50,1 prósent. ■



ICELANDAIR



icelandair.is

Er ekki kominn tími á Bandaríkin?

Fjöldi ferða á hverjum degi
Það er svo margt í boði í Bandaríkjunum – að slaka á í Central Park, æfa sveifluna í Orlando eða jafnvel njóta morgunbollans á Newbury Street. Nú bjóðum við líka upp á brottför til Boston fyrir hádegi þannig að þú getir nýtt tímann enn betur á bandarískri grund.

Við fljúgum til fjölda borga um öll Bandaríkin í allt sumar.

Framleiðsla eykst hröðum skrefum

ser@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Atvinnulífið í landinu virðist vera að jafna sig að fullu, og gott betur, eftir farsóttartímann. Nýjar hagtölur sýna alger umskipti hjá helstu framleiðslugreinum í landinu.

Ef athafnalífið í aprílmánuði í ár er borið saman við sama tíma árið 2019, sést að jafnt framleiðsla, verslun og þjónusta í landinu er nú orðin töluvert og á köflum langtum meiri en fyrir farsóttina.

Framleiðsla málma hefur aukist um 92 prósent á þessum tíma, olíuverslun um 79 prósent, sala og viðhald ökutækja um 66 prósent, fiskveiðar og vinnsla sjávarafurða um 46 prósent og smásala um 31 prósent, svo dæmi sé tekið. ■



Ferðamenn streyma nú til landsins.

Velta tvöfaldast í ferðaþjónustu

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Velta í ferðaþjónustunni á Íslandi nam röskum 87 milljörðum í mars til apríl á þessu ári samanborið við 32 milljarða á sama tíma í fyrra, sem merkir ríflega tvöfalt meiri umsvif.

Áætlaðar gistinætur á hótelum í maí voru um 255 þúsund en voru 103 þúsund á sama tíma í fyrra.

Starfsmönnum í greininni hefur fjölgað um rúm 60 prósent frá síðasta vori, að því er fram kemur í nýjum hagtölum. ■

Íslensk ljósvarpa sem umbyltir veiði á botnfiski fer á markað innan tíðar

Eftir fimmtán ára þróunarstarf á ljósvörpu til botnfiskveiða sér nýsköpunarfyrirtækið Optitog fram á sölu og dreifingu á þessum nýstárlegu og umhverfisvænu veiðarfærum.

ser@frettabladid.is


HÁTÆKNI Íslenska sprotafyrirtækið Optitog var að skrifa undir samning við norskan dreifingaraðila sem ætlar að selja útgerðum í norðanverðu Atlantshafi nýja aðferð við botnfiskveiðar sem er langtum umhverfisvænni og orkuminni en hefðbundnar trollveiðar á sjávarbotni.

„Þetta er ný kynslóð af veiðarfærum með nánast enga botnsnertingu," útskýrir Halla Jónsdóttir, ein af stofnendum Optitog, en hér er um svokallaða ljósvörpu að ræða sem smalar saman sjávarlífverum á borð við rækju með geislum ljósa sem fest eru við veiðarfærin.


„Þetta hefur verið reynt við raunverulegar aðstæður," bætir Halla við, en útgerð fiskiskipsins Klakks hefur verið fyrirtæki hennar innan handar við rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi, fyrir norðan land og við Snæfellsnes. Þess utan hafa útgerðir á Grænlandi, í Færeyjum og Noregi tekið virkan þátt í rannsóknunum og látið vel af árangrinum, en vísbendingar eru um að hægt verði að veiða fleiri fisktegundir með ljósvörpunni.

Þessi veiðiaðferð þykir jafn nýstárleg og hún er umhverfisvæn. „Við fljúgum netinu með ljósgeislunum á um þriðjungi úr metra yfir sjávarbotninum," segir Halla, en fyrir vikið þyrlast setið á botninum síður upp og veldur þar skaða á lífríkinu.

„Þar með er ekki lengur verið að draga vörpuna eftir botninum," bendir Halla á, sem merkir minni eyðslu á orku og hagræðingu í rekstri útgerða.



Skipverjar á Klakki hafa tekið þátt í rannsóknum á ljósvörpuveiðum af sérlega miklum áhuga að sögn Höllu Jónsdóttur.



Ljósvarpan dregin inn, en ljósin á henni eru slökkt þegar veiðarfærið kemur upp á yfirborðið.

MYND/AÐSEND

> Þetta er ný kynslóð af veiðarfærum með nánast enga botnsnertingu.

Hún þakkar það þolinmóðu fjármagni og þolinmóðum samstarfsmönnum að eigendur og vísindamenn á vegum Optitog hafi náð að halda úti fimmtán ára þrotlausu þróunarstarfi á þessu sviði. Margir hafi lagt verkefninu lið sinni sem skipt hafi sköpum – og nefnir Halla þar til sögunnar Hafrannsóknastofnun, Háskólann í Reykjavík, Matvælasjóð, Sjávarklasann, Tæknisetur og Tækniþróunarsjóð sem styrkt hefur verkefnið veglega, svo og sjóði Evrópusambandsins.

„Einn dagur um borð í togara með áhöfn og sérfræðingum kostar sitt," segir Halla og þeir hafi verið nokkrir túrarnir, svo ekki sé meira sagt, en ánægjan af þessu skipti líka máli. „Það hefur verið einstaklega gaman að vinna með skipverjum á Klakki sem hafa haft mikinn áhuga á þessu verkefni okkar," segir hún og tínir fleira til sem hlýjar henni um hjartarætur.

„Við fengum á dögunum viðurkenningu úr Minningarsjóði Þorsteins Inga Sigfússonar, sem vakti sérstaka athygli á verkefninu og það vel út fyrir landsteinana," segir Halla, full bjartsýni á velgengni veiðarfæranna, en Þorsteinn Ingi, sem var forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, hafi einmitt hvatt starfsfólk Optitog manna mest til dáða í sínu lífi og megi heita guðfaðir fyrirtækisins. ■



Bretar segja Niceair án allra réttinda

gar@frettabladid.is

FLUGMÁL „Niceair hefur hvorki íslenskt né breskt flugrekstrarleyfi og uppfyllir því ekki skilyrði til að fá leyfi til að starfrækja áætlunarflug samkvæmt loftferðasamningi milli Bretlands og Íslands," segir Andrew McConnell, yfirmaður fjölmiðla- og samskiptadeildar bresku flugmálastjórnarinnar, CAA.

Áætlunarferðir Niceair milli Akureyrar og London sem hófust 3. júní liggja niðri. Breska flugmálastjórnin gaf 26. maí út leyfi vegna flugsins til flugfélagsins Hi Fly Ltd. of Malta sem flýgur fyrir Niceair.

Eleanor Crabb, fjölmiðlafulltrúi hjá CAA, bendir á að leyfi Hi Fly frá 26. maí nái aðeins til leiguflugs þannig að farmiðar séu ekki seldir beint til almennings heldur í gegn um leyfishafa.

„Þótt bresk og íslensk yfirvöld geti leyft leiguflug til skamms tíma munu þau tryggja að með því verði ekki grafið óbeint undan loftferðasamningnum. CAA greip því til þess að afturkalla þetta leyfi þegar eðli starfseminnar; áætlunarflug fremur en leiguflug, og hlutverk Niceair, sem hefur engin tilskilin leyfi eins og er, – varð ljóst," útskýrir Crabb.

Að sögn Crabb býður Niceair áætlunarflug. Loftferðasamningur Bretlands og Ísland heimili aðeins flug með viðurkenndu félagi í Bretlandi og Íslandi. Flugrekstrarleyfi Hi Fly Malta sé hvorki breskt eða íslenskt heldur Evrópusambandsleyfi. Því geti félagið ekki haft íslensk eða bresk leyfi til flugs.



Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Niceair.

MYND/AXEL ÞÓRHALLSSON

Andrew McConnell segir þegar um sé að ræða flugfélög önnur en bresk tryggi CAA að þau uppfylli kröfur um öryggi og tryggingar og nauðsynleg leyfi til að vernda neytendur. Það hafi verið gert áður en Bretar gengu úr ESB.

„Eitt megin hlutverk Flugmálastjórnar Bretlands er að vernda neytandann og að tryggja að öll félög sem selja farmiða í farþegaflug til eða frá Brelandi hafi nauðsynleg flugrekstrarleyfi eða ferðaskrifstofuleyfi fyrir þeirri starfsemi," segir McConnell.

„Niceair hafði ekki samband við Flugmálastjórn Bretlands í aðdraganda flugs félagsins 3. júní. CAA er í sambandi við yfirvöld á Íslandi í tengslum við þetta mál." ■

KRÓNAN

ÞAÐ MÁ LEIKA SÉR AÐ MATNUM!

Skutlaðu gómsætum spjótum á grillið!



Mmm ... Léttari sósur með grill-matnum!



Salathúsið sósur 225 ml
579 kr. stk.



Ferskur maís
199 kr. stk.



Ferskur aspas 400 g
799 kr. pk.



Grísahnakka spjót Hawaian
2199 kr. kg



Grísahnakkaspjót portúgalskt pírí pírí
2199 kr. kg



Kindafile spjót Marókósk
4199 kr. kg



Sætar kartöflur og rauðlaukur
999 kr. pk.



Kartöflusmælki með timían
999 kr. pk.



Grænmeti og mozzarella
999 kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Vilja semja um frið í Eþíópíu

Ríkisstjórn Eþíópíu hefur skipað nefnd til að undirbúa friðarviðræður við uppreisnarhópa í Tígraí-héraðinu í norðurhluta landsins. Vonir standa til þess að viðræðurnar muni binda endi á stríðsátök sem hafa staðið í landinu í hálft annað ár.

thorgrimur@frettabladid.is



Eþíópíumenn flagga mynd af Abiy Ahmed forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

EÞÍÓPÍA Abiy Ahmed, forsætisráðherra Eþíópíu, hefur staðfest opinberlega að friðarviðræður séu að hefjast við Þjóðfrelsishreyfingu Tígra (TPLF) í borgarastríðinu sem hefur geisað um Tígraí-hérað Eþíópíu frá árinu 2020. Abiy tilkynnti á þriðjudaginn að ríkisstjórnin hefði stofnað nefnd til þess að semja við uppreisnarhópana.

Nefndin er leidd af aðstoðarforsætisráðherranum Demeke Mekonnen og hefur tíu til fimmtán daga til að gera nánari grein fyrir framkvæmd viðræðnanna. Debretsion Gebremichael, formaður TPLF, sagði að fylking hans myndi senda samningateymi og væri reiðubúin til að taka þátt í „trúverðugu, óhlutdrægu og öguðu“ friðarferli.

Brynjólfur Þorvarðsson, íslenskur forritari sem er búsettur í Bahir Dar í Eþíópíu, segir að með því að fallast á að koma að samningaborðinu hafi TPLF í reynd viðurkennt ósigur. „Sagt er að TPLF muni viðurkenna lögmæti ríkisstjórnar dr. Abiy og að þeir séu reiðubúnir að semja um framtíð Welkeik-héraðs,“ skrifaði hann til Fréttablaðsins. „Á móti mun ríkisstjórnin hafa lofað að hefja strax vinnu við að koma á síma- og internetsambandi og endurræsa bankakerfið í Tígraí, en fjársendingar erlendis frá eru ein meginstoð hagkerfis Tígraí eins og svo víða annars staðar í Afríku.“

TPLF réð yfir Eþíópíu frá byrjun tíunda áratugarins til ársins 2018 sem stærsti flokkurinn innan Lýðræðis- og byltingarhreyfingar eþíópísku þjóðarinnar (EPRDF), bandalags stjórnmálahreyfinga sem sigruðu kommúnistastjórn Mengistu Haile Mariam árið 1991. TPLF glataði áhrifum sínum í ríkisstjórn Eþíópíu eftir fjöldamótmæli árið 2018 sem leiddu til þess að Abiy Ahmed var skipaður forsætisráðherra.

Her TPLF sótti að eþíópísku höfuðborginni Addis Ababa í nóvember síðastliðinn en sambandsher stjórnarinnar stöðvaði framsóknina um 200 km frá borgarmörkunum. „Frá því um miðjan desember 2021 má segja að stríðinu hafi verið lokið,“ skrifaði Brynjólfur. „Langflestir Eþíópíubúar virðast hafa gleymt að í norðri er enn verið að berjast, þótt í litlum mæli sé.“

Samkvæmt tilkynningu Abiy mun samninganefndin skila skýrslu um umfang friðarviðræðnanna áður en gengið verður að samningaborðinu. Ákvarða verði um hvað verði samið og hvaða kröfur verði settar fram. Áætlað er að viðræðurnar fari fram í Naíróbí og að Uhuru Kenyatta, forseti Keníu, verði milligöngumaður stríðsaðilanna. ■





Tilboðsverð: 299.990 kr.

Bianchi T-Tronik götuhjól
Tilbúið á götuna með brettum, standara, bögglabera og ljósum. 418Wh rafhlaða, 65 Nm tog. Drægi allt að 95 km.



Verð: 366.990 kr.

Bianchi T-Tronik fjallahjól
Lipurt og skemmtilegt hjól sem hentar bæði innanbæjar og á stígum og slóðum. Tilvalið með í útileguna í sumar. Shimano E7000 mótor, 522Wh rafhlaða. Drægi allt að 95 km.



Verð frá: 476.990 kr.

Bianchi E-Omnia götuhjól
Frábært götuhjól með brettum, bögglabera, ljósum og lás. Bosch mótor, 85 Nm, 500Wh eða 625Wh rafhlaða. Drægi allt að 140 km.

PELOTON

Klettagarðar 23 • www.peloton.is


Fágun. Fegurð.
Fullkomnun.

Mercedes-Benz GLE Plug-in hybrid, leiðtoginn í flokki lúxusjeppa.

- 31 kWh rafhlaða
- 94 km drægi
- Dráttargeta allt að 3500 kg.

Mikið afl, ríkulegur búnaður og einstök hljóðvist.
Veldu fyrsta farrými. Veldu Mercedes Benz.

Komdu og reynsluaktu.
Opið í dag 11-15.



Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram.

Oxykódon aftur í mikilli dreifingu eftir Covid

Haldlagning á oxykódon-lyfjum hefur margfaldast síðan faraldrinum lauk og hefur aldrei verið meiri. Mikill samdráttur varð í haldlagningu oxykódon-lyfja árið 2020 er Covid geisaði sem mest. Bendir það til minna magns slíkra lyfja í umferð á þeim tíma. Samt sóttu fleiri í fíkniefnameðferð hjá SÁÁ.

ragnarjon@frettabladid.is



Frank Huntley hefur verið ötull í baráttunni fyrir því að banna ópíóíðalyf í Bandaríkjunum. Áætlað er að 68 þúsund hafi látist af völdum ópíóíða í Bandaríkjunum árið 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Gunnar Hörður Garðarsson, samskiptastjóri Ríkislögreglustjóra



Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir, aðstoðarmaður yfirlæknis á Vogi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Íslandi haldlagði 14.095 stykki af lyfjum sem flokkuð eru sem OxyContin, Oxynorm eða Dispersa árið 2021 en það er nærri því fimmföldun á því magni sem haldlagt var árið á undan.

Þetta sýna tölur sem Fréttablaðið aflaði hjá Ríkislögreglustjóra.

Mikill samdráttur varð í magni haldlagðra efna árið 2020 en það útskýrist aðallega af minni flugumferð á tímum Covid-19 faraldursins.

„Þetta er að mestu leyti áhrif frá faraldrinum en árin á undan voru einnig haldlögð efni í stórum fíkniefnamálum. En aðallega eru þetta áhrif frá faraldrinum," segir Gunnar Hörður Garðarsson, samskiptastjóri Ríkislögreglustjóra.

Þrátt fyrir þetta jókst hlutfall sjúklinga sem nota ópíóíða á sjúkrahúsinu Vogi á þessum árum.

„Við sjáum ekki minnkun í ópíóíðafíkn á þessum árum," segir Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir, aðstoðarmaður yfirlæknis á Vogi, um það hvort SÁÁ hafi fundið fyrir líkum áhrifum frá faraldrinum „Það er aukning milli ára 2019 til 2020. Þá er aukning í hlutfalli sjúklinga sem nota ópíóíða og sú aukning heldur áfram til 2021."

Þannig hafi minnkun í haldlagningu og mögulegri dreifingu oxykódon-lyfja í faraldrinum ekki haft töluleg áhrif á fyrirspurnir um innlagnir.

„Við erum með færri innlagnir í Covid þar sem við urðum að gæta að sóttvarnareglum. Við gátum ekki fyllt spítalann vegna þess að passa þurfti að fólk væri skimað áður en það kom inn og við þurftum að passa að hægt væri að viðhalda réttri fjarlægð. En vissulega varð ákveðinn samdráttur í innlögnum heilt yfir þrátt fyrir að hlutfall ópíóíðasjúklinga fari hækkandi," segir Ragnheiður. Í kringum 20 prósenta samdráttur varð í heildarinnlögnum á tímum Covid.

Lyfin sem um ræðir eru sterk ópíóíðalyf sem yfirleitt eru notuð við miklum eða mjög miklum verkjum. Mikil aukning hefur orðið í neyslu á ópíóíðum á Íslandi og annars staðar í heiminum.

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er um gríðarlega aukningu í haldlagningu oxykódon-efna frá því mælingar hófust en rúmleg sjöföldun varð í haldlagningu á slíkum efnum frá árunum 2018 til 2019.

Mikill samdráttur varð í haldlagningu lyfja árið 2020 en þegar faraldrinum lauk hækkuðu tölurnar aftur sem bendir til þess að innflutningur efnanna hafi tekið við sér um leið og flughafnir opnuðu á ný.

Í öðrum gögnum sem Fréttablaðið fékk frá Ríkislögreglustjóra kemur fram að 85 prósent þeirra efna sem haldlögð voru árið 2021 hafi verið gerð upptæk á Keflavíkurflugvelli.

Þá voru 10 prósent haldlögð á höfuðborgarsvæðinu en 5 prósent á landsbyggðinni. Þetta hlutfall var um margt svipað önnur ár sem gefur til kynna að langmest af lyfjunum séu gerð upptæk í flugstöðinni.

Gunnar Örn bendir þó á að ákveðinn fyrirvara þurfi að hafa á tölunum þar sem lyf sem tekin eru af fólki kunni að vera ómerkt eða án allra umbúða. Þannig geti efnin vera skráð ranglega í vissum tilvikum. Samt sem áður gefi hin mikla aukning sem orðið hefur í haldlagningu efna góða hugmynd um magn og dreifingu á oxykódon-efnum. ■

Haldlagning lögreglu á oxykódon frá 2018

	2018	2019	2020	2021
OxyContin, OxyNorm, OxyNorm Dispersa - stykki	2.110,0	8.887,5	2.876,0	14.095,0



Til hamingju með daginn














Kvenréttindi alla leið

Kvenréttindadagurinn 19. júní er hátíðis- og baráttudagur kvenna á Íslandi. Á þessum degi árið 2015 fékk N1 Jafnlaunavottun VR og var þar með fyrsta olíufélagið á Íslandi til að hljóta staðfestingu á því að starfsfólki sé ekki mismunað í launum vegna kynferðis. N1 óskar öllum konum landsins til hamingju með daginn og heldur áfram að styðja konur alla leið.

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-011217

Pólitík á skaki



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Íslensk pólitík er á skaki. Hún er sjaldnast þar sem hennar er þörf. Og hún er á stundum alltof upptekin af sjálfri sér til að taka eftir aðalatriðunum, fólkinu sjálfu, sem þarf á þjónustu hennar að halda.

Öðru fremur er pólitíkin verkfæri til að laga samfélagið. Meginverkefni hennar á að vera að greiða götu venjulegs fólks sem tekst á við hversdagslegar áskoranir – og bæta hag þess í hvívetna.

En það gerir hún ekki, eða öllu heldur sjaldnast, svo allrar sanngirni sé gætt. Og það er líklega vegna þess að pólitíkin framselur vald sitt til embættismannaklíkunnar og stofnanaveldisins sem fer öðrum fremur með framkvæmdavaldið í samfélaginu, rétt eins og ráðríkum mönnum þar sýnist, langt umfram lýðræðislegt umboð.

Í hverju samfélagi – og gildir einu hversu fjölmenn þau eru – ræður hundrað manna klíka sem stendur saman af ríkjandi landsstjórn og embættismannamagtinu í kringum hana, svo og forsvarsmönnum þeirra ríkisstofnana sem hafa mestu yfirráðin í landinu.

Og eftir því sem ríkin eru fámennari þeim mun minna framboð er af hæfileikaríku og réttsýnu fólki í þessar stöður. Meðalmennskan er fylgifiskur fámennis, daufleg skriffinnskan sem slær hlutunum á frest fremur en að taka á þeim. Og standi sama meðalmennskan frammi fyrir alvarlegum áskorunum eru heilu og hálfu starfshóparnir settir saman til að skiptast á skoðunum þar til minnsti samnefnari nefndarmanna skilar af sér áliti sem aldrei kemur til framkvæmda.

Það er af þessum sökum sem íslensk pólitík skilur fólkið eftir úti á berangri. Hljóð og mynd fer ekki saman. Öskrin eru meiri en eftirbreytnin. Og tilþrifin í ræðustól eru ekki í neinu samræmi við þarfir almennings.

Tökum bara eitt dæmi. Bara eitt. Það er lýsandi. En segir eina grátlegustu sögu af aðgerðaleysi íslenskra stjórnmála sem láta embættismannagenginu eftir að safna skýrslum sínum á skrifborðsendana.

Á Íslandi er upp undir tveggja ára bið fyrir ungabörn með málþroskaröskun, en fyrir vikið líða foreldrar þeirra vítiskvalir og börnin fara á mis við framfarir á viðkvæmasta aldursskeiði sínu.

Pólitíkin ræður ekki við þetta úrlausnarefni af því að hún er upptekin við aukaatriði. Og hún framselur vald sitt til stofnana sem eru uppteknari af sjálfum sér en fólki.

Hundrað svona dæmi mætti nefna. Einmitt þar sem fólk skiptir minna máli en pólitíkin sjálf. ■

”
Á Íslandi er upp undir tveggja ára bið fyrir ungabörn með málþroskaröskun, en fyrir vikið líða foreldrar þeirra vítiskvalir og börnin fara á mis við framfarir á viðkvæmasta aldursskeiði sínu.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
frettabladid.is
Skannaðu kóðann

Gunnar



Mín skoðun

Sál til sölu



Sif Sigmarsdóttir

Fyrir sextíu þúsund árum átti sér stað stefnumót sem veldur nú stórtjóni í samtímanum. Karl og kona hittust á förnum vegi í Miðausturlöndum og áttu einnar nætur gaman. Síðastliðin tvö ár hafa mörg hundruð þúsund manns látið lífið vegna skyndikynnanna.

Vísindamenn segjast hafa uppgötvað erfðafræðilegt frávik sem mörg okkar bera og rekja má til rómantískrar kvöldstundar homo sapiens og neanderdalsmanns. Frávikið tvöfaldar líkurnar á að einstaklingur veikist alvarlega af Covid-19. Er talið að það hafi kostað allt að milljón manns lífið í kórónaveirufaraldrinum.

Sessa forsætisráðherrastólsins

„Sá sem verður fyrir ofbeldi fær sjálfan sig á heilann.“ Tilvitnunin er úr leikriti Elísabetar Jökulsdóttur, Blóðuga kanínan. „Ég var voða hrædd við þessa setningu því ég hélt ég yrði dæmd af öllum sem eru að vinna í sjálfum sér,“ sagði Elísabet í nýlegu viðtali við Stundina, en hún hefur sjálf þurft að takast á við afleiðingar ofbeldis. „Mín reynsla er að ég er búin að vera með sjálfa mig á heilanum árum saman.“

Viðleitni Elísabetar til að brjótast undan oki eigin hugar olli áhuga hennar á virkjanamálum. Hún vill að Ísland verði stóriðjulaust. „Það er bara af því að ég þakka hálendinu fyrir það hvað það hefur gefið mér. Mér finnst ég standa í þakkarskuld við íslenska náttúru. Þá hætti ég að festast í sjálfri mér, af því að þetta landslag hrífur mann svo.“

Upplifun Elísabetar er studd vísindalegum rökum. Nýverið var gerð rannsókn á heilastarfsemi fólks eftir níutíu mínútna göngu úti í villtri náttúru annars vegar og á götum borgar hins vegar. Þau sem gengu úti í náttúrunni upplifðu meiri vellíðan í kjölfar göngutúrsins. En ekki nóg með það. Í heilaskanna sást að starfsemi snarminnkaði á svæði í heilaberki sem stýrir sjálfsmiðaðri árátthugsun sem talin er stuðla að þunglyndi.

Náttúran frelsar okkur úr viðjum hugans. Við launum náttúrunni með því að finna nýjar leiðir til að beisla hana. Umdeildur þriðji áfangi rammaáætlunar var samþykktur á Alþingi í vikunni. Sú ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna að færa Héraðsvötn og Kjalölduveitu úr verndarflokki í biðflokk vakti hörð viðbrögð. Stjórnarandstaðan sakaði ríkisstjórnina um pólitísk hrossakaup. Einkum beindist gagnrýnin að Vinstri grænum. „Hvar er græna hjartað í hreyfingunni sem stofnuð var í kringum náttúru- og umhverfisvernd?“ spurði Rósa Björk Brynjólfsdóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar. „Hvers virði er það að sitja í öndvegi við ríkisstjórnarborðið ef völdin sem því fylgja eru ekki nýtt?“ spurði þingmaðurinn Helga Vala Helgadóttir.

„Ef stefnumót homo sapiens og neanderdalsmannsins hefði mislukkast hefði kórónaveirufaraldurinn farið mun betur og hundruð þúsunda mannslífa bjargast,“ segir James Davies, prófessor í erfðamengjafræði við Oxford háskóla, sem svipti hulunni af hinum örlagaríku skyndikynnum. Hann segir afleiðingar stefnumótsins dæmi um fiðrildisáhrifin (e. butterfly effect), lítið atvik í flóknu kerfi sem geti haft miklar og ófyrirséðar afleiðingar annars staðar í kerfinu; eins og ef fiðrildi blakaði væng í Brasilíu og ylli skýstróki í Texas.

Villt náttúran lægir öldurót mannshugans. Tvær sálir hittast og afleiðingarnar koma fram sextíu þúsund árum síðar. Við tilheyrum vistkerfi, fortíð og framtíð flóknum böndum. Vinstri græn kunna að telja sig fórna litlu fyrir mjúka sessu forsætisráðherrastólsins. En hver veit hvar gárur gjörða þeirra mun bera að strönd?

VG selur nú vel valin vatnsföll og sál sína. Svo kann þó að vera að þau selji svo miklu meira. Við spyrjum að leikslokum – eða eftir sextíu þúsund ár. ■

”
Vinstri græn kunna að telja sig fórna litlu fyrir mjúka sessu forsætisráðherrastólsins. En hver veit hvar gárur gjörða þeirra mun bera að strönd?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


HÚSASMIÐJAN
KONUR
Til hamingju með
Kvenréttindadaginn
19. júní
Húsasmiðjan er bakhjarl
Félags fagkvenna
Skannaðu kóðann
FÉLAG
FAGKVENNA
fagkonur.is

SUMAR ÚTSALA

www.husgagnahollin.is VEFVERSLUN

30%

SCOTT
Hornsófi, hægra eða vinstra horn. Kentucky koníak eða Stone bonded leður.
293 × 217 × 85 cm. **195.993 kr.** ~~279.990 kr.~~

60%



KEEP
2ja sæta sófi í Kentucky koníak bonded leðri.
163 × 86 × 60 cm.
83.996 kr.
~~209.990 kr.~~

20%



PINTO
4ra sæta sófi í Kentucky koníak eða Stone bonded leðri. 253 × 97 × 85 cm.
199.992 kr. ~~249.990 kr.~~

30%



CLEVELAND
Hornsófi. Dökkgrátt áklæði.
308 × 203 × 81 cm.
139.993 kr. ~~199.990 kr.~~
Hnakkapúðar seldir sér.

20%



ATLANTA
3ja sæta rafknúinn sófi. Tvö ytri sætin hafa skemil sem má lyfta með hnappi. Svart leður.
198 × 96 × 98 cm.
263.920 kr. ~~329.900 kr.~~

30%



DC 3600
3ja sæta sófi. Svart Savoy split leður. 202 × 80 × 80 cm.
209.993 kr. ~~299.990 kr.~~

25%



PARIS
Hornsófi, hægri eða vinstri. Dökkgrátt áklæði
247 × 195 × 82 cm.
187.493 kr. ~~249.990 kr.~~









Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



KARE TUDOR
Hægindastóll úr flaueli.
Blágrænn, silfurgrár eða svartur.
78 × 80 × 100 cm.
59.995 kr. ~~119.990 kr.~~

50%



YORK
Borðstofustóll. Svartur, brúnn eða dökkgrár.
18.893 kr. ~~26.990 kr.~~

30%



30%

CANNES
Hægindastóll, ýmsir litir.
139.993 kr. ~~199.990 kr.~~



40%

KARE BRISTOL
Hægindastóll, gulur, grænn eða rústrauður.
59.994 kr. ~~99.990 kr.~~



25%



VISTA
Skenkur með 6 hurðum.
183 × 43 × 90 cm. **104.993 kr.** ~~139.990 kr.~~

VISTA
Skápur með 4 hurðum.
105 × 43 × 180 cm.
157.493 kr. ~~209.990 kr.~~



50%

VALE
Armstóll. Ljósbrúnn eða svartur. **34.995 kr.** ~~69.990 kr.~~



30%

FOCUS
Skenkur. Gráolíuborin eik.
160 × 45 × 75 cm.
118.993 kr. ~~169.990 kr.~~



40%

MUUBS SPACE
Borðstofuborð. Eik. Ø150 cm.
227.994 kr. ~~379.990 kr.~~



20%

COUVIN
Glerskápur. Svart birki.
120 × 42 × 210 cm. **183.992 kr.** ~~229.990 kr.~~



ECLIPSE
Borðstofuborð. Grár askur.
200 × 110 × 77 cm.
209.993 kr. ~~279.990 kr.~~

25%



Nýr útsölubæklingur á www.husgagnahollin.is/baeklingar



HÚSGAGNA HÖLLIN

FIBA
BASKETBALL
WORLD CUP
QUALIFIERS

ÍSLAND
GEGN
HOLLANDI

LANDSLEIKUR Í KÖRFU
UNDANKEPPNI HM
KARLA

FÖS. 1. JÚLÍ
KL. 20:00

ÓLAFSSALUR,
ÁSVÖLLUM
HAFNARFIRÐI

MIÐASALA HAFIN Á
STUBB APPINU!

WWW.STUBBUR.APP



Mercedes-menn hafa átt í stökustu vandræðum með nýjustu reglur Formúlunnar . FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Allt of snemmt að tala um að Hamilton sé útbrunninn

Breski ökuþórinn Lewis Hamilton hefur átt erfitt uppdráttar það sem af er tímabils. Þegar rúmlega þriðjungur tímabilsins er að baki hefur hann aðeins einu sinni komist á verðlaunapall.

kristinnpall@frettabladid.is



Sviðsljósið beinist að Hamilton sem hefur ekki staðið undir væntingum og hefur áður daðrað hið hugmyndina um að hætta fyrr en síðar.

FORMÚLA 1 Sjöfaldi Heimsmeistarinn Lewis Hamilton hefur ekki verið sjálfum sér líkur í fyrstu mótum ársins í Formúlu 1. Hamilton og Mercedes áttu í stökustu vandræðum með flöktið í bílnum á misjafnri braut í Bakú um síðustu helgina sem virtist meiða Hamilton. Hann hefur klárað alla átta keppnirnar en ekki komist á verðlaunapall í síðustu sjö.

Toto Wolff, liðsstjóri Mercedes, þurfti að koma Hamilton til varnar þegar hann var spurður hvort að Hamilton væri tekinn að dala í samtali við erlenda fjölmiðla.

„Ég er ekki sammála að honum sé að dala. Hann er ennþá að mínu mati besti ökuþór allra tíma. Þú missir ekki hæfileikana á einni nóttu," sagði Wolff í samtali við Channel Four.

Kristján Einar Kristjánsson, lýsandi Formúlunnar á Viaplay og hlaðvarpsstjórnandi Pittsins, segir að það sé allt of snemmt að afskrifa Bretann. „Það er allt of snemmt að draga í efa hvort að neistinn sé ennþá þarna hjá Hamilton. Það er eðlilegt að menn eldist og það fjari undan þeim en tölurnar tala fyrir sínu. Það er synd að sjá hann í þessu basli, því maður vill sjá hann fara út með reisn hvenær sem það verður," segir Kristján, aðspurður hvort að þetta sé upphafið að endalokunum hjá Hamilton.

Staðreyndin er sú að bíllinn er ekki að standast væntingar og á Mercedes í stökustu vandræðum.

„Það er búið að sjást á köflum að bíllinn er mjög hraður, eins og í Barcelona, en þeir eiga erfitt með að ná að beisla hann. Í síðustu keppnum hefur verið keppt á götubrautum og um leið og brautin er óslétt eykst þessi hnýsun (e. portpoising). Þetta fer illa með ökuþórana, þetta stöðuga flökt sem er eins og öldugangur þegar þeir sitja í bílnum á þessum hraða."

Kristján var ekki viss um að lausnin væri í sjónmáli hjá Mercedes. „Ég er búinn að halda því fram að þegar Mercedes nær að leysa kraftinn úr læðingi þessa bíls verði hann algjört skrímsli, en ég er að verða svartsýnni á að þeim takist það. Ef það fer ekki að takast á næstunni er ég hræddur um að þeir kasti þessari hugmynd í ruslið og byrji upp á nýtt."

Sjöfaldi heimsmeistarinn var að gæla við að hætta á síðasta ári en er með samning út næsta ár.

„Það eru ákveðin spurningarmerki hjá Hamilton sem hafa engin áhrif á arfleið hans. Hamilton hefur verið að berjast við frábæra ökumenn í langan tíma og er einn af bestu ökuþórum allra tíma."

Hamilton hefur þurft að horfa upp á liðsfélaga sinn og landa, George Russell, gera mun betur.

„Þó að Russell sé að ná verðlaunasætum er mikilvægt að muna að hann er ekki bara efnilegur, heldur rosalega góður ökuþór." ■

Stríðsmennirnir safna titlum

kristinnpall@frettabladid.is



Fjórmenningarnir sem eiga stóran þátt í velgengnistímabili Warriors undanfarinn áratug.

NBA Golden State Warriors minnti á sig þegar kemur að umræðunni um bestu lið í sögu NBA-deildarinnar í körfubolta með því að landa fjórða meistaratitlinum á átta árum eftir sigur á Boston Celtics í úrslitum. Með því hafa fjórir leikmenn Warriors, Steph Curry, Klay Thompson, Draymond Green og Andre Iguodala unnið fjóra meistaratitla hver. Aðeins 26 leikmenn í sögu deildarinnar hafa unnið fleiri meistaratitla og ef heilsan leyfir skyldi engan undra að Warriors myndu bæta í safnið á næstu árum.

Meiðsli hafa sett strik í reikninginn hjá Warriors undanfarin ár og ef til vill komið í veg fyrir að titlarnir væru fleiri en fjórir. Eftir að hafa leikmenn úr meiðslum var ljóst að Golden State yrði meðal bestu liða deildarinnar.

Í ár vann Golden State sextán af 22 leikjum sínum í úrslitakeppninni á vegferðinni að titlinum og var Curry valinn verðmætasti leikmaður úrslitakeppninnar í fyrsta sinn á farsælum ferli. ■

KSÍ ánægt með frumraun bjórsölu á Laugardalsvelli

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Sala á bjór á Laugardalsvelli á leikjum karlalandsliðs Íslands í nýafstaðinni landsleikjatörn gekk mjög vel að sögn Stefáns Sveins Gunnarssonar, sviðstjóra markaðssviðs hjá Knattspyrnusambandi Íslands. Gríðarlega vel var tekið í þessa nýjung og án teljandi vandræða í kjölfarið.

Um sögulegan atburð var að ræða þegar bjór var til sölu á leik Íslands og Albaníu á mánudaginn í síðustu viku. Aldrei áður hafa almennir vallargestir Laugardalsvallar getað keypt sér bjór yfir landsleikjum Íslands þó svo að það hafi staðið til boða fyrir gesti í betri stofu Laugardalsvallar

Áhorfendur á Laugardalsvelli gátu svo aftur fengið sér bjór þegar íslenska liðið mætti Ísraelum fyrr í þessari viku. Athygli vakti að miðasala á fyrrnefndu viðureignina tók kipp eftir að fréttir bárust af því að



Tímamót áttu sér stað í leik Íslands og Albaníu þegar hægt var að kaupa sér bjór í fyrsta sinn á landsleik.

bjór yrði til sölu á vellinum í fyrsta sinn.

Stefán Sveinn Gunnarsson, sviðstjóri markaðssviðs Knattspyrnusambands Íslands, segir fyrirkomulag sölunnar hafa gengið mjög vel. „Þetta er vonandi bara byrjunin á því að við náum að bæta umgjörð á heimaleikjum á Laugaradalsvelli," sagði hann við Fréttablaðið.

Skiptar skoðanir hafa verið á því hvort að það eigi að selja bjór á landsleikjum Íslands. Sérfræðingar í forvörnum hafa til að mynda gagnrýnt ákvörðun KSÍ um að selja bjór á leikjum harðlega á meðan aðrir hafa kallað eftir því að geta keypt sér bjór á leikjum líkt og þekkist í flestum öðrum löndum heims.

Þó komu engin stórvægileg mál upp er sneru að ölvun vallargesta á Laugardalsvelli á leikjum karlalandsliðsins gegn Albönum og Ísraelum. Lögreglan hafði töluverðan viðbúnað á leikjunum. ■



Stelpurnar okkar eru á leiðinni á sitt fjórða Evrópumót í röð.

Tíunda besta þjóð Evrópu fyrir EM

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Kvennalandsliðið í knattspyrnu færir sig upp um eitt sæti upp í 17. sæti á nýjasta styrkleikalista FIFA sem gefinn var út í gær. Sigur Íslands á Tékkum og Hvít-Rússum í apríl kemur Íslandi yfir Suður-Kóreu og eru Stelpurnar okkar rétt á eftir Kína í 16. sæti.

Belgar, fyrsti andstæðingur Íslands á EM, eru í nítjánda sæti listans.

Andstæðingar Íslands á EM, Frakkar og Ítalir, eru fyrir ofan Ísland á listanum en Belgar eru tveimur sætum á eftir Stelpunum okkar. ■



Hannes Þór lék á sínum tíma 77 landsleiki. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Dregur hanskana fram úr hillunni

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Hannes Þór Halldórsson er búinn að taka hanskana úr hillunni og gekk í gær til liðs við Víking. Hannes tilkynnti á dögunum að leikmannaferlinum væri lokið en hann verður til taks sem varamaður fyrir Þórð Ingason í næstu leikjum Víkings.

Víkingar fengu undanþágu hjá KSÍ til að semja við nýjan markmann eftir að Ingvar Jónsson meiddist í landsleikjahléi og Uggi Auðunsson, markvörður annars flokks liðsins, meiddist og var Hannes tilbúinn í slaginn. Hannes er leikjahæsti markmaður karlalandsliðsins frá upphafi og varði mark Íslands á EM og HM. Hann á að baki 205 leiki í efstu deild. ■

KPMG

Framtíð rafmynta

Morgunfundur KPMG um rafmyntir og þróun þeirra til framtíðar.

Á fundinum munu sérfræðingar KPMG, Visku Digital og Monerium fjalla um mikilvæg málefni sem tengjast fjárfestingum í rafmyntum, notkun þeirra sem greiðslumiðill og áhættu frá ýmsum hliðum.



Eðli rafmynta
Sigurvin B. Sigurjónsson,
verkefnastjóri á ráðgjafarsviði KPMG



Greiðslumiðlun með bálkakeðjum
Gísli Kristjánsson,
meðstofnandi og tæknistjóri Monerium



Rafmyntir sem fjárfesting
Daði Kristjánsson,
framkvæmdastjóri Viska Digital Assets



Rafmyntir, álitamál og áskoranir
Björg Anna Kristinsdóttir,
lögfræðingur hjá KPMG Law



Fundarstjóri
Sigríður Soffía Sigurðardóttir,
partner hjá KPMG

Pallborðsumræður verða í lok fundar þar sem Dr. Ásgeir Brynjar Torfason, sérfræðingur í fjármálum ásamt þeim Gísla Kristjánssyni, Daða Kristjánssyni og Björgu Önnu Kristinsdóttur munu ræða nánar um efni fundarins.

Þriðjudaginn 21. júní á Hótel Reykjavík Natura frá 8:30 til 10. Boðið verður upp á kaffi og létta morgunhressingu.

Skráning á fundinn á kpmg.is eða með QR flýtileið



BJORK@FRETTABLADID.IS

Þjóðhátíðarmórall

Þá er sjálfur þjóðhátíðardagurinn, nýafstaðinn og var haldið upp á 78 ára afmæli lýðveldisins með hátíðarhöldum um allt land. 17. júní barnæskunnar er gleðilegur og þó svo að í minningunni sé hann yfirleitt blautur kom það ekki að sök. Fánar, sleikjó, blöðrur og rellur, skrúðgöngur, skemmtiatriði og prúðbúið fólk er það sem stendur upp úr þegar ég horfi til baka.

Þar sem ég var heima í gær, á sjálfan 17. júní, að taka til í geymslunni, hugsaði ég með mér að þetta gengi ekki. Ég, sem hafði ákveðið að forðast mannmergð miðbæjarins af ótta við langar raðir og skort á bílastæðum, skammaðist mín. Auðvitað á maður að halda upp á þjóðhátíðardaginn, fagna sögunni og hugsa til forfeðranna, hitta samlanda og gleðjast saman.

Á næsta ári býð ég til veislu og skreyti með fánaveifum, tek á móti fjölskyldu og vinum, býð þeim upp á brauðtertu, randalínu og flatkökur með hangikjöti með Ísland ögrum skorið í botni, helst íklædd upphlut! Talandi um það, eins gott að skrá mig þá strax á saumanámskeið hjá Annríki.

Til hamingju með gærdaginn, samlandar! ■

> Til hamingju með gærdaginn samlandar!

Við mælum með

Eldstó á Hvolsvelli
Núna þegar höfuðborgarliðið fer unnvörpum út fyrir þægindamörkin og kemur sér fyrir í fellihýsum og húsbílum úti á landi er ekki úr vegi að velta fyrir sér góðum veitingahúsum hringinn í kringum landið. Og er þar af nægu að taka. Eldstó á Hvolsvelli er einn þeirra, kjötsúpan sú besta á landinu, takk fyrir.





Gítarmanni
Gítarmaður: Útvarpsþáttur um Kristján Eldjárn var fluttur í gær á þjóðhátíðardaginn og er nú aðgengilegur í spilara RÚV. Kristján vakti mikla athygli fyrir gítarleik sinn í kringum síðustu aldamót en lést árið 2002 úr krabbameini, tæplega þrítugur að aldri. Höfundur þáttarins er Unnur Sara Eldjárn, dóttir Kristjáns og umsjónarmaður er Brynhildur Björnsdóttir, ein af hans bestu vinum. ■





Hljómsveitin LÓN og Snorri Helgason leiða saman hesta sína á KEX í kvöld.

LÓN og Snorri á KEX

bjork@frettabladid.is

Í kvöld, laugardagskvöld, munu á KEX hostel leiða saman hesta sína hljómsveitin LÓN, sem samanstendur af hinum ástsælu tónlistarmönnum Valdimar Guðmundssyni, Ásgeiri Aðalsteinssyni og Ómari Guðjónssyni, og tónlistarmaðurinn Snorri Helgason.

Meðlimir sveitarinnar LÓNS kalla sig sveitapabba í útlegð í úthverfunum en vegna heimsfaraldurs var fyrsta plata þeirra, Thankfully Distracted, sem kom út í síðasta mánuði, tekin upp í bílskúr í Garðabæ og bústað við Þingvallavatn. Einangrunin hafði áhrif á hljóm plötunnar og er tónlistin lágstemmd þannig að laglína og textar fá að njóta sín.

Sveitin mun leika efni af plötunni sem er undir einhvers konar áhrifum frá þjóðlagatónlist á meðan Snorri Helgason mun leika efni af plötum sínum tveimur sem síðar í sumar munu koma út á einni vínylplötu sem heitir Víðihlíð. ■



Emilíana hér á milli þeirra Aarich Jespers og Kobe Proesmans úr The Colorist Orchestre. MYND/HELGA RAKEL

Alls konar rugl og bjútí

Emilíana Torrini hefur verið á trylltu ferðalagi við að leita aftur að neistanum sem hafði horfið henni um hríð. Hann fann hún með því að hoppa algjörlega út úr kassanum í tónlistinni og jafnframt aðskilja húsmóðurina og poppstjörnuna. Nú finnst henni hún geta allt.

bjork@frettabladid.is



Emilíana kom sér í alls konar rugl og alls konar bjútí. MYND/CLAIRE PEPPER

Á morgun, sunnudagskvöld, stígur Emilíana Torrini á svið Eldborgar ásamt belgísku hljómsveitinni The Colorist Orchestra sem hún hefur unnið með undanfarin ár, en upphaf þess samstarfs má rekja til téðs ferðalags sem Emilíana lagði upp í tónlistarlega séð.

„Þegar ég var að túra eftir síðustu plötu fann ég hvernig ég var orðin hundleið á þessu öllu saman," segir Emilíana, en tilfinningin helltist yfir hana um það bil tveimur árum eftir að platan Tookah kom út, eða í kringum 2015.

Naut þess ekki að túra
„Ég naut þess ekkert að gera tónlist eða syngja „live". Mér fannst erfitt að fara frá stráknum mínum og var farin að hugsa uppi á sviði hvort maðurinn minn hefði nokkuð hent fínu bleiku peysunni minni í þvottavélina. Ég sem hafði lofað sjálfri mér að ef ég kæmist einhvern tíma á slíkan stað þá myndi ég hætta."

Emilíana stóð við það og hætti að túra. „Mér fannst ég aftur þurfa að upplifa þessa himnatilfinningu þegar ég heyri eitthvað."

Það var svo símtal frá þýskum tónlistarmanni sem vildi gera útgáfu af tónlist Emilíönu með kvintett, sem varð vendipunktur.

„Ég sagði bara: „Gerðu bara það sem þig langar og ég kem og syng. Þegar ég svo mætti tók við mér „experimental" djasshljómsveit, en ekki kvintettinn sem talað hafði verið um. Ég var ekki alveg í stuði til að henda mér út í svona lagað en fannst þetta svo fyndið og skemmtilegt að ég ákvað að taka þátt og segja í framhaldi já við öllum sem hefðu samband við mig. Fólk myndi velja úr lögunum mínum, gera það sem það vildi og ég kæmi svo og syngi. Ég gerði þetta í þrjú ár og kom mér í alls konar rugl og alls konar bjútí," rifjar hún upp hlæjandi.

Bissnessinn dró hana niður
„Ég þurfti að fara út úr bissnessinum sem var að draga mig niður. Á þessum tíma hafði The Colorist Orchestra samband við mig og ég sagði það sama við þau og við stefndum á fimm gigg," segir Emilíana sem tók þessari bón rétt eins og hinum og undirbjó sig ekkert. „Þegar ég kom út til Belgíu tók á móti mér míní-orkestra með heimagerð hljóðfæri, það var búið að leggja mikið í þetta svo ég þurfti bara að vera með heyrnartól í þrjá daga og læra lögin sem þau voru búin að búa til sínar útgáfur af."

Samstarfið gekk það vel að ákveðið var að gefa út live plötu og túruðu þau Emilíana og hljómsveitin saman í lengri tíma. „Svo ákváðum við að prófa að semja lög saman og gefa út á plötu."

> Nú er ég ekkert að setja mig niður lengur eða með svipuna á sjálfri mér.
>
> Emilíana Torrini

Spenntust að spila heima
Sú tónlist verður flutt á tónleikunum annað kvöld í bland við eldra efni. Eftirvæntingin leynir sér ekki enda segist Emilíana alltaf spenntust fyrir því að koma heim að spila. „Þetta samstarf hefur verið ástríða mín í svolítið mörg ár en fjölskylda mín og vinir hafa enn ekki séð mig með orkestrunni."

Aðspurð um tónlistina segir Emilíana þau fara á alls konar staði í þeim efnum.

„Tónlistin æðir úr myrkri í rómantíkina en er yfirleitt leitandi. Ég á eftir að hugsa hvað við erum."

Sveitin æfði öll saman lögin af plötunni í fyrsta sinn fyrir nokkrum vikum enda hefur Covid sett verulegt strik í reikninginn.

„Ég er fegin að hafa tekið þessi æfingagigg því maður finnur hvað það er erfitt að stíga aftur á svið. Það er svolítið eins og maður sé eldgamall og að koma út úr starfslokum og að reyna að átta sig á því hvort maður eigi sér pláss í þessum nýja heimi."

Lítið sem hræðir mig
Emilíana hefur sannarlega aftur fundið neistann og vinnur nú að eigin plötu ásamt fleiru. „Ég fann neistann þegar ég fór á þetta tryllta ferðalag. Ég er impúlsíf af náttúrunnar hendi en var komin í kósígallann. Ég þurfti að henda mér í djúpu laugina og fara í næstum því hættulegar aðstæður fyrir mig. Það er lítið sem hræðir mig eftir þetta, mér finnst ég geta allt."

Nú hefur Emilíana sett strönga skil á milli vinnu og heimilis og fer eina viku í mánuði til Bretlands til að semja.

„Ég fann að mér gekk illa að skipta mér á milli þess að vera húsmóðir og poppstjarna," segir Emilíana og hlær. „Ég elska bæði en á erfitt með að skipta mér á milli í daglegu lífi. Það hentar mér vel að fara utan í viku mánaðarlega og vera þá í svona „hyper focus." Ég blanda þessu illa saman og finnst betra að skilja í sundur. Ég brugga heima og nýt mín þar og nýt þess svo í botn að fara út og vera frjáls. Nú er ég ekkert að setja mig niður lengur eða með svipuna á sjálfri mér. Ég er sallaróleg og báðir staðirnir eru hamingjustaðir." ■


Þinn árangur
Arion



Logi hefur setið lengst allra á formannsstóli í tuttugu og tveggja ára sögu Samfylkingarinnar, „sem líklega enginn átti von á," hnykkir hann sjálfur á. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ég verð vinstri bakvörður, sóknarþenkjandi

Logi Már Einarsson hefur ákveðið að hætta formennsku í Samfylkingunni og mun ekki bjóða sig fram í forystusæti flokksins á landsfundi hans í haust. Hann er þó ekki að kveðja pólitíkina og heldur áfram sem óbreyttur þingmaður. Hér gerir hann upp formannstíðina og fleira til í einlægu og líflegu viðtali að hans eigin hætti.

Sumarið hefur sest að í andliti Loga Más Einarssonar þar sem ég hitti hann vestur á Seljavegi í Reykjavík á heiðríkum júnídegi, en heita má að sólin strái silfri á skalla þessa lífsglaða manns þegar við snörumst utan af gangstéttinni og Logi lýkur upp dyrunum að litlu íbúðinni sinni í gula húsinu við götuna, en það er afdrep hans í Reykjavík.

„Kannski enginn Garðabæjargelmir," hefur hann á orði um þessi híbýli sín, „en nóg fyrir strák að norðan," bætir hann við, léttur í lyndi, þegar hann sest á móti gömlum granna sínum af Syðri-Brekkunni á Akureyri, en báðir mega nú heita miðaldra og hafa skotið misjafnlega sterkur rótum í Reykjavík, hann þó sýnu veikari en sá sem hér heldur á penna.

> Ég beið eftir hentugu tækifæri til að greina frá ákvörðun minni og núna er það runnið upp, með góðum fyrirvara fyrir landsfundinn í haust.

Allt í kringum borðstofuborðið eru fögur og litrík málverk eftir son hans, Úlf, sem nemur nú list sína í þýskri borg – og þegar við blimskökkum augunum yfir þessi litríku portrett sonarins, sterklega strokin, kemur ósjálfrátt upp í huga manns að í ættboga Loga erfist listin í beinan karllegg, en Einar Helgason, faðir Loga, var rómaður listmálari á Akureyri á sinni tíð.

„Ég hefði getað valið myndlistina, vissulega," segir sonur Einars úr Norðurbyggðinni, „en ég er rola sem vildi hafa vaðið fyrir neðan mig og valdi arkitektúrinn af praktískum ástæðum," bætir hann við og minnir á að alla sína tíð hafi hann átt auðveldara með að teikna en skrifa, eilíflega hafi hann verið að rissa, hvar sem hann hafi borið niður, hugsi frekar í myndum en orðum.

Stóð ekki til að vera formaður lengi

Við horfumst sem snöggvast í augu eftir að hafa notið mynda Úlfs um stund – og í tilviki spyrilsins liggur beinast við að nota tækifærið og spyrja formanninn að því augljósa, af hverju hann sé að yfirgefa forystustólinn?

„Það stóð aldrei til af minni hálfu að vera lengi í þessu," svarar Logi og á við formennskuna, en það er til merkis um örlög norðanmannsins að hann hefur setið lengst allra á formannsstóli í tuttugu og tveggja ára sögu Samfylkingarinnar, „sem líklega enginn átti von á," hnykkir hann á – og brosið, eins og stundum áður, nær auðveldlega til augnanna.

„Það var augljóst eftir þingkosningarnar síðastliðið haust að flokkurinn uppskar ekki það sem liðsmenn hans vonuðust eftir og mér fannst þá gefið að ég myndi axla mín skinn," segir Logi og kveðst hafa tekið ákvörðun sína á þeim tíma – og hún hafi verið jafn einföld og hún var auðveld. „Ég ætlaði að hætta strax, en ég var hvattur til að bíða með þá ákvörðun, að minnsta kosti um sinn."



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Nú er umþóttunartíminn að baki. „Ég beið eftir hentugu tækifæri til að greina frá ákvörðun minni og núna er það runnið upp, með góðum fyrirvara fyrir landsfundinn í haust. Sumarið er að byrja – og þetta er rétti tíminn fyrir mig til að segja frá því að ég sé að hætta formennsku og þetta er líka rétti tíminn fyrir flokkinn til að undirbúa nýja forystu," segir hann einbeittur.

Hann kveðst kveðja sáttur, „alveg afskaplega sáttur," segir hann ákveðið og leggur áherslu á það með hreyfingu handa sinna. „En ég er auðvitað að axla ábyrgð. Við skulum ekkert horfa fram hjá því. Ég er að hætta sem formaður af því að ég er sannfærður um að aðrir geti gert betur en ég," segir Logi og kveðst engu að síður geta horft stoltur um öxl.

„Mér finnst mér hafa tekist ágætlega upp í leiðtogahlutverkinu – og ef ég á að vera alveg ærlegur þá hefur mér tekist bara býsna vel að halda hópnum saman. Ég hef alltaf haft það að leiðarljósi í starfi og leik að virkja fólkið í kringum mig, enda finnst mér samvinna og samstarf alltaf skila betri árangri en að hlaða völdunum í kringum sig og hleypa helst engum öðrum að ákvarðanatökunni. Þannig hef ég aldrei viljað vinna," segir Logi og það er sem honum sé hlaupið kapp í kinn.

> En ég er auðvitað að axla ábyrgð. Við skulum ekkert horfa fram hjá því.

Kallaður útfararstjóri Samfylkingarinnar

Hann settist á þing fyrir Samfylkinguna árið 2016 eftir að flokkurinn hafði goldið sögulegt afhroð í alþingiskosningunum þá um haustið, en pólitískur ófriður hafði geisað í landinu vegna leka á gögnum úr skattaskjólum sem endaði með sögufrægri afsögn forsætisráðherra og stjórnarkreppu.

Samfylkingin fékk aðeins þrjá þingmenn kjörna í landsbyggðarkjördæmunum, engan í Reykjavík og nágrenni – og af þessum þremur þingmönnum var Logi, oddvitinn í Norðausturkjördæmi, sá eini af þeim sem var kjördæmakjörinn. Lægra gat risið ekki orðið á flokknum sem örfáum árum áður státaði af tuttugu þingmönnum.

Og svo lágt var það reyndar að gamalreyndur þingmaður Vinstri grænna sá svo miklar aumur á fámennum þingflokki Samfylkingarinnar að hann bauð honum að sameinast þingflokki sínum. „En ég sagði nú bara takk, en nei takk," segir Logi og það færist kunnuglegt glott yfir varir hans.

Þremenningunum hafi meira að segja verið boðið að fylgja með í pakkanum í næstu ríkisstjórn og starfa þar með Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki og Vinstri grænum, „en ég sá nú bara strax fyrir mér teikningu Halldórs af fjórflokknum í Fréttablaðinu," segir Logi og kveðst hafa metið þetta tilboð eins og hvert annað grín, þá nokkurra vikna gamall formaðurinn.

„Ég var kallaður útfararstjóri Samfylkingarinnar þegar ég tók við formennskunni af Oddnýju G. Harðardóttur sem hafði strax sagt af sér eftir kosningaúrslitin og átti eftir að reynast mér afskaplega vel," segir Logi þegar hann rifjar upp þessa umbrotatíma, en hann var varla tekinn við sem varaformaður flokksins að hann var orðinn formaður hans í desember á þessu undarlega kosningaári.

Ekki hafði hann órað fyrir því hlutverki nokkrum mánuðum áður. „En fyrst ég var orðinn formaður svona óvænt hugsaði ég með sjálfum mér, það er ekkert annað að gera en að spýta í lófana, þetta er alvöru verkefni og ég tek það alvarlega, mjög alvarlega."

Og eftirleikinn þekkja menn. „Núna spá engir Samfylkingunni dauða, heldur spyr fólk sig þeirrar eðlilegu spurningar af hverju flokkurinn sé ekki með að minnsta kosti tuttugu prósenta fylgi. Svarið við því er einfalt, hann á að geta orðið slíkur flokkur, enda hefur hann alla burði til þess, en einn lykillinn að því er að hann fái nýtt blóð í forystuna," segir Logi og lemur hæfilega fast í borðið – og það er greinilegt að honum er meira umhugað um hreyfingu jafnaðarmanna en eigin hag í pólitíkinni.

Ég færi mig til á vellinum

Hann kveðst hlakka til þess að gerast óbreyttur þingmaður – og vel að merkja, það er ekkert fararsnið á honum úr þinginu, enda iðar hann enn í sínu pólitíska skinni. „Ég hlakka til þess frelsis að vinna að mínum pólitísku málum sem fótgönguliði. Það fylgja því ákveðnar skyldur að leiða stjórnmálaflokk og þar hefur maður einkum það hlutverk að miðla sameiginlegri sýn flokksmanna. Eftir að formennskan verður að baki á ég væntan- »

Upplýsingatækni í mannvirkjagerð

Hagnýtt nám fyrir fólk í byggingariðnaði

Upplýsingalíkön mannvirkja (BIM – Building Information Model) gera aðilum í byggingariðnaði mögulegt að nýta möguleika upplýsingatækni á sviði hönnunar, framkvæmda og reksturs, með úrbætur og gæði að leiðarljósi.

Í þessu hagnýta diplómanámi hjá iðn- og tæknifræðideild Háskólans í Reykjavík öðlast nemendur reynslu, þekkingu og færni í að leysa flókin og þverfagleg vandamál í mannvirkjagerð og stjórna verkefnum í BIM-umhverfi.



Námið hentar sérstaklega vel þeim sem starfa nú þegar í byggingariðnaði og við mannvirkjagerð. Má þá nefna sérstaklega byggingarstjóra, byggingariðnfræðinga, tæknifræðinga, verkfræðinga, arkitekta og byggingafræðinga. Námið hentar einnig þeim sem vilja sérhæfa sig í þeim stafrænu umbreytingum er nú eiga sér stað í atvinnulífinu. Námið er 30 ECTS-einingar og tvær annir.

Umsóknarfrestur 2022 er til 24. júní.

Rekstrarfræði

Nytsamlegt diplómanám í rekstri og viðskiptum

Einstaklingar með iðnmenntun, starfsreynslu og þekkingu á rekstri fyrirtækja eru eftirsóttir í atvinnulífinu. Diplómanám í rekstrarfræði er stutt og hagnýtt rekstrar- og viðskiptanám, sérstaklega sniðið að einstaklingum á vinnumarkaði.




Námið miðar að því að auka færni þeirra sem vilja koma að rekstri og stjórnun, þeirra sem eru í fyrirtækjarekstri eða hyggjast fara út í rekstur.

Í diplómanáminu hljóta nemendur almenna þekkingu og skilning á undirstöðuatriðum í fjármálum fyrirtækja, hagfræði, fjármálastjórn, rekstrargreiningu, nýsköpun og stofnun fyrirtækja og mannauðsstjórnun. Lögð er megináhersla á að nemendur vinni hagnýt, raunhæf verkefni sem byggja á þekkingu kennara úr atvinnulífinu og auka hæfni nemenda á þessum sviðum. Námið er 45 ECTS-einingar og þrjár annir.

Umsóknarfrestur 2022 er til 24. júní.

Báðar þessar námsleiðir eru kenndar við Iðn- og tæknifræðideild Háskólans í Reykjavík. HR útskrifar flesta nemendur í tæknigreinum á háskólastigi á Íslandi. Í tæknináми við HR er lögð sérstök áhersla á verklega hluta námsins við kennslu undirstöðugreina og hagnýtra fag- og tæknigreina.



1. sæti
háskóla í heiminum þegar horft er til tilvitnana í vísindagreinar eftir starfsmenn *

53.
besti ungi háskóli í heimi *

301. - 350. sæti
yfir bestu háskóla í heiminum *

Háskólinn í Reykjavík hefur haslað sér völl sem öflugur rannsóknaháskóli á alþjóðavísu og stenst samanburð við erlenda háskóla í fremstu röð. Fræðifólk HR hefur náð framúrskarandi árangri og birtir niðurstöður í alþjóðlegum, ritrýndum tímaritum.

HR er eftirsóknarverður vinnustaður fyrir jafnt nemendur sem starfsfólk og þar er lögð áhersla á fyrsta flokks aðstöðu í nærandi umhverfi, persónuleg samskipti, framsæknar kennsluaðferðir og nútímalega starfshætti.

*Samkvæmt lista Times Higher Education



Þegar talið berst að því hvernig formann flokkinn vanti, svarar Logi sposkur að bragði: „Öðruvísi mann en mig.“

Ég hef notið ótrúlega mikils velvilja í flokknum og furðulega mikillar þolinmæði, verð ég nú að segja, í ljósi þess að ég er gallagripur og get verið fljótfær og hvatvís.

» lega auðveldara með að tala út um mína pólitík. Og starfa meira á heimavelli í mínu kjördæmi. Ég færi mig til á vellinum, fyrirliðinn breytist í vinstri bakvörð, en vel að merkja, mjög sóknarþenkjandi,“ segir hann og meinar það, en það má lesa tilhlökkun úr andliti þessa fráfarandi formanns Samfylkingarinnar, sem, já, hefur setið þar manna lengst.

Við tölum um mistök hans á formannsstóli – og Logi er ekki tregur til svars enda megi það heita sammannlegt að gera mistök, stór og smá.

„Það er þannig í lífi og starfi formanns í stjórnmálaflokki að hann verður að taka af skarið án þess að hann sjái endilega lyktirnar fyrir. Og þó að ákvörðunin á einum tíma leiði ekki til þeirra niðurstöðu sem vænst var, þá hefði sennilega verið verra að heykjast á henni. Aðalatriði er að taka ákvörðunina og vera ekki hræddur við hana,“ segir hann og lyftir höfði, íbygginn.

Og þegar gengið er á hann með þeim orðum að Samfylkingin hafi færst full mikið til vinstri í hans formannstíð, þvertekur hann fyrir að svo hafi verið, enda hafi það fyrst og fremst verið pólitíkin sjálf sem hafi verið að færast til hægri.

„Utanaðkomandi áhrif kalla hins vegar á róttækari lausnir en nokkru sinni og það á ekki aðeins við um loftslagsmálin heldur ekki síður öfluga samneyslu sem hefur aldrei verið mikilvægari.“

Hann segist ekki hafa verið beittur þrýstingi til að stíga niður af formannsstóli, ekki nokkru sinni. „Ég hef notið ótrúlega mikils velvilja í flokknum og furðulega mikillar þolinmæði, verð ég nú að segja, í ljósi þess að ég er eflaust gallagripur og get verið fljótfær og hvatvís.“

Og þegar hann er inntur eftir því hvort hann hafi verið umdeildur innan eigin flokks, stendur heldur ekki á svari eftir að brosið færist yfir kinnarnar. „Svei mér þá, ég held ekki,“ og hann skellir upp úr, svo lengi að full ástæða er til að ganga á lagið og spyrja hvort hann haldi að hann hafi verið ástsæll foringi – og þá fórnar hann höndum. „Nei, ekki láta mig svara þessu.“

Og þar við situr.

Það þarf öðruvísi mann en mig

Talið berst að því hvernig formann flokkinn vanti. „Öðruvísi mann en mig,“ svarar hann sposkur að bragði. Hans hlutverk hafi verið að halda flokknum á floti við mjög flóknar aðstæður, efla samheldni innan flokksins, þétta raðir og hlúa að vináttu. „Og ég held að mér hafi að mörgu leyti tekist að halda sjó ásamt því góða fólki sem hefur verið með mér í forystu flokksins og starfsmönnum hans.“

Hann segir að Samfylkingin þurfi á næstu árum að hafa formann í brúnni sem hafi óbilandi trú á sjálfum sér, „en það hef ég nú ekki alltaf haft,“ bætir hann við, ærlegur, enn sem fyrr. „Mundu,“ segir hann, „að ég sóttist ekki eftir formennskunni, en fékk hana í fangið. Og þótt ég sé óhræddur og vanur við að takast á við flókin og erfið verkefni er ég ekki endilega viss um að mér hafi verið ætlað að halda lengi um valdataumana í flokknum.“

En hann hafi vissulega notið þessa tíma sem er orðinn hálft sjötta ár og gott betur. „Hann hefur gefið mér tækifæri til að vera í miklum samskiptum við fólk af öllu tagi. Það er súrefnið sem ég þarf. Það er súrefnið sem ég hef alltaf þurft. Og þótt ég geti nú alveg þrifist í samneyti við sjálfan mig og einveruna þá eflist ég miklu fremur við það að vera innan um sterkt og afgerandi fólk, jafnt í Samfylkingunni og öðrum flokkum. Það er svo nærandi að geta notið sín í breiðum hópi fólks sem hefur ólíkar skoðanir. Og formennskan hefur heldur betur veitt mér það tækifæri.“

Fátt segir hann einmitt mikilvægara í pólitík en að virða skoðanir annarra. „Umburðarlyndi er svo mikilvægt, það hefur alla ævina verið að kenna mér eitthvað nýtt – og án þess væri lífið, held ég, óbærilegt.“

Gott og vel, hefur spyrillinn næst á orði, fyrst flokkinn vanti öðruvísi formann, þá liggi beinast við að spyrja, hvern?

„Það er ekki mitt að segja það,“ og Loga er bent á að láta ekki svona. „Jæja,“ svarar hann strax og kveðst sjá tvo til þrjá einstaklinga innan flokksins sem geti gert góða hluti.

Og hverjir eru það, er hann spurður að bragði?

„Er það ekki nokkuð augljóst,“ og nú birtist gamla Norðurbyggðarglottið á vörum hans, sem hefur blessunarlega aldrei elst af honum.

Breikka þarf ásýnd flokksins

Og það þarf víst að skipta um umræðuefni, enda ætlar viðmælandinn ekki að gefa upp kennitölur þessara „augljósu“ eftirmanna sinna, en það er auðvitað hægt að inna væntanlegan forvera þeirra eftir því hvert þeir eigi að fara með flokkinn.

„Ef flokkurinn ætlar sér að stækka og það þarf hann að gera, sjálfs sín vegna og þjóðarinnar, þá verður hann að breikka ásýnd sína,“ svarar Logi að bragði. „Hann þarf að hlúa að umburðarlyndinu innan eigin raða. Og hann þarf að ná aftur eyrum alls venjulegs og vinnandi fólks á sama tíma og hann má ekki hverfa frá grunngildum sínum um jöfnuð og réttlæti, öllum til handa, en vel að merkja – og skrifaðu þetta með feitu letri,“ segir Logi og bendir á skrifblokk pennahafans, „jafnaðarstefnan er lífsspursmál fyrir þjóðina, enda sýna allir mælikvarðar fræðimanna að því meiri sem jöfnuður er í samfélaginu því betri er líðan þess.“

Og hann fylgir því eftir að orðin séu skrifuð á sannfærandi máta í blokkina, harla ánægður þegar þau eru komin á blað, en flýtiskriftin hugnast honum, rissið hefur alltaf verið honum að skapi, unga listamanninum sem þorði ekki að tefla á tvísýnu listnáms, en hélt þess í stað utan til að læra að teikna hús og híbýli.

„Veistu,“ segir hann, „að svo kemur það bara í ljós í mínu lífi að stjórnmálin eru eins og arkitektúr og arkitektúrinn er eins og stjórnmálin,“ og það lifnar yfir honum. „Hlutverk arkitektsins er að fá hugmyndir og gera þær að veruleika eftir að hafa tekið tillit til óteljandi margra þátta,“ og nú er hann sjálfur farinn að rissa með fingrunum í borðstofuborðið á Seljavegi.

„Þetta er pólitíkin í verki – og ég var því kannski harla vel búinn undir þennan nýja kafla í lífi mínu sem pólitíkin var á sínum tíma eftir að hafa setið lungann úr starfsævinni við teikniborðið heima á Akureyri.“

Ég hefði getað valið myndlistina, vissulega, en ég er rola sem vildi hafa vaðið fyrir neðan mig og valdi arkitektúrinn af praktískum ástæðum.

Þakklætið skiptir svo miklu máli

Við stöndum upp frá borði, höldum að nóg sé komið af spjalli, en ósjálfrátt reikum við yfir að borðstofugluggunum sem veit út að bakgarðinum. „Lífið er ekki allt í forgarðinum, vinur minn,“ segir Logi og hugsunin kallar á spurningu, hvern mann hann hafi eiginlega að geyma, altso í bakgarðinum.

„Ég er svolítill sullukollur,“ segir hann og horfir dreyminn yfir biðukollurnar aftan við húsið. „Ég hef gaman af lífinu. Ég er jafn hrifnæmur og ég er viðkvæmur. En öðru fremur hef ég áhuga á því fallega,“ svarar hann og horfir enn á garðagróðurinn bærast í sumarþeynum.

„Og ég get þakkað fyrir svo margt, gleymdu því ekki, þakklætið skiptir svo miklu máli og virðingin fyrir því sem maður hefur þó fengið upp í hendurnar, foreldrana mína, Einar og Ásdísi, konuna mína Öbbu og börnin okkar tvö, Úlf og Hrefnu sem bæði eru listhneigð, hann að mála og hún að spila á gítar og syngja,“ og hann kveðst hlakka til að geta verið meira í samvistum við þau, en hann hefur æði margar vikurnar og enn þá fleiri helgarnar verið í fjarbúð með Öbbu sinni, Arnbjörgu Sigurðardóttur héraðsdómara.

„Ég hef verið heppinn í lífinu. Ég elst upp á heimili þar sem hvorki var skortur né peningar. Ég var tíu ára þegar ég áttaði mig á því hvað raunveruleg fátækt er, en þá bauð félagi minn úr fótbolta mér heim til sín. Og af því að við vorum báðir svangir þá kíkti hann inn í ísskápinn. En hann var tómur. Hann var galtómur. Þessi minning gerði mig að jafnaðarmanni,“ og að þeim orðum sögðum skottumst við út á skör og við kveðjumst að hætti gamalla vina að norðan, með þéttu faðmlagi.

„En já, ég hef verið heppinn,“ segir hann að lokum. „Ég hef varla skorið mig á fingri.“ ■


ICEWEAR
50 ÁRA
síðan 1972
ICE WEAR
ICEWEAR
ICELAND
www.icewear.is

Tapaði alltaf fyrir litla bróður í slag

Það dylst ekki þegar rætt er við fólk sem þekkir Einar Þorsteinsson persónulega að þar fer maður með mikið keppnisskap. Honum er lýst sem fylgnum sér og sanngjörnum enda fyrirgaf hann jafnvel litlu bræðrum sínum að klessukeyra bíla hans á menntaskólaárunum, oftar en einu sinni.

bjork@frettabladid.is

Nærmynd

Einar Þorsteinsson

Fæddur: 24. desember 1978
Maki: Milla Ósk Magnúsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra
Börn: Þrjú
Menntun: BA í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands

Einar Þorsteinsson tekur við sem borgarstjóri í Reykjavík í byrjun árs 2024. En hver er maðurinn sem þjarmað hafði að viðmælendum Kastljóssins svo eftir var tekið en kom eins og stormsveipur inn í forystu Framsóknarflokksins í mars og leiddi flokkinn til fordæmalauss árangurs í sögu flokksins sem skilaði honum og þremur öðrum frambjóðendum í borgarstjórn?

Sunna Valgerðardóttir fréttakona kynntist Einari þegar hún hóf störf á RÚV árið 2013. „Hann tók mér mjög vel og var mjög áberandi sem kemur kannski lítið á óvart, svo það var erfitt að hunsa nærveru hans. Við urðum mjög fljótt góðir vinir og samstarfið var alltaf gott – þó við ættum það alveg til að öskra hvort á annað þá risti það aldrei djúpt."

Halldór Þorsteinsson, litli bróðir Einars, er yngstur í fjögurra systkina hópi þar sem Einar er næstelstur. Systkinin ólust upp í foreldrahúsum við Sæbólsbrautina í Vesturbæ Kópavogs og var mikið líf á stóru heimili. Foreldrar þeirra eru Soffía Ingibjörg Guðmundsdóttir, verkefnastjóri á Landspítala, og Þorsteinn Einarsson lögfræðingur.

„Við Einar höfum alla tíð verið nánir vinir þótt sjö ár séu á milli okkar," segir Halldór en bætir við að systkinin séu öll náin. „Elst er systir okkar, svo komum við þrír bræður, svo það var oft mikill skarkali á heimilinu en hann átti aldrei roð í mig í áflogum á milli okkar bræðra," segir Halldór og hlær. „Hann hefur alltaf verið mér mikil fyrirmynd og ég litið upp til hans. Hann passaði okkur litlu bræðurna og hélt yfir okkur hlífiskildi. Svo lánaði hann okkur bílana sína á menntaskólaárunum og ég veit ekki hversu oft við klessukeyrðum þá. Aldrei skorti þó traustið þegar hann fékk sér nýjan bíl," rifjar hann upp og virðist enn hissa.

Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar, kynntist Einari í stjórnmálafræðinni upp úr aldamótum og heyrast þeir vinirnir enn daglega.

„Hann var þá í forystu í félagi stjórnmálafræðinema og athafnamaður í að skipuleggja viðburði. Hann hefur alla tíð verið forystumaður og markar alls staðar spor þar sem hann er."

Með óþolandi keppnisskap

Þegar Einars nánustu eru beðin um að lýsa helstu karaktereinkennum Einars heyrist orðalag eins og fylginn sér, fastur fyrir og samkvæmur sjálfum sér.

„Ég held ég geti sagt að hann sé fylginn sér, er það ekki fallegt orðalag yfir að vera þrjóskur?" segir fyrrum samstarfskonan Sunna og hlær. „Hann elskar að taka þátt í keppnum, hvort sem það er spurningakeppni, búningakeppni eða jólaskreytingakeppni og hann er með mikið og óþolandi keppnisskap. Hann er ofsalega tapsár, og er virkilega pirrandi sem slíkur, en er enn verri þegar hann vinnur. Sem er slæmt því hann vinnur eiginlega alltaf."

Háskólavinurinn Skapti Örn virðist hafa svipaða reynslu: „Við höfum att kappi í ýmsu og spiluðum golf lengi og hann er vonlaus kylfingur. Við spiluðum líka stundum billiard og það er alltaf keppni. Hann er einbeittur í því sem hann tekur sér fyrir hendur þótt það sé alltaf stutt í galsaskapinn."

Litli bróðir þekkir rótina, þeir ólust upp á heimili þar sem allir tóku þátt í keppnisíþróttum og félagsstarfi HK en faðir þeirra var formaður félagsins í um þrjá áratugi.

„Ég get alveg ímyndað mér að fólk sem ekki hefur alist upp með honum gæti fundist hann óþolandi í keppni. En ég sem ólst upp með honum í slíku, nýt þess bara að sjá hann þjást á vellinum. Í okkar uppeldi var lagt upp með að kunna bæði að vinna og tapa," segir Halldór og þegar orð Sunnu um að hann þoli hvorugt vel, eru borin undir hann, skellir Halldór upp úr. „Það kann að vera að það sé eitthvað til í því. Það er þessi djöfulgangur sem fær stundum að fljóta með og það hafa kannski ekki allir húmor fyrir því."

Slakur í golfi og badminton

Sunna segir jólaskreytingakeppni fréttastofu RÚV líklega í uppnámi með brotthvarfi Einars. „En líklega á starfsfólk Ráðhússins, og mögulega íbúar Reykjavíkur bara í heild, von á góðu."

„Svo á litla Jesúbarnið auðvitað afmæli á aðfangadag sem gerir þetta allt saman enn meira óþolandi. Hann heldur líka oft að hann sé sá fyrsti í mannkynssögunni til að afreka hitt eða þetta. Labba á Esjuna. Flytja. Endurgera baðherbergi. Fara í ferðalag. Eignast barn. Verða borgarstjóri. En það hafa bara margir gert það á undan honum, þó að hans upplifun sé oft önnur," segir Sunna í léttum tón.

Einar stundaði bæði handbolta og fótbolta með HK og þó vinur hans lýsi honum sem vonlausum kylfingi er hann greinilega liðtækur í ýmsu.

„Hann er öflugur og kemur víða við þó hann sé kannski ekki bestur í golfi né badminton, jafnvel þó sjálfur segði hann allt annað," segir Skapti Örn sem er skemmtilegt því badminton-færni Einars hafði einmitt komið upp í samtali við bróður hans sem var inntur eftir mögulegum göllum stóra bróður: „Það væri þá helst hversu hræðilega bakhönd hann er með í badminton. Einhver myndi segja skammarlega."

Hrókur alls fagnaðar

„Hann er alltaf hrókur alls fagnaðar og fljótur að setjast við flygilinn hjá mömmu og pabba þegar við fjölskyldan hittumst," segir Halldór sem segir þau systkinin öll liðtæk á hljóðfæri þrátt fyrir að hafa ekki verið send í tónlistarskóla sem börn.

„Ég vil meina að það sé afslöppun foreldra okkar að þakka. Við ólumst upp með tilkomumikinn gamlan flygil inni á heimilinu og fengum að glamra og djöflast eins og við vildum og hafa gaman. Allir fengu frjálst spil og soguðumst við að því. Einar er einnig mjög flinkur gítarleikari miðað við að hafa aldrei lært."

Partífær? „Já, og vel það!" segir litli bróðir.

Skapti Örn og Einar eru saman í karlakórnum Esju og stofnmeðlimir hans frá því fyrir níu árum síðan. „Æfingar eru vikulega en það hefur aðeins vantað upp á mætingu hjá Einar undanfarið, út af sotlu. En hann er á undanþágu því hann er stofnfélagi og ein af stjörnum kórsins," segir Skapti Örn.

Hlýr pabbi og mömmustrákur

Stóra skrefið úr fjölmiðlum yfir í stjórnmálin virðist ekki hafa komið hans nánustu sérlega á óvart.

„Kom mér ekki beint á óvart en það hefði fátt komið mér þannig séð á óvart eftir að hann hætti hér. Ég var búin að leggja hausinn lengi í bleyti varðandi það en fékk ekkert upp úr honum," segir Sunna.

Bræðurnir höfðu augljóslega rætt framtíðina töluvert og velt fyrir sér næstu skrefum Einars. „Hann velti ýmsu fyrir sér enda með áhuga á mörgu. Pólitíkin kom ekki á óvart þar en hvar hans kröftum væri best borgið þar, var ekkert endilega skýrt, hvort hann færi til dæmis í landsmálin eða borgarmálin."

Skapti Örn segir ákvörðunina ekki hafa komið sér á óvart. „Fólk segir hann reynslulausan en það er mikil og góð reynsla að hafa verið að greina samfélagið í allan þennan tíma."

„Auðvitað saknar maður hans af vinnustaðnum, en hann saknar mín sennilega enn meira því ég var raunverulega sú eina sem hló að bröndurunum hans. Ekki veit ég hvernig ég entist svona lengi í því vegna þess að þeir eru yfirleitt alltaf hroðalegir," segir Sunna um viðskilnaðinn.

Einar er giftur Millu Ósk Magnúsdóttur, aðstoðarmanni heilbrigðisráðherra, og eiga þau saman ungan son. Fyrir á Einar dæturnar Auði og Soffíu og lýsir bróðir hans honum sem frábærum pabba.

„Hann er frábær pabbi og fyrst og fremst hlýr. Hann á það ábyggilega til að vera strangur þegar á þarf að halda en heldur börnunum alltaf að sér og þau leita til hans," segir Halldór.

Einar er fjölskyldurækinn og hittist stórfjölskyldan reglulega. Þegar rifjaðar eru upp sögur úr æskunni liggur beinast við að spyrja hvort þvottavélin hafi ekki gengið stóran hluta sólarhringsins þegar fjórir fjörugir krakkar stunduðu margar tegundir íþrótta. „Ó jú, þú getur ímyndað þér," segir Halldór. „Trooperinn sem mamma er að koma okkur á legg, ótrúleg. Við erum miklir mömmustrákar, við Einar, þótt við séum líka mjög nánir pabba."

Leitandi og hlustar

Þó að allir sem rætt var við hafi lýst Einari sem þrjóskum, en þó forðast það í lengstu lög að nota orðið, er það honum, að þeirra mati, ekki til vansa.

„Þótt hann sé þrjóskur er hann oftast til í að hlusta á ráðleggingar annarra og sérstaklega þeirra sem eru reynslumeiri og það er víst nóg af fólki sem er reynslumeira en hann núna," segir Sunna. „Hann var vaktstjóri minn þegar ég byrjaði og mér fannst hann alltaf langbesti vaktstjórinn. Hann er góður í að leiðbeina og sjá heildarmyndina en líka góður í að útdeila verkefnum og treysta fólki fyrir því sem það á að sinna."

Halldór er á svipuðu máli: „Hann hikar ekki við að leita sér fanga hjá fólki sem veit betur en hann á ákveðnum sviðum. Hann er fastur fyrir og samkvæmur sjálfum sér en samt leitandi og hlustar. Hann virðist þó hafa kjarkinn til að fylgja sinni skoðun þegar hann er kominn með ráðin sem hann þarf." ■



Einar kom eins og stormsveipur inn í forystu Framsóknarflokksins, kannski ekki að undra enda segir fólkið hans, hann vera mikinn keppnismann.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Fjölskyldan við fermingu Einars árið 1992, Kristín sem er elst systkinanna, foreldrarnir, Einar og fremstir eru yngstu bræðurnir Halldór og Mummi.

> Svo á litla Jesúbarnið auðvitað afmæli á aðfangadag sem gerir þetta allt saman enn meira óþolandi.
>
> Sunna Valgerðardóttir

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 18. júní 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is







Hrafnhildur er mikil hestamanneskja og hreyfir sig mikið. Fer í reiðtúra daglega. Hún glímir við gigt og segir að Active Joints frá Eylif smyrji liðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Leið fljótt betur í öllum liðum

Hrafnhildur Jónsdóttir hefur lengi verið þjökuð af gigt með tilheyrandi liðverkjum. Hún er mikill hestamaður auk þess sem hún starfaði lengi sem tamningamaður. Hrafnhildur prófaði Active Joints frá Eylíf og er gríðarleg ánægð með góð áhrif á liðleika og hreyfingu. 2

„Ég er búin að taka Active Joints frá Eylíf frá því það kom á markað. Ég er gigtarsjúklingur og hef prófað ýmis fæðubótarefni til að liðka liðina. Þegar mér var bent á að prófa Active Joints frá Eylíf lét ég slag standa og sé ekki eftir því. Ég fór mjög fljótt að finna mun á liðleika mínum auk þess sem mér til undrunar styrktust neglur og hárið varð meðfærilegra og þykkara. Þetta efni hefur því haft margvísleg góð áhrif á líðan mína. Ég er með spengdan hrygg og brjósklos í hálsi og var alltaf að leita eftir góðum lausnum fyrir mig þar sem ég vil geta hreyft mig. Active Joints frá Eylíf tekur smá tíma að byrja að virka almennilega en síðan fer maður að finna reglulega mikinn mun. Ég kannski fann það best þegar ég hætti að taka Active Joints á tímabili. Þá varð líðan mín bara öll miklu verri og ég stirðari," segir Hrafnhildur. „Ég fór þá að taka það aftur og sá að þetta gerði mér mjög gott," segir hún. „Active Joints smyr liðina og í þessu eru efni sem mig vantaði," bætir hún við.



Hrafnhildur á sex góðhesta enda tekur hún þátt í flestöllum hesta- og gæðingamótum landsins.

Knapi með keppnisskap

Hrafnhildur hefur alltaf verið atorkumikil. Hún starfaði á árum áður sem tamningamaður sem hún segir að hafi ekki farið vel með skrokkinn, auk þess að taka þátt í íþróttum. Hún er líka mikil keppnismanneskja og hefur tekið þátt í flestum hestamannamótum sem fram hafa farið. Hrafnhildur viðurkennir að hafa dottið nokkrum sinnum af baki sem hafi ekki góð áhrif á skrokkinn. „Ég syndi og hreyfi mig mikið, fer í reiðtúra daglega og stússast í hesthúsinu. Hreyfingin bjargar mér algjörlega," segir hún. „Þegar maður eldist er enn mikilvægara að hreyfa sig og halda sér í góðu formi líkamlega."



Hrafnhildur segir að hestamennskan og tamningar fari illa með stoðkerfið sem komi fram síðar. „Ég þarf að sætta mig við það núna að glíma við stoðkerfisvandamál og þess vegna hef ég tekið Active Joints frá Eylíf. Ég fór fyrst á bak þegar ég var sjö ára, tók síðan frí í sautján ár en fór þá á fullt í hestamennskuna aftur," segir Hrafnhildur, sem á sex góða keppnishesta og skartar mörgum verðlaunum frá hesta- og gæðingamótum. Eiginmaður hennar tekur þátt í sportinu og er sjálfur með tvo hesta.

Hrafnhildur segir að það skipti hana miklu máli að Active Joints sé íslensk vara. „Mér finnst gott að vita um uppruna vörunnar. Ég vel alltaf frekar íslenska vöru ef það er mögulegt. Ég tel okkur vera forréttindahóp að búa hér á landi. Þótt veðrið sé ekki alltaf gott þá er svo margt annað frábært. Ég klæði bara veðrið af mér og kvarta aldrei yfir því."

Hrafnhildur hefur ekki prófað fleiri vörur frá Eylíf en hefur áhuga á að prófa Smoother Skin & Hair. Hún hefur heyrt vel að því látið. „Vilja ekki allir hafa fallegt hár?" spyr hún. „Þótt ég finni áhrif á hárið frá Active Joints þá væri alveg spennandi að prófa hitt líka. Ég tek þrjár töflur einu sinni á dag og ég get ekki annað en mælt 100% með Active Joints frá Eylíf fyrir þá sem eiga við vandamál að stríða í liðum. Þetta gerir mér gott og gæti hentað fleirum. Active Joints er kalkríkt og er því líka gott fyrir bein og tennur," segir hún.

> **Ég fann það kannski best þegar ég hætti að taka Active Joints á tímabili. Þá varð líðan mín bara öll miklu verri og ég stirðari.**
>
> Hrafnhildur Jónsdóttir

Heilsan er dýrmæt

Vörulína Eylíf býður upp á fimm frábærar heilsuvörur sem reynst hafa fólki vel. Þær eru Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair, Happier Guts og nýjasta varan Stronger Liver. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og engum aukefnum er bætt við. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylíf.

„Hugmyndin að vörulínunni kom til vegna þess að mig langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem framleidd eru á Íslandi á sjálfbæran hátt úr íslenskum, náttúrulegum auðlindum og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum," upplýsir Ólöf.

Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís. „Við vöndum til verka, sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi, og notum hreina, íslenska náttúruafurð og hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum." Hráefni sem notuð eru í bætiefnin frá Eylíf eru ekki erfðabreytt. „Þau stuðla að heilbrigði og sveigjanlegri líkama því þá erum við færari um að takast á við verkefnin í dagsins önn. Við vitum öll að heilsan er okkur dýrmætust og því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsufarsvandamál," segir Ólöf Rún. ■

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Nettó, Heilsuhúsinu, Krónunni og Melabúðinni. Ókeypis heimsending ef keypt er fyrir 7.000 krónur eða meira á eylif.is.

Líður betur og er ánægður með Stronger Liver frá Eylíf

„Mér var bent á að prófa Stronger Liver frá Eylíf og ákvað ég að slá til. Ég hef verið í eftirliti hjá lækninum mínum vegna heilsufarsins og fer reglulega í tékk og blóðprufur, segir Ragnar Þór Alfreðsson trésmiður.

Eftir að hafa notað Stronger Liver í nokkra mánuði kom í ljós að blóðprufan kom óvenjulega vel út, öll gildin fyrir lifrina voru mun betri en áður. Þetta kom mér skemmtilega á óvart og hef ég verið mjög ánægður með vöruna því að mér líður vel af því að nota hana.

Því get ég sagt með sanni að ég mæli með Stronger Liver frá Eylíf og ætla að halda áfram að nota vöruna."

Stronger Liver inniheldur uppbyggjand næringarefni frá sjálfbærum auðlindum til sjávar og sveita.

Íslensku hráefnin í Stronger Liver frá Eylíf eru kítósan, kalkþörungar, kísill, ætihvannarrót en auk þess eru kólín, mjólkurþistill, kalsíum, C- vítamín og magnesíum.



Ragnar Þór Alfreðsson, trésmiður.

Best er að taka tvö hylki á dag með mat til að viðhalda heilbrigðum meltingarvegi. ■

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum né barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Vörulína Eylíf samanstendur af Happier Guts, Active Joints, Smoother Skin & Hair, Stronger Bones og Stronger Liver.

Skeljungur



Viðskiptavinasögur

Rannveig Grétarsdóttir • Framkvæmdastjóri Eldingar

„Við erum búin að vera í viðskiptum við Skeljung í 15 ár og ástæðan fyrir því að við erum þar ennþá er framúrskarandi þjónusta. Og það er það sem skiptir okkur alveg gríðarlega miklu máli, að hafa þjónustuna í lagi því við erum að starfa allt árið, alla daga vikunnar. Svo við þurfum að hafa góða þjónustu og að það sé brugðist fljótt við ef eitthvað kemur upp á.“

„Upp á að vera umhverfisvottuð erum við alltaf að skoða hvernig við getum nýtt olíuna sem best og skilað sem minnstum útblæstri. Þá höfum við ráðgjafa innan Skeljungs sem hefur verið að hjálpa okkur. Þeir eru einhvern veginn okkar samstarfsaðilar í því að gera hlutina betur.“

Kynntu þér þjónustuframboð Skeljungs á Skeljungur.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 444-3000

Fjölþætt og fyrirbyggjandi vörn gegn þvagfærasýkingum

Bætiefnið Comfort-U frá Good Routine er öflug vörn fyrir þvagfærakerfið og byggir á fjórum virkum innihaldsefnum sem hafa þekkta eiginleika til þess að koma í veg fyrir blöðrubólgu/þvagfærasýkingu.

„Comfort-U er sérhannað fyrir fólk sem vill koma í veg fyrir blöðrubólgu/þvagfærasýkingu, sem er ein algengasta bakteríusýkingin í heiminum og algengari hjá konum en körlum. En ein af hverjum fimm konum upplifir að minnsta kosti eina þvagfærasýkingu á ævinni," segir Freydís Hjálmarsdóttir, næringarfræðingur að mennt, með BSc, og meistaragráðu í næringarfræði.

„Einstaklingur sem hefur fengið þvagfærasýkingu er í aukinni hættu á að fá sýkingu aftur og talið er að um fjórðungur fái endurtekna sýkingu innan sex mánaða og þriðjungur innan árs. Þar af leita hundruðir sýklalyfjameðferðar við þvagfærasýkingum á Íslandi á hverju ári. Yfir 80% þvagfærasýkinga eru taldar vera af völdum þarmabakteríunnar e.coli, en aðrar bakteríur, sveppir og sníkjudýr geta líka valdið þvagfærasýkingum."

Fyrirbyggjandi er lykilatriði

Þvagfærasýkingar geta verið afar óþægilegar en eru þó oftast skaðlausar að sögn Freydísar. „Einstaka sinnum nær sýkingin til efri þvagfæra eins og nýrna, en það er afar óalgengt. Til að mynda verða 30% þvagfærasýkinga einkennalausar á innan við viku án meðferðar. Hins vegar getur verið erfitt að eiga við síendurteknar sýkingar. Þó þær séu meðhöndlaðar á áhrifaríkan hátt með sýklalyfjum, getur óhófleg notkun sýklalyfja leitt til skaðlegra heilsufarslegra afleiðinga.



Freydís segir þvagfærasýkingu vera algengustu bakteríusýkingu heims

MYNDIR/AÐSENDAR

Til að forðast of mikla útsetningu fyrir sýklalyfjum leita margir til fæðubótarefna og náttúrulyfja. Rannsóknir þar að lútandi eru af skornum skammti og sumar misvísandi, en nokkur fæðubótarefni gefa góða raun þegar kemur að því að koma í veg fyrir þvagfærasýkingu."

Fjögur virk efni

Comfort-U inniheldur fjögur efni sem rannsóknir hafa sýnt fram á að geti hjálpað til við að fyrirbyggja þvagfærasýkingar. Það eru einsykran D-mannóse, þarmagerillinn Lactobacillus rueteri og svo virku efnin í trönuberjum og sortulyngslaufum (e. bearberry leaf). „Trönuberin eru frægust, en eitt virku efnanna í þeim er einmitt „D-mannóse". Sortulyngslauf þekkja flestir undir nafninu Uva ursi og „Lactobacillus rueteri" er einn af góðgerlunum sem finna má til dæmis í AB -mjólk.

Af þessum fjórum efnum hefur D-mannóse komið hvað best úr þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar með tilliti til forvarnar á þvagfærasýkingum. Rannsóknir á D-mannóse sýna fram á marktæka minnkun á endurteknum þvagfærasýkingum hjá þeim sem fá þær reglulega. Til þess að sýking nái



Comfort-U inniheldur fjögur efni sem rannsóknir hafa sýnt fram á að geti hjálpað til við að fyrirbyggja hinar hvimleiðu þvagfærasýkingar.

fótfestu í þvagfærum þarf e.coli eða önnur örvera að ná að festast við blöðruvegginn. Virkni D-mannósa er sú að bindast til dæmis e.coli bakteríum, skola þeim út með þvagi og koma þannig í veg fyrir sýkingu.

Trönuber innihalda meðal annars D-mannósa, hippúrsýru og anthósýanín, sem eru talin torvelda e.coli að festast við þvagblöðruvegginn. Ekki eru allir á eitt sáttir, en samantekt margra rannsókna sýnir fram á verndandi áhrif D-mannósa gegn þvagfærasýkingum hjá konum sem fá þær reglulega. Ekki skemmir fyrir að trönuber hafa líka marga aðra heilsubætandi kosti.

Lauf sortulyngs, (önnur nöfn: uva ursi, bjarnaber, fjalla-trönuber) hafa í árþúsundir verið notuð til að meðhöndla þvagfærasýkingar. Nú benda rannsóknir til þess að það sé svo sannarlega eitthvað til í því og kallað hefur verið eftir fleiri rannsóknum. Sortulyngið inniheldur örverueyðandi efnasambönd sem vinna gegn óvingjarnlegum bakteríum og hjálpa við upptöku á efnum úr trönuberjum. Efnasambönd í laufunum svo sem Arbutinin, eru talin eru vinna gegn útbreiðslu e.coli meðal annas og trufla viðloðun bakteríunnar við blöðruvegginn," segir Freydís.

Hjálplegar örverur

Jafnvægi í þvagkerfisflórunni er svo viðhaldið með hjálp gagnlegu bakteríunnar Lactobacillus rueteri. „Hjálplegu örverurnar í líkamanum kallast góðgerlar og er fjöldinn allur af þeim í meltingarkerfinu. Við getum bætt um betur með trefjaríku fæði, ab-mjólk og skyldum vörum, súrsuðum mat og bætiefnum.

Sumir góðgerlar viðhalda jafnvægi í þvagi, leggöngum og meltingarvegi með því að framleiða efnasambönd sem leyfa ekki óvinveittum bakteríum að vaxa. Sá stofn sem er talinn hvað mikilvægastur fyrir þvagfærakerfið er Lactobacillus rueteri. Þessi bakteríustofn getur endurheimt náttúrulegt örverujafnvægi í þvagfærum og getur myndað efnasambönd sem leyfa ekki óvinveittum bakteríum að vaxa og dafna."

Fjölþætt fyrirbyggjandi virkni

Í Comfort-U koma saman þrjú virk innihaldsefni sem eru studd af rannsóknum, ásamt Lactobacillus rueteri stofni. Saman eru þessi efni talin geta stutt heilbrigði þvagfæra og veitt fjölþætta vörn gegn þvagfærasýkingum. „Til eru margir mismunandi stofnar góðgerla og fjöldi þeirra í hverjum skammti er merktur með einingunni CFU sem stendur fyrir „colony formin unit" eða nýlendumyndandi stofn. Í Comfort-U er réttur stofn í nægilegu magni til að hafa tilskilin áhrif án þess að valda skaða, enda er þetta verðlaunuð formúla. Comfort-U er náttúrulegt bætiefni sem kemur í pillu- og belgjaformi.

Forvörn er alltaf best og Comfort-U hefur það fram yfir sýklalyf að vera laust við aukaverkanir eins og ógleði og magaeinkenni. Comfort-U skaðar ekki vinveittu þarmaflóruna sem er einn helsti ókostur sýklalyfja. Hins vegar er sýklalyfja alltaf þörf ef sýking er staðfest í efri hluta þvagfæra eins og nýrum og ávallt skal fylgja læknisráði. Þegar stór hluti kvenna er með endurteknar þvagfærasýkingar, fögnum við því þegar vara á borð við Comfort-U kemur á markað." ■

Good Routine fæst í Lyf og heilsu, Apótekaranum, Hagkaup og Krónunni.

Leiðandi línur

Hallgrímur Tómas Ragnarsson ljósmyndari sýnir hér fjórðu ljósmyndina sem er sérstaklega áhugaverð fyrir þá sem hafa áhuga á ljósmyndum. Auk þess skýrir hann út hvernig hægt er að ná þessum áhrifum í myndinni.

Það er verðugt verkefni að spreyta sig á nýjum vinklum við kunnugleg stef. Það getur reynst snúið að fanga nýja sýn á algengustu myndefnin, en mannsandanum eru engin takmörk sett og sífellt skjóta upp kollinum nýjar hugmyndir úr brunnum sem taldir voru þurrausnir.

Ljóssíur (ND filters) veita tilvalið tækifæri til frumlegrar nálgunar, en með þeim má lengja ljósop eftir smekk hvers og eins. Hér er notuð 10 stoppa sía sem gerir kleift að halda linsunni opinni í 5 mínútur við þessi birtuskilyrði. Afraksturinn er sléttur sjór og mjúkur himinn við annan syðsta odda landsins. Dyrhólaey missti vegtylluna í Kötlugosinu 1918, en Kötlutangi gefur sífellt eftir og brátt mun fyrri sess verða endurheimtur.

Ljósmyndarar notfæra sér sömu lögmál og myndlistarmenn hafa gert um aldir. Girðingin í Ópinu er dæmi um leiðandi línu og snilld Edwards Munch. Hér er sjávarmálið notað sem leiðandi lína (e. leading line) sem dregur augað að gatinu í Tónni þar sem Háadrang



Hér er notuð 10 stoppa sía sem lengir ljósopið. Útkoman er sléttur sjór og mjúkur himinn við Dyrhólaey.

MYNDIR/AÐSENDAR

ber við sjónarrönd, en hann eykur enn á dýptina.

Það er verðugt verkefni að huga að mögulegum leiðandi línum til að styrkja myndbyggingu, ef til vill er það slóði, bryggja, brautarteinar eða rák í sandi, möguleikarnir eru óþrjótandi. Í myndvinnslu má skerpa á áherslum, ýta undir andstæður ljóss og skugga á sandinum og í móberginu. ■

Myndina má sjá í fullri upplausn á frettabladid.is og ragnarsson.com



Hallgrímur Tómas Ragnarsson ljósmyndari.

„Ljósmyndarar nota sér sömu lögmál og myndlistarmenn hafa gert um aldir. Girðingin í Ópinu er dæmi um leiðandi línu og snilld Edwards Munch.



Girðingin í Ópi Edwards Munch er dæmi um lögmálið um leiðandi línu.

FRÉTTABLAÐIÐ

Kvenréttindadagurinn

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 18. júní 2022



Umhverfi og samfélag er að sögn Ölmu Ýrar það sem raunverulega kemur í veg fyrir aðgengi og þátttöku fatlaðs fólks í daglegu lífi. Hún segir að vitundarvakning verði að eiga sér stað til þess að fatlað fólk hafi jöfn tækifæri á við ófatlaða einstaklinga. Til þess þurfum við að útrýma fordómum sem eru innbyggðir í allt sem við gerum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

19. júní er réttindadagur ófatlaðra kvenna

Alma Ýr Ingólfsdóttir er mannréttindalögfræðingur hjá Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) og með áherslu á réttindi fatlaðs fólks. ÖBÍ eru heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi. Bandalagið var stofnað 5. maí 1961 og samanstendur af 41 aðildarfélagi fatlaðs fólks, öryrkja, einstaklinga með langvinna sjúkdóma og aðstandendum þeirra. 2

Aðildarfélögin eru hagsmunasamtök ólíkra fötlunarhópa sem öll starfa á landsvísu. Hvert og eitt er með sérþekkingu á sínu sviði og veitir margs konar fræðslu og stuðning. Á skrifstofu Öryrkjabandalagsins starfar ólíkur hópur sérfræðinga. „Við erum hér með félagsráðgjafa, lögfræðinga og verkefnastjóra sem vinna að sjö málefnahópum og tileinka sér ákveðin sérsvið. Mitt starf felst aðallega í einstaklingsráðgjöf, alþjóðlegu og innlendu samstarfi sem felst meðal annars í skýrslugerð, rannsókar- og umsagnavinnu og ýmsu sem svona hagsmunabaráttа kallar á," segir Alma.

„Okkar helsta baráttumál síðustu misseri hefur verið að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem var fullgiltur 23. september 2016. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er stefnt á að hann verði lögfestur á þessu kjörtímabili. Konur bíða einnig enn eftir því að Kvennasáttmálinn, sem var fullgiltur á Alþingi árið 1985 verði lögfestur. Á Íslandi hafa einungis tveir mannréttindasáttmálar verið lögfestir. Það eru Barnasáttmálinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu."

Fjölþætt réttindabarátta

Grunnmarkmið ÖBÍ er að vinna að bættum hag hins jaðarsetta hóps sem er fatlað fólk. „Lengi hefur áherslan verið á kjaramál þessa hóps til þess að fólk geti framfleytt sér og sínum. Það er verðugt verkefni sem við sjáum fram á að vinna að um ókomna tíð. Bættur hagur snýr þó einnig að því að tryggja aðgengi og bæta mennta- og heilbrigðismál. Sama gildir um málefni barna og húsnæðismál. Jafnframt viljum við stuðla að því að allt fatlað fólk geti lifað sem sjálfstæðustu lífi. Undir sjálfstætt líf fellur til dæmis rétturinn um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem var lögfest árið 2018.

Á þeim árum sem ég hef starfað hjá ÖBÍ er eftirtektarvert hve samráð hefur aukist. Stjórnvöld sjá að það er best að hafa okkur með frá upphafi þegar kemur að þessum málaflokki. Það er gríðarlega mikilvægt að hagsmunasamtök taki þátt í hvers kyns stefnumótun sem snertir þeirra málefnaflokk, en ekki síður að rödd notandans heyrist. Þar mætti gera betur því rödd notandans er önnur en sérfræðings eða annarra sem þurfa ekki á þjónustunni að halda."

Ólík réttindabarátta í grunninn

Í réttindabaráttu kvenna segir Alma að margt sé ólíkt á meðal fatlaðra og ófatlaðra kvenna. „Það ætti auðvitað ekkert að vera ólíkt, en það er það samt. Fatlað fólk, og því fatlaðar konur, er mjög margbreytilegur hópur. Allt frá einstaklingum með ADHD, yfir í fólk með mikla og langvarandi fjölfötlun. Það er margt sem spilar á móti fötluðum konum í þeirra réttindabaráttu. Hlutir eins og aðgengi – að einstaklingur í hjólastól komist inn í tiltekna byggingu. Aðgengi upplýsinga – að allir geti kynnt sér upplýsingar. Hvort þær séu á auðskildu máli. Hvort efni sé aðgengilegt öllum. Hvað með sjónskertar eða blindar konur? Lengi vel voru fatlaðar konur útilokaðar vegna fötlunar sinnar. Sérstaklega konur með geðrænar áskoranir eða þroskahömlun.

Heilt yfir gildir það enn í dag, að ef þú ert með einhvers konar fötlun eða skerðingu, þá er búið að greina þig sem læknisfræðilegt fyrirbrigði. Í dag vinnum við eftir þeirri hugmyndafræði Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, að fötlun byggist ekki á læknisfræðilegri greiningu einstaklings, heldur sé samspil milli fólks með skerðingar annars vegar og umhverfis og viðhorfa hins vegar. Umhverfi og samfélag er það sem raunverulega kemur í veg fyrir aðgengi og þátttöku. Aðstæðurnar eru það sem kemur í veg fyrir að fatlaður eintaklingur geti til dæmis farið á tónleika, því tónleikasalurinn er á annarri hæð og engin lyfta. Við tölum oft um að setja upp kynjagleraugun, en margir gleyma að setja upp fötlunargleraugun þegar kemur að því til dæmis að halda viðburð. Það þarf að fara í gegnum tékklistann, passa að upplýsingar séu á aðgengilegu formi, að viðburðurinn sé í aðgengilegu húsnæði og þar fram eftir götunum. Það er vert að nefna það að femíniska fötlunarhreyfingin Tabú hefur gjörbreytt þátttöku fatlaðra einstaklinga og velt við stórum steinum."



Alma Ýr er mannréttindalögfræðingur hjá Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) með áherslu á réttindi fatlaðs fólks.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kosningaréttur ófatlaðra kvenna

Kvenréttindadagurinn verður nú haldinn hátíðlegur á sunnudaginn 19. júní í tilefni þess að þann dag árið 1915 fengu konur 40 ára og eldri kosningarétt og kjörgengi til Alþingis á Íslandi. Ekki fatlaðar konur. „Á þessum tíma var ekki að finna heildstæða löggjöf um réttindi fatlaðs fólks. Lög um fávitahæli taka gildi árið 1936 og þar segir í skilgreiningu um fávitahátt að telja verði fávita „hvern þann sem geti ekki séð fyrir sér sökum

> **Okkar helsta baráttumál síðustu misseri hefur verið að lögfesta Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem var fullgiltur 23. september 2016.**
>
> Alma Ýr

greindarskorts" eða séu vanvitar og þurfi aðstoð í einhverri mynd. Það er því augljóst að stór hópur fatlaðra kvenna, sérstaklega konur með þroskahömlun eða geðrænar áskoranir, var útilokaður. Það sama gilti um aðra fötlunarhópa, svo sem blindar eða sjónskertar konur, þær gátu heldur ekki auðveldlega kosið út af fötlun sinni. Útilokunin var því bæði lagaleg og aðgengileg. Það er ekki fyrr en árið 1983 að fyrsta heildstæða löggjöfin um réttindi fatlaðs fólks er sett.

Það eimir því miður enn eftir af þessu í dag, en í fyrra kom það upp að konu með Alzheimer var meinað að kjósa með aðstoð aðstoðarmanns, sem var maðurinn hennar. Þessu var reyndar kippt í liðinn og hún fékk að kjósa, og þessi réttur er nú tryggður í nýjum kosningalögum. Það eru þessar endalausu hindranir sem geta verið svo þreytandi."

Vitundarvakning

„Vitundarvakning þarf að eiga sér stað til þess að fatlað fólk, og í þessu samhengi fatlaðar konur, hafi jöfn tækifæri á við ófatlaða einstaklinga. Við þurfum að útrýma fordómum sem eru innbyggðir í allt sem við gerum. Allt sem snýr að námi, eins og námsefni, próftaka og staðsetning, þarf að vera aðgengilegt öllum. Vinnumarkaðurinn þarf einnig að stuðla að þátttöku allra. Staða karla og kvenna er þar ekki sú sama og bilið er enn breiðara þegar kemur að fötluðum konum.

Þegar kemur að rétti fólks til fjölskyldulífs eru mýmörg nýleg dæmi um að seinfærar fatlaðar konur hafi verið sviptar forsjá barna sinna, þrátt fyrir að innlendar og alþjóðlegar rannsóknir sýni fram á að með aðstoð geti þessar konur hugsað jafn vel um börn sín og ófatlaðar. Þær voru sviptar þessum mannréttindum, jafnvel áður en þær fengu að sýna fram á annað. Einnig má benda á að fatlaðar konur, til að mynda konur með þroskahömlun eða geðrænar áskoranir, voru gerðar ófrjóar án upplýsts samþykkis. Þetta er dæmi um ríkjandi fordóma á sínum tíma sem komu í veg fyrir réttindi þessara kvenna til fjölskyldulífs og stuðluðu að gífurlegum mannréttindabrotum. Hvað varðar réttindabaráttu þessara hópa, fatlaðra og ófatlaðra kvenna, snýst hún um ójafnvægi á aðgengi, fordóma og útilokun. Þess vegna þarf réttindabaráttа kvenna að taka sérstaklega til fatlaðra kvenna.

Umhverfið og samfélagið þarf ekki að búa til sérúrræði fyrir þennan hóp. Frekar eigum við að veita fötluðum einstaklingum viðeigandi aðstoð og aðlögun til að þeir geti tekið þátt í daglegu lífi, stundað nám, tómstundir og íþróttir, verið í vinnu og hugsað um fjölskyldu sína. Við viljum öll geta lagt okkar af mörkum og það hafa allir upp á eitthvað að bjóða. Það gagnast öllum að margbreytileiki samfélagsins sé sýnilegur."

Mannréttindi fatlaðra kvenna

Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Öfgar, UN Women á Íslandi og Öryrkjabandalag Íslands hafa skilað inn sameiginlegri skuggaskýrslu til nefndar sem starfar á grundvelli Samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (Kvennasáttmálans). „Fimmtán prósent heimsbyggðarinnar eru fötluð og þar af eru rúm 4 prósent með alvarlegar birtingamyndir fötlunar. Það er afar mikilvægt fyrir okkur að vinna með femínískum öflum til að benda á hvar þurfi að eiga sér stað úrbætur og hvetja stjórnvöld til að ganga enn lengra í málaflokki fatlaðra kvenna. Í þessu samhengi er gaman að nefna að hin spænska Ana Pelaez Narvaez er fyrsta sjáanlega fatlaða konan til að eiga sæti í sérfræðinefnd Kvennasáttmálans. Í henni sitja nítján einstaklingar og er hún „vice chair person". Ana er blind og er afar mikilvæg og holl fyrirmynd og hvatning fyrir aðrar fatlaðar konur."

Það helsta sem við bentum á í skuggaskýrslunni er sú staðreynd að fatlaðar konur eru mun berskjaldaðri fyrir hvers kyns ofbeldi en ófatlaðar konur. Konur almennt eru berskjaldaðri fyrir heimilis- og kynferðislegu ofbeldi, og hjá fötluðum konum bætist stofnanalegt ofbeldi þar við. Samkvæmt skýrslu lögreglustjóra frá 2020 hafa takmarkaðar aðgerðir verið í gangi gagnvart ofbeldi gegn fötluðum konum. Þegar mál voru skráð í LÖKE, skráningarkerfi lögreglunnar, bauð kerfið ekki upp á að geta þess hvort brotaþoli væri fatlaður eða ekki; til þess þurfti sérstaka heimild fyrir heilsufarslegar upplýsingar. En fötlun byggist ekki á heilsufari, eins og við höfum rætt hér áður. Þetta kemur í veg fyrir að hægt sé að vinna almennilega með upplýsingar úr kerfinu. Löggjafarvaldið hefur nú tekið við sér til þess að bæta úr þessari stöðu."

Annað sem ÖBÍ benti á í skýrslunni varðar heilsufar fatlaðra kvenna. „Það ber á því að fatlaðar konur og sérstaklega konur með geðrænar áskoranir hiki við og jafnvel sæki sér ekki nauðsynlega heilbrigðisþjónustu út af viðmóti og aðgengi. Allar stofnanir sem taka á móti minnihlutahópum, eins og fötluðum, verða að átta sig á að það þarf að auka skilning og þekkingu til þess að mæta þessum ólíku hópum. Ef einstaklingur verður einu sinni fyrir stuðandi framkomu heilbrigðisstarfsmanns, getur það valdið því að sá einstaklingur sæki sér aldrei aftur heilbrigðisþjónustu.

Margar fatlaðar konur tala um að fólk tali til sín eins og þær séu börn í líkama fullorðins einstaklings. Við eigum öll rétt á því að komið sé fram við okkur af mannlegri reisn og virðingu." ■

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103. | Veffang: frettabladid.is



Efri röð: Bergrós Björk Bjarnadóttir rafverktaki, Anna Svavarsdóttir húsasmíðameistari og Halla Dögg Káradóttir vélfræðingur. Neðri röð: Jóna Guðrún Kristinsdóttir verkefnastjóri BYKO, Anna Jóna Kjartansdóttir verkfræðingur, gæða-, umhverfis- og heilbrigðisstýra Ístaks, Hansína Jensdóttir gullsmiður, Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Iggis, Sigríður Hrund Pétursdóttir M.Sc., MBA, fjárfestir og framkvæmdastýra Vinnupalla.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Störf eru kynlaus

Í síbreytilegu atvinnuumhverfi er ljóst að störf hafa mismunandi merkingu á milli kynslóða, og jafnvel innan líðandi áratuga. Því er mikilvægt að fjarlægja lýðfræðitengingar hratt úr störfum, samkvæmt Sigríði Hrund Pétursdóttur, fjárfesti og framkvæmdastýru Vinnupalla.

„Hamar er hamar hvar sem er í heiminum og vísindi eru í eðli sínu kynlaus. Það erum við sjálf, samfélagið, sem búum til óþarfa múra í atvinnulífinu með því að hlaða vægi á störf eftir lýðbreytum eins og aldri, kynjum og uppruna," segir Sigríður Hrund. „Slíkar tengingar eru til þess fallnar að hægja á nauðsynlegri blöndun og nýsköpun í atvinnulífinu. Störf eru bara störf sama hvers eðlis þau eru eða í hvaða atvinnugrein þau eru."

Sigríður Hrund segir að við verðum að gera okkur grein fyrir hvert við séum að stefna. Ísland sé hluti af alþjóðaþorpinu og hingað leiti sem betur fer erlent vinnuafl í miklum og auknum mæli. „Á árunum 2010-2013 voru erlendir ríkisborgarar innan við 7 prósent af íbúafjölda hér á landi. Í ár eru þeir um 15 prósent. Frá 2010 hefur íslenskum ríkisborgurum fjölgað um 8,4 prósent á meðan erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað um 160 prósent. Augljóst er að Íslendingar fjölga sér ekki í takti við öra atvinnuþróun á landinu og að fólk mun velja að flytja til okkar á næstu árum og áratugum. Til að taka á slíkri örri þróun í fjölbreytni samfélagsins er eðlilegt að ræða um „konur á Íslandi", ekki aðeins „íslenskar konur".

Að sögn Sigríðar Hrundar mun eðli, vægi og virði starfa taka miklum breytingum á næstu áratugum og mikilvægt að sérhver einstaklingur eigi sem bestan möguleika á að finna og sinna starfi við sitt hæfi. „Það er hlutverk okkar allra að sýna samstöðu og velja hvernig atvinnulíf og samfélag við eigum hér á landi."

Íslenskur vinnumarkaður er að sögn Sigríðar Hrundar enn mjög kynskiptur og afar hægt gengur að blanda kynjum innan og á milli atvinnugreina. „Séu árin milli 1991 og 2019 skoðuð, þá hækkaði rýrt hlutfall kvenna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð einungis úr 4 prósentum í 7 prósent samkvæmt mælingu frá Hagstofu Íslands. Í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi fór hlutfallið úr 33 prósentum í 38 prósent á umræddu tímabili og þátttaka kvenna minnkaði úr 44 prósentum í 27 prósent í framleiðslugreinum. Hlutfall kvenna á meðal skrifstofufólks var aftur á móti um og yfir 80 prósent á sama tímabili."

Sigríður Hrund segir stöðuna þurfa að breytast hratt bæði innan atvinnumarkaðar sem og í skólakerfinu. „Samkvæmt samantekt Samtaka iðnaðarins eru nú 55 prósent nemenda í almennu bóknámi á framhaldsskólastigi kvenkyns, en í almennu starfsnámi eru stúlkur 32 prósent nemenda. Í Tækniskólanum eru nú 20 prósent nemenda kvenkyns og hlutfall kvenkyns nemenda í starfsnámi af heildarfjölda kvenkyns framhaldsskólanema er einungis rétt um 20 prósent, sem er það allra lægsta á Norðurlöndunum. Í Finnlandi er sama hlutfall 61 prósent, í Noregi 41 prósent, í Svíþjóð 34 prósent og í Danmörku 31 prósent. Betur má ef duga skal."

Að sögn Sigríðar Hrundar voru alls 43 prósent útskriftarnema úr háskólanámi kvenkyns árið 2020, en einungis 15 prósent útskrifaðra kvenna brautskráðust úr STEM greinum (vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði) á móti 40 prósentum karlkyns útskriftarnema. Séu eingöngu skoðaðar tölur fyrir nemendur sem ljúka framhaldsnámi á háskólastigi, svo sem meistara- og doktorsgráðum, er hlutfallið enn lægra. Hlutfall kvenna sem starfar við þessar greinar er að sama skapi mjög lágt.

Úr rannsókn Hagstofu Íslands á launamun karla og kvenna 2008-2020 segir: „Mikilvægt er að skilja af hverju vinnumarkaðurinn er kynskiptur og af hverju tekjumunur og óleiðréttur launamunur er til staðar. Af hverju vinna karlar meira en konur? Af hverju er námsval og starfsval karla og kvenna ólíkt? Af hverju eru konur ólíklegri til að vera í stjórnunarstöðum? Og af hverju eru laun í svokölluðum kvennastéttum lægri en laun í hefðbundnum karlastéttum? Að hversu miklu leyti endurspeglar munur kvenna og karla á vinnumarkaði val? Hvaða hlutverki gegna viðhorf, félagsleg viðmið, fordómar og kynbundin mismunun? Til þess að svara þessum spurningum er ekki nóg að horfa á eina tölu sem lýsir launamun karla og kvenna, heldur er nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina," segir Sigríður Hrund Pétursdóttir.

Vinnupallar ehf. þakka öllum konum sem prýða síðuna innilega fyrir að standa upp og stíga fram í samstöðu til að benda á að störf eru í eðli sínu kynlaus.

Sérstakar þakkir fá Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch, lífeindafræðingur og framkvæmdastýra Raunvísindastofnunar Háskólans, Fida Abu Libdeh, umhverfis- og orkutæknifræðingur, MBA, stofnandi og eigandi Geosilica, Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, hagfræðingur og deildarstjóri í verðvísitölum á Hagstofu Íslands og Jóhanna Klara Stefánsdóttir, lögfræðingur og sviðsstýra hjá SI.

Jafnrétti er ákvörðun. ■



Frá hægri: Dr. Elisa Piispa, jarðeðlisfræðingur og sérfræðingur hjá Jarðvísindastofnun, Kristbjörg Anna Þórarinsdóttir, doktorsnemi í eðlisfræði, dr. Sigríður Guðrún Suman, efnafræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, dr. Eniko Bali, jarðfræðingur og dósent við Háskóla Íslands, dr. Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch, lífeindafræðingur og framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar, dr. Anna Helga Jónsdóttir, tölfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.

MYND/KRISTINN INGVARSSON

Fær sting í hjartað við tilhugsunina um ójafnrétti

„Á kvenréttindadeginum er vert að staldra við og hugleiða hvar við konur stöndum í dag. Það er í raun ótrúlegt að hugsa til þess að konur hafi þurft að berjast fyrir því að hafa sömu réttindi og karlar. Í mínum huga eru allir jafnir og ekki á að mismuna fólki eftir kyni. Á sama tíma sem ég fagna þeim sjálfsögðu réttindum sem konur hafa í dag, fæ ég sting í hjartað við að hugsa til þess að svo er ekki um heim allan.“

Þetta segir Díana Óskarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Díana var skipuð í embætti þann 1. október 2019 og hefur því sinnt embættinu í rúm tvö og hálft ár.

„Starfið er í senn krefjandi og mjög gefandi. Áskoranir eru miklar og felast meðal annars í að halda rekstri stofnunarinnar innan fjárlaga,“ upplýsir Díana.



Díana Óskarsdóttir hefur gegnt embætti forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands frá 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Brennur fyrir heilbrigðismálum

Díana fæddist á Selfossi en bjó til fimmtán ára aldurs í Svíþjóð. Síðan hefur hún bæði búið á höfuðborgarsvæðinu og Selfossi, þar sem hún býr í dag.

„Ég er svo lánsöm að eiga þrjú yndisleg börn sem ég er afar stolt af, og þess utan á ég frábæra fjölskyldu sem er mér afar dýrmæt. Fjölskyldan er stór og við erum dugleg að hittast og njóta lífsins saman,“ segir Díana, sem hefur mikinn áhuga á heilbrigðismálum.

„Ég brenn fyrir þeim málaflokki. Eftir stúdentspróf var ég staðráðin í að læra eitthvað sem tengdist heilbrigðisgeiranum og varð geislafræði fyrir valinu. Ég hef alltaf haft unun af því að takast á við skemmtilegar áskoranir og hélt áfram að mennta mig á hinum ýmsu sviðum, eins og í kennslufræðum, stjórnun og lýðheilsuvísindum. Allt frá því ég lauk námi hef ég verið heppin að fá tækifæri til að sinna störfum sem hafa í senn verið fjölbreytileg, áhugaverð, krefjandi og umfram allt skemmtilegt. Það er ómetanlegt að vinna í umhverfi sem veitir manni hvatningu og gleði.“

Hvatning til að halda áfram

Hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) starfa ríflega 500 konur, en það eru um 80 prósent af öllu starfsfólki stofnunarinnar. Margar konur sinna stjórnunarstörfum og í framkvæmdastjórn sitja þrjár konur og tveir karlar.

„Það er ánægjulegt að segja frá því að HSU hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar á síðasta ári. Til þess að hljóta hana þarf að vera jafnvægi á hlutfalli kynjanna í efsta lagi stjórnunar. Oft er talað um að blöndun kynja í stjórnum hafi jákvæðari áhrif á árangur fyrirtækja en einsleitar stjórnir. Það er mín skoðun að fjölbreyttur mannauður hafi góð áhrif á starfsemina, sem og starfsánægju og frammistöðu í starfi. Umbótastarf og nýsköpun verður líka öflugra í hópi fólks með ólíkar skoðanir og bakgrunn,“ greinir Díana frá.

Mikilvægt skref náðist í jafnréttismálum HSU þann 4. maí 2020, þegar stofnunin náði að uppfylla kröfur sem gerðar eru til jafnlaunavottunar.

„Að ná slíkum áfanga er okkur mikil hvatning að halda áfram á sömu braut. Þessi áfangi er mér sérstaklega hugleikinn og ekki spillti fyrir að jafnlaunavottunin barst okkur í hús á afmælisdaginn minn,“ segir Díana ánægð.

Hún kveðst þakklát fyrir traustið sem henni hefur verið sýnt til að sinna þeim umfangsmiklu og spennandi verkefnum sem embætti forstjóra fylgir.

„Í sjálfu sér tel ég ekki vera meiri áskorun að vera kona í þessu embætti, því mikilvægast er að sinna starfinu af virðingu og alúð. Ég fagna því hins vegar, og tel mikilvægt, að konur hafi jafnan aðgang að störfum sem þessum og þar á kyn ekki að breyta því hvernig valið er í starfið, heldur verðleiki einstaklingsins. HSU er víðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins og ég er svo lánsöm að vinna með frábærum hópi starfsfólks sem vinnur heilshugar að því að veita sjúklingum og öðrum skjólstæðingum örugga og góða heilbrigðisþjónustu.“

Framtíðin er björt

Áskoranir í heilbrigðiskerfi landsins eru í dag fjölmargar.

„Við þurfum svo sannarlega að vera á varðbergi til að mæta þeim vanda sem meðal annars snýr að mönnun og framþróun í heilbrigðisþjónustu. Verkefnin sem bíða okkar innan HSU eru fjölmörg og tækifærin margvísleg, sem er mikilvægt að nýta starfseminni til framdráttar,“ segir Díana.

Hún horfir björtum augum til uppbyggingar og vaxtar innan stofnunarinnar, og hlakkar til að starfa með góðu og öflugu fólki sem hefur áhuga á að taka þátt í uppbyggingunni.

„Það eru spennandi tímar fram undan og konur eiga að sækja fram í atvinnulífinu og sækjast eftir stjórnunarstörfum, sem og öðrum spennandi verkefnum. Við konur verðum að trúa því og treysta að sérfræðiþekking okkar sé metin að verðleikum og að við fáum tækifæri til að vaxa og nýta okkur þá þekkingu og reynslu sem við búum að. Velgengni okkar sem þjóð hlýtur að byggjast á jöfnum tækifærum fyrir alla.“ ■

Heilbrigðisstofnun Suðurlands er við Árveg á Selfossi. Sjá hsu.is

Kemur jafnvægi á hormónastarfsemina

Getur verið að þú finnir fyrir einkennum sem stafa af því að líkami þinn sé farinn að draga úr náttúrulegri framleiðslu estrógens?

Rétt eins og hver kona er mismunandi, eru viðbrögð líkama okkar við lækkandi framleiðslu estrógens einnig mjög mismunandi. Hitakóf og engar blæðingar eru algeng viðbrögð og hafa í gegnum mörg ár verið ein þekktustu einkenni breytingaskeiðsins. Margir vita þó ekki að einkenni eins og svefnleysi, óreglulegar blæðingar, minni orka, heilaþoka/minnisleysi, minni kynlöngun og fleira, geta verið afleiðingar minni estrógenframleiðslu. Þetta getur valdið verulegri skerðingu í lífsgæðum margra kvenna og það er ótrúlega mikilvægt að konur séu meðvitaðar um einkennin. Það eru nefnilega leiðir til þess að öðlast lífsgæðin á nýjan leik og njóta bestu áranna.

Femarelle® er 100 prósent náttúrulegt fæðubótarefni, ætlað fyrir konur sem eru að byrja á breytingaskeiði. Því er ætlað að slá á einkenni tíðahvarfa, sem stafa af minnkandi magni estrógens í líkamanum þegar breytingaskeiðið nálgast.

Það sem gerir Femarelle® sérstakt er ákveðið efnasamband sem kallast DT56a, sem er unnið úr óerfðabreyttu soja og viðurkenndar rannsóknir sýna að örvi estrógennema í staðbundnum vef, slái á einkenni tíðahvarfa og styrki bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum.



Femarelle Recharge er gott fyrir konur sem komar eru á breytingaskeiðið.



Svefnleysi er meðal einkenna breytingaskeiðs en Femarelle getur hjálpað.

> **Ég tók U-beygju í lífinu, svitinn er horfinn, ég sef miklu betur og næ meiri og betri hvíld þannig að dagurinn á eftir verður allt annar.**
>
> Dídí Ásgeirs



Femarelle Rejuvenate
Hentar konum sem eru að upplifa fyrstu einkenni hormónabreytinga og áður en óregla kemst á blæðingar.

Femarelle Recharge
Fyrir konur sem eru komnar á breytingaskeiðið, með blæðingar óreglulegar eða þær hættar.

Femarelle Unstoppable
Fyrir konur sem eru komnar yfir breytingaskeiðið og vilja viðhalda kraftmiklum lífsstíl og vernda beinin á efri árum.



Dídí Ásgeirs upplifir betri svefn og meiri vellíðan með Femarelle.

Mælt með Femarelle® sem fyrstu meðferð

Prófessor Andrea Genazzani, forseti Evrópuráðs í kvensjúkdómafræðum, mælir með Femarelle sem fyrstu meðferð við einkennum breytingaskeiðs. Það hefur færst gríðarlega í aukana að konur reyni fyrir sér með náttúrulegum leiðum áður en þær byrja að taka hormóna og hefur virkni Femarelle® verið staðfest með fjölda rannsókna. ■

Femarelle® er náttúruleg lausn fyrir konur sem vilja koma jafnvægi á hormónastarfsemina. Femarelle® fæst í þremur tegundum sem henta konum á mismunandi stigum breytingaskeiðsins.



Frá vinstri eru Þórný Péturs-dóttir, Þórunn Ingibjörg Pálsdóttir og Margrét Ingi-bergsdóttir, stjórnendur hjá Reiknistofu bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI

> Hér vinnur fyrst og fremst svo frábært starfsfólk og verk-efnin eru fjölbreytt og skemmti-leg.
>
> Þórný Pétursdóttir

Fjölbreytni í starfshópi gerir allt betra

Reiknistofa bankanna hlaut fyrst jafnlaunavottun árið 2019 og hefur sett sér skýr markmið í aðgerðaáætlun í jafnréttismálum. Helmingur stjórnenda eru konur og um 35% starfsmanna.

Helmingur stjórnenda Reiknistofu bankanna (RB) eru konur og eru stjórnendur og starfsfólk afskaplega stolt af þeirri staðreynd. Utan þess er um 35% starfsfólks kvenkyns sem er yfir meðaltali annarra upplýsingatæknifyrirtækja.

Meðal kvenkyns stjórnenda RB eru þær Þórunn Ingibjörg Pálsdóttir, forstöðumaður innlána og greiðslna, Þórný Pétursdóttir, forstöðumaður innheimtu og greiðslukerfa og Margrét Ingibergsdóttir, forstöðumaður kortakerfa. Helstu viðskiptavinir RB eru bankar og aðrar fjármálastofnanir og eru þær sammála um að það skipti miklu máli að ólíkir einstaklingar sitji við borðið þegar teknar eru ákvarðanir sem varða viðskiptavini bankanna. „Viðskiptavinir bankanna endurspegla fjölbreytileika mannlífsins og það skiptir máli að það sé fjölbreyttur hópur sem komi að ákvörðunum sem snerta þessa viðskiptavini. Svo er líka mikilvægt fyrir starfsfólk okkar að hafa fyrirmyndir af öllum kynjum og sjá að hér eru tækifæri til starfsþróunar og að láta gott af sér leiða," segir Þórunn.

Mjög eðlileg þróun

Raunar segja þær starfsfólk upp til hópa svo vant háu hlutfalli kvenkyns stjórnenda að það taki varla eftir því. „Hér starfa svo margar hæfar konur að þessi þróun í fjölda kvenkyns stjórnenda hefur bara gerst á mjög eðlilegan hátt," segir Margrét.

Þær kjósa reyndar frekar að nota orðið fjölbreytni í stað jafnréttis. „Þannig horfum við víðara á þetta en áður. Fyrst og fremst viljum við nefnilega fjölbreytni innan RB, hvort sem það snýr að kyni, aldri, menntun eða öðrum þáttum. Við höfum rekið okkur á það fyrir löngu að fjölbreytni gerir allt hópastarf miklu betra. Auk þess er það hollt að okkar mati að viðskiptavinir okkar sjái hvað við búum yfir fjölbreyttum starfskrafti."



Gönguhópur RB á góðri stund á leið upp Snæfell.



Það er öflugt félagslíf hjá RB og margt brallað saman.

> Fyrst og fremst viljum við nefnilega fjölbreytni innan RB, hvort sem það snýr að kyni, aldri, menntun eða öðrum þáttum.
>
> Þórunn Ingibjörg Pálsdóttir

Laun kvenna hærri

Stjórnendur RB hafa ráðist í ýmsar aðgerðir á undanförnum árum til auka jafnrétti og fjölbreytileika innanhúss. RB hlaut fyrst jafnlaunavottun árið 2019 og gekk í gegnum s.k. endurvottunarúttekt í apríl sem gekk mjög vel. „Niðurstaðan var sú að jafnlaunakerfi RB uppfyllir kröfur jafnlaunastaðalsins og nú gildir jafnlaunavottunin til ársins 2025. Í launagreiningu sem var framkvæmd í apríl var niðurstaðan sú að laun kvenna voru í fyrsta skipti hærri en laun karla," segir Þórný.

Ekki má gleyma breyttri hugtakanotkun í ræðu og riti en hjá RB er lögð mikil áhersla að segja ekki alltaf „þeir" heldur „þau" þegar talað er um hóp fólks. Þar sem umræðan í þessum tæknigeira hallast oft að því að verða heldur karllæg þá er mikilvægt að hafa þetta í huga, sérstaklega þar sem miðað er að því að fá ungt fólk til starfa.

Margt hefur breyst

Þórunn, Þórný og Margrét hafa verið mislengi á vinnumarkaði en allar greina þær breytingar í rétta átt þótt vissulega gætu þær verið hraðari. „Ég er búin að vera í þessum bransa í hátt í 40 ár og jafnrétti meðal kynjanna hefur verið að breytast jafnt og þétt allan tímann. Á síðasta vinnustað mínum voru aðstæður kannski svipaðar og hér hjá RB en það er mjög mikill munur á fyrsta vinnustaðnum mínum fyrir öllum þessum árum síðan og hvernig staðan er í dag. Á fyrsta staðnum sem ég vann á sem tölvunarfræðingur var ég eina konan," segir Þórunn.

Margrét hefur áður starfað hjá tveimur stærri tæknifyrirtækjum. „Kynjahlutfallið þar var mjög ólíkt eftir deildum. Sums staðar var það gott en svo síðra í öðrum deildum en starfsemin þar var reyndar mun fjölbreyttari en hér hjá RB."

Haldið áfram á sömu braut

Þær segja RB leggja sig fram um að skapa umhverfi þar sem starfsfólki líður vel og ráða til sín starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn. Enda hefur starfsánægja mælst há hjá fyrirtækinu og lykilatriði þar er að bjóða upp á gott starfsumhverfi þar sem fólki líður vel. „Það er því mikilvægt að halda áfram á sömu braut og RB hefur sett sér skýr markmið í aðgerðaáætlun sinni í jafnréttismálum sem gildir til loka árs 2022 og sem er aðgengileg öllum á heimasíðu fyrirtækisins. Innan RB starfa þrjú svið, hugbúnaðarsvið, tæknirekstur og skrifstofa forstjóra og þrátt fyrir að hlutfall kvenna sé hátt hjá RB miðað við önnur upplýsingatæknifyrirtæki þá starfa þær flestar innan hugbúnaðarsviðsins og næsta áskorun er að auka hlut kvenna í störfum í tæknirekstri," segir Margrét.

Skemmtilegur vinnustaður

RB er eftirsóttur vinnustaður og eru þær sammála um að það sé mjög gott að vinna þar. „Hér vinnur fyrst og fremst svo frábært starfsfólk og verkefnin eru fjölbreytt og skemmtileg enda snerta þau flest öll almenning á hverjum degi með einum eða öðrum hætti. Ég man að þegar ég hóf störf hér sagði margt fólk í kringum mig: „Það vinnur svo gott fólk hjá RB" og það reyndist svo sannarlega rétt. Hér er líka boðið upp á öflugt félagslíf en hjá RB er meðal annars starfandi kór, gönguhópur og nokkrar hljómsveitir," segir Þórný. ■

Haldið upp á 55 ára afmæli Hallveigarstaða með hátíðardagskrá á morgun

oddurfreyr@frettabladid.is

Kvennaheimilið Hallveigarstaðir, Kvenréttindafélag Íslands og Bandalag kvenna í Reykjavík standa fyrir afmælishátíð á morgun, sunnudaginn 19. júní, í tilefni af 55 ára afmæli Hallveigarstaða.

Hátíðin fer fram á Hallveigarstöðum á Túngötu 14 milli klukkan 14 og 16 á morgun og í tilefni dagsins verður opið hús og stutt afmælisdagskrá. Allir eru velkomnir á hátíðina.

Forsetafrúin, frú Eliza Reed, verður heiðursgestur á hátíðinni og flytur ávarp, farið verður yfir sögu hússins og kvennakórinn Hrynjandi mun syngja nokkur lög.

Kvennaheimilið var vígt árið 1967 og nefnt í höfuðið á Hallveigu Fróðadóttur, fyrstu húsfreyjunnar í Reykjavík, eiginkonu Ingólfs Arnarsonar.

Ýmis félagasamtök sem berjast fyrir kvenréttindum og jafnréttismálum hafa aðsetur þar, svo sem Bandalag kvenna í Reykjavík, Druslubækur og doðrantar, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands og W.O.M.E.N. in Iceland – Samtök kvenna af erlendum uppruna. ■



Á morgun verður haldið upp á 55 ára afmæli Hallveigarstaða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Við þurfum öll að gera reglulega naflaskoðun þegar kemur að fordómum, því við erum öll haldin þeim, oftast án þess að vita af því. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kona á bak við tjaldið

jme@frettabladid.is

Fæst viljum við viðurkenna að við séum haldin fordómum, en sannleikurinn er sá að flest erum við það þó, oftast án þess að gera okkur grein fyrir því. Til eru fjölda mörg dæmi sem sýna fram á einmitt þetta, og eitt af þeim tengist tónlistarheiminum.

Gæði tónlistarflutnings er eitthvað sem ætti ekki að ákvarðast af kyni flytjandans, en svo virðist sem kyn flytjanda hafi og geti líklegast enn haft mikil áhrif á það hvernig við dæmum flutninginn.

Frá árinu 1950 hafa flestar sinfóníuhljómsveitir gert byltingarkenndar breytingar á því hvernig ráðið er inn nýtt tónlistarfólk í bandið, og tilgangurinn var að útiloka að ráðning byggði á kyni flytjandans. Margar hljómsveitir gerðu þær breytingar að bjóða fleirum í áheyrnarprufur en áður, í stað þess að ráða tónlistarmenn sem voru útvaldir af hljómsveitarstjórnanda. Af þeim sökum ráða flestar hljómsveitir inn tónlistarmenn eftir þrjár umferðir af lifandi og hljóðrituðum flutningi.

» Gæði tónlistarflutnings ættu ekki að ákvarðast af kyni flytjandans, en svo virðist sem kyn geti líklegast enn haft áhrif á hvernig við dæmum flutninginn.

Að auki gerðu sumar sinfóníuhljómsveitir þær breytingar að bæta við tjaldi. Umsækjendur fluttu verkin í áheyrnarprufunum bak við tjaldið, sem kom í veg fyrir að dómnefndin gæti séð kyn flytjandans eða þekkt hann. Áhrifin eru með ólíkindum. Á árunum sem fylgdu þessum breytingum hefur prósentuhlutfall kvenkyns tónlistarmanna í fimm best metnu sinfóníuhljómsveitum í Bandaríkjunum aukist gífurlega. Árið 1970 hafði hlutfall kvenna aukist um sex prósent og árið 1993 um 21 prósent. Miðað við hæga útskiptingu á hljómsveitarmeðlimum benda þessar tölur til þess að aukningin sé markverð. ■

Þinn stuðningur skiptir máli
fyrir konur í Sómalíu

Rauði krossinn rekur færanlega heilsugæslu víða, m.a. í Sómalíu. Þangað leita mæður með börn sín í ungbarnaeftirlit og bólusetningar, fá ráðgjöf og getnaðarvarnir.

Komdu í hóp Mannvina
Rauða krossins

www.mannvinur.is





RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN KONUR!

Rafiðnaðarsamband Íslands sendir konum um land allt baráttukveðjur í tilefni dagsins

Rafiðnaðarsamband Íslands leggur áherslu á að tryggja jafnan rétt allra óháð kyni

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS ER STOLTUR BAKHJARL

UN WOMEN ÍSLAND

AÐILDARFÉLÖG RAFIÐNAÐARSAMBANDSINS

RFS · FIR · UNG · FÉLAG TÆKNIFÓLKS · RFN · GRAFÍA · FÉLAG RAFIÐNAÐARMANNA SUÐURLANDI

Markviss og margþætt vinna í þágu jafnréttis

Samstæðan 1912 á rætur að rekja til þess árs, sem var áður en konur fengu kosningarétt á Íslandi. Á þessum 110 árum hefur orðið gríðarleg þróun innan samstæðunnar í þágu jafnréttis og þar er lögð mikil áhersla á að setja töluleg markmið og fylgja þeim eftir.

„Samstæðan 1912 á þrjú dótturfélög: Nathan & Olsen, sem var stofnað árið 1912, Ekruna og Emmessís," segir Anna H. Johannessen, mannauðsstjóri 1912. „Nathan & Olsen sérhæfir sig í sölu og makaðssetningu á vörumerkjum á snyrti- og dagvörumarkaði. Ekran þjónustar stóreldhús og matvælaiðnað með breiðu vöruúrvali og svo er það Emmessís, sem er nú vörumerki út af fyrir sig, en þar framleiðum við og sjáum um sölu á íslenskum og erlendum ís."



Anna H. Johannessen, mannauðsstjóri 1912, segir að það sé mjög auðvelt að vera með háfleyg loforð en til að þau standist þurfi að setja markmið og taka meðvitaðar ákvarðanir til að fylgja þeim eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikilvægt að fylgja markmiðum eftir

„Það sem gefur samstæðunni sérstöðu er að sjálfsögðu okkar öflugi og fjölbreytti mannauður, sem myndar fyrirtækjamenningu þar sem liðsheildin er höfð að leiðarljósi," segir Anna. „Hjá samstæðunni starfar frábært starfsfólk sem er 150 talsins og við leggjum ríka áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs. Vinnustaðamenningin er þannig að samskiptin eru góð, við höfum alltaf haft góðan starfsanda og mikil virðing er borin fyrir samstarfsfólki.

Við erum sérstaklega umbóta- og framfarasinnuð og það sýnir sig í að við erum ISO 9001 vottuð, með nýjustu tækni í okkar vinnu og erum sífellt að finna leiðir til þess að þróa okkur áfram," útskýrir Anna. „Okkur hefur líka fundist mikilvægt í okkar starfsemi að setja okkur töluleg markmið til að vinna að og fylgja eftir. Sagan hefur sýnt að ef mismunun eða skekkja er ekki dregin fram í dagsljósið, þá er hún ekki leiðrétt. Svo þarf að setja töluleg markmið og aðgerðaáætlanir um hvernig eigi að gera það. Ég myndi segja að lykillinn sé að fylgja þessum atriðum eftir, því annars heldur skekkjan sér."

Mikil meðvituð vinna í þágu jafnréttis

„Þegar Nathan & Olsen var stofnað höfðu konur á Íslandi ekki kosningarétt, en fyrirtækið hefur þróast gríðarlega á þessum 110 árum og ég vil meina að við séum í fararbroddi íslenskra fyrirtækja þegar kemur að jafnrétti kynjanna," segir Anna. „Til að mynda vorum við með þeim fyrstu sem innleiddu jafnlaunavottun árið 2014, sem var heldur óvenjulegt á þeim tíma og fyrir fyrirtæki af þessari stærðargráðu, en jafnlaunavottun var ekki lögfest í landinu fyrr en árið 2017.

Í dag er hlutfall kvenstjórnenda í samstæðunni 42%, sem endurspeglar kynjaskiptingu samstæðunnar, en í framkvæmdastjórn er jafnt hlutfall kvenna og karla. Þessi árangur náðist með því að taka meðvitaða ákvörðun um að auka við hlut kvenna í stjórnendastöðum," útskýrir Anna. „Það er mjög auðvelt að vera með háfleyg loforð en til þess að loforðin standist þá þarf að setja markmið og stjórnendur þurfa að taka meðvitaðar ákvarðanir í takti við þau og fylgja þeim eftir. Þessu höfum við unnið ötullega að og erum gríðarlega stolt af þeim árangri sem við höfum náð."


Í dag er hlutfall kvenstjórnenda í samstæðunni 42%, sem endurspeglar kynjaskiptingu samstæðunnar, en í framkvæmdastjórn er jafnt hlutfall kvenna og karla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Ef mismunun eða skekkja er ekki dregin fram í dagsljósið þá er hún ekki leiðrétt.**
>
> Anna H. Johannessen

Engin dæmigerð kynjaskipting í störfum

„Það sem er fallegt við samstæðuna er að hér eru fjölmörg mismunandi störf og í dag lítum við ekki svo á að um kynjatengd störf sé um að ræða og höfum náð að útrýma ímyndinni af dæmigerðum karla- og kvennastörfum," segir Anna. „Til dæmis eru meiraprófsbílstjórar, lagerstarfsmenn á lyftara og sérfræðingar í snyrtivörudeildinni af öllum kynjum.

Við teljum mikilvægt að fólk hljóti sömu tækifæri óháð kyni, bæði við ráðningar sem og við starfsþróun, en við leggjum ríka áherslu á að þróa starfsfólk í starfi," segir Anna. „Margir af okkar sérfræðingum og stjórnendum í dag hófu störf á öðrum sviðum og hafa fengið stöðuhækkun."

Fleira en kyn skoðað í jafnlaunavinnu

„Núna er líka hafin vinna við að skoða aðrar breytur en kyn í árlegri jafnlaunavinnu okkar, til að mynda uppruna starfsfólks og móðurmál þeirra," segir Anna. „Við teljum þetta vera næsta mikilvæga skrefið í áframhaldandi umbótavinnu jafnréttis." ■

Femínísk sjálfsvörn fyrir konur og trans fólk

Helgina 25.-26. júní verður haldið námskeið í femínískri sjálfsvörn á vegum Slagtogs. Femínísk sjálfsvörn er forvörn gegn kynbundnu ofbeldi með það markmið að draga úr neikvæðum áhrifum sem ofbeldi hefur á líf kvenna og trans fólks.

jme@frettabladid.is

> **Femínísk sjálfsvörn setur ábyrgð á ofbeldinu alltaf á gerendur ofbeldisins.**
>
> Hildur Harðardóttir

Elínborg Hörpu og Önundarbur, líka þekkt sem Elí og Hildur Harðardóttir hafa áður haldið námskeið í femínískri sjálfsvörn samhliða þjálfaranáminu. Slagtog er fyrsti hópurinn sem kennir femíníska sjálfsvörn á Íslandi. Hildur og Elí kynntust femínískri sjálfsvörn í Frakklandi.

„Hún hafði svo jákvæð áhrif á okkur að við höfðum samband við Irene Zeilinger, þjálfara með um 30 ára reynslu í femínískri sjálfsvörn, og báðum hana að hjálpa okkur að verða þjálfarar. Hún tók vel í það og við lukum tveggja ára þjálfaranámi hjá henni í maí," segir Elí.

Elí er með BA í heimspeki. „Ég tók líka nokkrar einingar í meistaranámi í mannfræði og í desember útskrifaðist ég úr rafvirkjun. En mikilvægasta menntun mín hér er diplómunám í femínískri sjálfsvörn," segir Elí.

Hildur er hjúkrunarnemi. „Ég hef sérstakan áhuga á geðheilsu og skaðaminnkun og hef unnið á þeim sviðum síðastliðin fimm ár í athvörfum fyrir konur og á íbúðakjörnum. Í vor lauk ég tveggja ára þjálfaranámi í femínískri sjálfsvörn," segir Hildur.

„Við erum fimm þjálfarar sem skiptumst á að kenna á námskeiðinu og höfum öll lokið tveggja ára námi í femínískri sjálfsvörn. Við eigum það öll sameiginlegt að hafa unnið mikið í félags- og umönnunarstörfum," segir Hildur.

En hvað er femínísk sjálfsvörn?

„Femínísk sjálfsvörn snýst um að valdefla, auka öryggistilfinningu og styrkja sjálfsmynd, en rannsóknir sýna einnig að hún dregur úr neikvæðum áhrifum sem ofbeldi hefur á líf kvenna og trans fólks. Hún snýst ekki bara um að verja sig gegn líkamlegu ofbeldi, heldur einnig hversdagslegu og algengara ofbeldi sem getur leitt til þess að við upplifum valdaleysi og minna sjálfstraust. Dæmi um slíkt er að vera hundsuð, áreitt, ógnað, niðurlægð eða sýnt yfirlæti. Þetta er allt hluti af ofbeldismenningu og er algengt í heimilisofbeldi og kynbundnu ofbeldi," segir Elí.


Elí (t.v.) og Harpa (t.h.) eru sammála um að femínísk sjálfsvörn hafi hjálpað þeim mikið í sínu lífi og vilja dreifa boðskapnum sem víðast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ábyrgðin á gerandann

Á námskeiðunum er farið yfir fjölbreyttar aðferðir sem má beita til að verja sig, allt frá tilfinningalegri og sálrænni yfir í munnlega og líkamlega sjálfsvörn. „Eitt það mikilvægasta við femíníska sjálfsvörn er að hún setur ábyrgðina á ofbeldinu alltaf á gerendur ofbeldis. Hún snýst ekki um að hræða eða takmarka frelsi kvenna og trans fólks með því að setja boð og bönn um að fara í bíl með ókunnugum, labba ein heim að kvöldi til, slíta nánu sambandi, klæðast ákveðnum fatnaði og fleira. Þvert á móti er áhersla lögð á valdeflingu með því að bjóða upp á tæki og tól til að auka valmöguleika þátttakenda í aðstæðum sem þau óttast, sem oft leiðir til aukinnar öryggistilfinningar og sjálfstrausts," segir Hildur.

Ólíkir hópar

„Við bjóðum upp á námskeið í femínískri sjálfsvörn fyrir ólíka hópa með mismunandi áherslum," segir Elí. „Í þjálfaranáminu sérhæfðum við okkur meðal annars í sjálfsvörn fyrir börn og unglinga og nýlega sóttum við um styrk til að byrja námskeið fyrir þann hóp, vonandi í samstarfi við skóla og félagsmiðstöðvar," segir Hildur. „Við erum í alþjóðlegu samstarfi með pólsku félagasamtökunum Autonomia sem koma til landsins í júlí og halda námskeið í WenDo (önnur tegund FSV) fyrir pólskar stelpur 8-12 ára 9. júlí, og pólskar konur 10. júlí. Í haust förum við á Seyðisfjörð með námskeið fyrir hinsegin listafólk," segir Elí.

Fyrir konur og trans fólk

Öll námskeiðin eiga sameiginlegt að vera einungis opin konum og trans fólki. „Helst er tilgangurinn að skapa öruggara rými fyrir þessa hópa. Konur og trans fólk eru oftast þolendur annars konar ofbeldis í öðruvísi aðstæðum en sís karlmenn. Því þarf öðruvísi áherslur á námskeiðunum. Femínísk sjálfsvörn leggur áherslu á að auka sjálfsákvörðunarrétt og völd einstaklinga yfir eigin lífi, en ofbeldi er yfirleitt notað til að takmarka hvort tveggja," segir Hildur. Elí bætir við: „Konur og hinsegin fólk verða reglulega fyrir kynbundnu ofbeldi og mismunun vegna kynvitundar og -tjáningar. Og tölfræðin sýnir að sís karlmenn eru langoftast gerendur, óháð tegund ofbeldis. Sá hópur þarf líklega annars konar nálgun en sjálfsvarnarþjálfun."

„Öll sem hafa lifað í þessu samfélagi sem konur, kvár eða trans menn hafa beitt sjálfsvörn á einn eða annan hátt, meðvitað og ómeðvitað. Vonandi taka þátttakendur með sér enn fleiri sjálfsvarnaraðferðir, dýpri skilning á kynbundnu ofbeldi og sögur af sigrum annarra til að nota sem innblástur í daglegu lífi," segir Elí.

„Það skiptir ekki máli á hvaða aldri þú ert þegar þú kynnist femínískri sjálfsvörn, hún hefur alltaf eitthvað fram að færa," eru þau sammála um. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Við leitum að orkuboltum til að móta nýtt fyrirtæki og stýra því

Spennandi kafli í sögu íslenskra orkuviðskipta er að hefjast með stofnun nýs fyrirtækis sem mun reka heildsölumarkað raforku. Fyrirtækið verður sjálfstætt og þar verða spennandi störf við innleiðingu nýrra aðferða í orkuviðskiptum hérlendis.

Heildsölumarkaður raforku skilar neytendum hagkvæmasta verði hverju sinni og verður um leið lykilhlekkur í orkuöryggi og gagnsæi orkuverðs. Við leitum að öflugu, skapandi og lausnamiðuðu fólki til að taka þátt í undirbúningi og rekstri fyrirtækisins.

Framkvæmdastýra/-stjóri

Undirbúningur og innleiðing heildsölumarkaðar raforku í samstarfi við hagaðila raforkumarkaðarins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, færni í ræðu og riti.
- Frumkvöðlahugsun, leiðtogafærni, samskiptahæfni.
- Frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðuð hugsun.
- Þekking og reynsla úr atvinnulífi og viðskiptum.

Sérfræðingur

Þróun og greiningar vegna hönnunar og innleiðingar heildsölumarkaðar raforku.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Frumkvöðlahugsun, leiðtogafærni, samskiptahæfni.
- Frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðuð hugsun.
- Þekking og reynsla af þróun, greiningu og innleiðingu breytinga.

Allar umsóknir eru trúnaðarmál og þeim verður svarað að ráðningu lokinni. Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran, **thelma@intellecta.is** og Einar S. Einarsson framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs Landsnets, **einare@landsnet.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2022.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Fjölskyldusvið Seltjarnarnesbæjar

Félagsráðgjafi - laust starf

Fjölskyldusvið Seltjarnarnesbæjar auglýsir eftir félagsráðgjafa í fullt starf.

Helstu verkefni og ábyrðarsvið

- Félagsleg ráðgjöf, þjónusta og stuðningur við einstaklinga.
- Móttaka, skráning, könnun og eftirfylgni mála.
- Barnavernd.
- Vinna með einstaklingum, fjölskyldum og samstarfsaðilum vegna vinnslu mála.
- Þverfagleg teymisþátttaka.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið félagsráðgjafi.
- Meistarapróf í félagsráðgjöf er æskileg.
- Þekking og reynsla á sviði félagsþjónustu og barnaverndar.
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum, samstarfi og teymisvinnu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skilað á **Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar** undir ***www.seltjarnarnes.is – Störf í boði.*** **Þar má einnig finna ítarlegri kynningu á starfinu og starfssviðinu.**

Umsóknarfrestur er t.o.m. 4. júlí 2022.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Seltjarnarnesbæjar og viðkomandi stéttarfélags. Jafnlaunavottun er í gildi hjá Seltjarnarnesbæ.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

Laus staða við bókasafnið í Vogum

Bókasafnið í Sveitarfélaginu Vogum, Lestrarfélagið Baldur, óskar eftir að ráða starfsmann á bókasafn í 50% starf. Bókasafnið er starfrækt í Stóru-Vogaskóla og er skólasafnið hluti af því.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Annast upplýsingagjöf og afgreiðslu.
- Móttaka og frágangur safnkosts.
- Leiðbeina og veita safngestum og nemendum aðstoð.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Áhugi og þekking á bókmenntum og útgáfu.
- Góð íslenskukunnátta, annað tungumál er kostur.
- Tölvukunnátta og færni í netnotkun.
- Nákvæmni, samviskusemi og góð samskiptafærni er nauðsyn.
- Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára.
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum.
- Ábyrgð og stundvísi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi sveitarfélags við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 30. júní og skulu umsóknir berast á netfangið hilmar@vogar.is

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 440-6250/844-6764.

Fjármála-stjóri

Auglýsingastofan Pipar\TBWA leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf fjármálastjóra. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf á skemmtilegum vinnustað.

Starfið felst í umsjón og ábyrgð bókhalds og fjármála, áætlanagerð og eftirfylgni með áætlunum. Einnig kemur viðkomandi að hvers kyns greiningum tengdum rekstri.

Viðkomandi gefst tækifæri til að þróa og innleiða nýja ferla sem bæta vinnulag og upplýsingagjöf. Starfið krefst mikilla samskipta við stjórnendur og starfsfólk.

Starfssvið:
- Umsjón og ábyrgð á daglegri fjármálastjórn.
- Umsjón, ábyrgð og eftirfylgni með fjárhags- og rekstraráætlunum.
- Ábyrgð á fjárstýringu, greiðsluflæði og innheimtu.
- Greiningarvinna og gerð stjórnenda-upplýsinga.
- Kostnaðareftirlit og gerð verkferla.
- Umsjón og ábyrgð á milli- og ársuppgjörum.
- Umsjón og eftirfylgni með tímaskráningum og verkbókhaldi.
- Aðkoma að fjölbreyttum verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf á sviði viðskipta og/eða rekstrar. Meistarapróf æskilegt.
- 3–5 ára reynsla af sambærilegu starfi.
- Góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Reynsla af greiningarvinnu og framsetningu fjármálaupplýsinga.
- Þekking og reynsla af DK er kostur.
- Reynsla af alþjóðlegum viðskiptum er kostur.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af umbótaverkefnum og sjálfvirknivæðingu.
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hóp.

Umsóknarfrestur um er til og með **27. júní** nk.
Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Pipar\TBWA er alþjóðleg auglýsingastofa með skrifstofur í Reykjavík og Osló. Stofan og dótturfélög eru með alþjóðleg verkefni á Norðurlöndum, Evrópu og N-Ameríku. Einkennismerki okkar er Disruption® en með því stefnumótunartóli aðstoðum við vörumerki við að feta ótroðnar slóðir og skapa sérstöðu.
Við leggjum áherslu á gæði og árangur með það að leiðarljósi að vera sveigjanlegur og fjölskylduvænn vinnustaður. Því til viðbótar er að sjálfsögðu alltaf gaman í vinnunni!

Umsjón með starfinu hafa
Jensína K. Böðvarsdóttir (**jensina@vinnvinn.is**)
og Garðar Ó. Ágústsson (**gardar@vinnvinn.is**)

Pipar\TBWA

vinnvinn

Framkvæmdastjóri

Iceland Westfjords Seafood ehf. var stofnað árið 2014 og er sölu- og markaðsfyrirtæki á sjávarafurðum í eigu stærstu sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum. Félagið hefur sérhæft sig á ákveðnum markaðssvæðum erlendis með tilteknar vörutegundir í fararbroddi.

Iceland Westfjords Seafood ehf. leitar að öflugum, drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að annast daglegan rekstur félagsins. Verkefnin eru afar fjölbreytt og krefjast þau hæfni í mannlegum samskiptum ásamt færni í rekstri, fjármálum og upplýsingatækni.

Helstu verkefni:

- Umsjón með daglegum rekstri fyrirtækisins.
- Stefnumótun félagsins í samstarfi við stjórn, útfærsla og framkvæmd.
- Samskipti og tengsl við hagaðila.
- Öflun og yfirumsjón með sölu- og sölusamningum félagsins.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri.
- Reynsla af fjármálum, markaðsstarfi og/eða upplýsingatækni er kostur.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum, lipurð og jákvætt viðmót.
- Skilvirk vinnubrögð, yfirsýn og frumkvæði.
- Færni í að tjá sig í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsjón með starfinu hefur Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun óskar eftir að ráða sviðsstjóra sviðs aðalskipulags og sviðsstjóra sviðs stefnumótunar og miðlunar.

Leitað er að einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við fjölbreytt verkefni, hafa áræði og þekkingu til að leiða verkefni og getu til að leysa verk á eigin spýtur og í samstarfi við aðra.

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila.

Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og heyrir undir innviðaráðuneytið.

*Hjá stofnuninni ríkir góður starfsandi og í boði er góð starfsaðstaða. Nánari upplýsingar má finna á **www.skipulag.is**.*

Sviðsstjóri aðalskipulags

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

MARKAÐSKÖNNUN

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) hefur í hyggju að taka á leigu 8.000-20.000 fermetra nútímalegt og sveigjanlegt skrifstofuhúsnæði sem áformað er að nýta undir ýmsar stofnanir ríkisins. Um markaðskönnun er að ræða og felur hún ekki í sér loforð um viðskipti.

Miðað er við að taka á leigu húsnæði sem er tilbúið til notkunar innan 12-18 mánaða frá undirritun leigusamnings. Til greina kemur að afhenda að lágmarki 4.000 fermetra innan 12 mánaða og afganginn samkvæmt samkomulagi.

Gert er ráð fyrir að leigutími verði 15-25 ár auk mögulegrar framlengingar.

Gerð er krafa um staðsetningu miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, í nálægð við stofnbrautir, almenningssamgöngur og aðra skrifstofu- og þjónustustarfsemi.

Þess er óskað að þeir aðilar sem telja sig uppfylla ofangreindar kröfur og hafa áhuga á þátttöku í markaðskönnuninni afli nánari upplýsinga inn á vefnum **utbodsvefur.is** þar sem einnig er excelskjal sem upplýsingar skulu færðar inn í.

Fyrirspurnir varðandi markaðskönnun þessa skulu berast á netfangið leiguhusnaedi@fsre.is. Fyrirspurnarfrestur rennur út **15. júlí** nk. Fyrirspurnir verða birtar og svarað á utbodsvefur.is.

Þeir aðilar sem hafa áhuga á að taka þátt í markaðskönnun þessari og skila inn umbeðnum gögnum skulu senda tölvupóst þess efnis á leiguhusnaedi@fsre.is eigi síðar en **2. ágúst** nk.

Framkvæmdasýslan Ríkiseignir

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík I Sími **588-9090** I **eignamidlun.is**



Tómasarhagi

107 Reykjavík

Sérhæð - Í leigu út árið 2022 | 115,9 fm | 4ra herb.



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari, löggiltur fasteignasalii
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

103.500.000



OPIÐ HÚS
20. júní 17:00-17:30

Hæðargarður 7

108 Reykjavík

Fjölbýli | 61,7 fm | 2ja herb.



Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
bjarni@eignamidlun.is
895 9120

46.900.000



Skógarvegur 6

103 Reykjavík

Íbúð - Fataherbergi - Sérafnotareitur | 75,7 fm | 2ja herb.



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari, löggiltur fasteignasalii
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

68.000.000



OPIÐ HÚS
20. júní 17.30-18.00

Birtingakvísl 10

110 Reykjavík

Raðhús - sérinngangur | 105 fm | 4 herb.



Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

78.900.000



OPIÐ HÚS
22. júní 17:00-17:30

Lækjasmári 54

201 Kópavogur

Stæði í bílgeymslu | 107,4 fm | 4 herb.

64.900.000



Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
824 9096



Hvassaleiti 58

103 Reykjavík

Íbúð | 75.7 fm | 2 herb.

54.900.000



Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og Löggiltur fasteignasali
herdis@eignamidlun.is
694 6166



OPIÐ HÚS
20. júní 17:00- 17:30

Lyngmóar 6


210 Kópavogur

Íbúð | 114,9 fm | 3 herb.

68.900.000



Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og Löggiltur fasteignasali
herdis@eignamidlun.is
694 6166



Austurhólar 6 – Selfoss

Nýjar íbúðir til sölu

Við Austurhóla 6 á Selfossi er Stofnhús ehf. að reisa glæsilegt fjölbýlishús með 40 glæsilegum og vel skipulögðum íbúðum. Íbúðirnar eru tveggja til fjögurra herbergja og stærð þeirra er frá 55 til 110 m² með geymslu innan íbúðar. Með íbúðum á 1. hæð fylgir séreignarreitur (timburpallur) og rúmgóðar svalir fylgja íbúðum á 2. til 5. hæð.

- Allar íbúðir eru fullfrágengnar að innan með fallegum innréttingum.
- Kaupendum stendur til boða að uppfæra innréttingar og tæki.
- Á jarðhæð er hjóla- og vagnageymsla í sameignarrými.
- Möguleiki er að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla við bílastæði.
- Falleg náttúra er allt um kring og stutt er í ýmiss konar útivistarmöguleika.

Opið hús í Bankanum Vinnustofu, gamla Landsbankahúsnæðinu á Austurvegi 20 Selfossi sem hér segir:

Þriðjudagur	**21.06.** frá kl.	**16:00 – 17:00**
Miðvikudagur	**22.06.** frá kl.	**16:00 – 17:00**
Fimmtudagur	**23.06.** frá kl.	**16:00 – 17:00**
Föstudagur	**24.06.** frá kl.	**16:00 – 17:00**
Laugardagur	**25.06.** frá kl.	**14:00 – 15:00**
Sunnudagur	**26.06.** frá kl.	**14:00 – 15:00**

Nánari upplýsingar á stofnhus.is



LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN



Þórarinn Thorarensen
Löggiltur fasteignasali
770 0309 | th@landmark.is

BORG FASTEIGNASALA



Sigurður Fannar Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
897 5930 | siggifannar@fastborg.is

Stofnhús

Hlíðasmára 2 201 Kópavogi
stofnhus@stofnhus.is - stofnhus.is

MIKLABORG | Með þér alla leið

Glæsilegar nýjar íbúðir í Vogabyggð

104 Reykjavík



verið velkomin í

OPIÐ HÚS

í dag laugardag 18. júní

kl. 12 - 14

Arkarvogur 2-8



Glæsilegt **nýtt** fjölbýlishús með **47 íbúðum**.

Fjölbreyttar stærðir íbúða: **2ja - 5 herbergja**.

Nokkrar íbúðir með **einstöku sjávarútsýni**

Bílastæði fylgir öllum íbúðum

Eldhúseyja í öllum íbúðum, sem eftir eru

Íbúð nr.	Samtals stærð	Herb.	Bílast.	Verð
102	101,9 fm	4	1	**81,9 millj.**
105	171,4 fm	4	1	**111,9 millj.**
108	123,6 fm	4	1	**99,9 millj.**
302	102,8 fm	3	1	**81,9 millj.**
305	99,7 fm	3	1	**81,9 millj.**
307	142,9 fm	5	1	**102,9 millj.**
407	148,8 fm	5	1	**106,9 millj.**
408	100,4 fm	3	1	**85,9 millj.**













Þökkum frábærar viðtökur.
Aðeins **8 íbúðir eftir** af **47! Tryggðu þér íbúð** á þessum veðursæla stað **miðsvæðis** í Reykjavík. **Hafið samband** við sölumenn okkar og fáið nánari upplýsingar:

Svan
G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Elín
Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Jórunn
Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Árni Davíð
Bergs
aðst. fasteignasala
Sími: 625 2500
arni@miklaborg.is

Íris Arna
Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is





TRAUSTUR BYGGINGARADILI SÍÐAN 1998 | ÞG-VERK

MIKLABORG | Með þér alla leið



Dalsbraut 2
260 Njarðvík - Reykjanesbæ



24 glæsilegar íbúðir í nýju lyftuhúsi á frábærum stað

- Stærðir **80 - 101 fm**
- **4ra** og **5 herbergja**
- Íbúðirnar **afhendast fullbúnar** með gólfefnum
- **Glæsilegt útsýni** af efri hæðum
- **Sérmerkt bílastæði** fylgir hverri íbúð

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is





Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og lögg. fasteignasali
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Dalbrekka 8
200 Kópavogur

Glæsileg og björt 5 herb. 139 fm útsýnisíbúð á 7. h

- Fjögur svefnherbergi
- Fallegt opið eldhús með eyju
- Glæsilegt útsýni
- Þrennar svalir í íbúðinn þar af 30,6fm Þaksvalir.
- Tvö stæði í lokuðu bílahúsi fylgja.

Verð: **119 millj.**



Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Úlfarsbraut 68
113 Reykjavík

Fallegt og vel skipulagt fimm herbergja 210 fm, parhús á frábærum stað í Úlfarsárdal

- 3-4 svefnherbergi
- Tvö baðherbergi
- Vandaðar innréttingar og gólfhiti
- Suðurvalir með góðu útsýni
- Góður og frágenginn garður
- Heitur pottur á verönd
- Innbyggður bílskúr

Verð: **149,5 millj.**



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Ásbúð 58
210 Garðabær

Frábærlega skipulagt og vel staðsett 196,4 fm einbýli á einni hæð

- Fjögur svefnherbergi, góðar stofur með aukinni lofthæð, snyrting, bað og þvottahús
- Tvöfaldur bílskúr.
- Snyrting, bað og þvottahús.
- Falleg lóð
- Hönnuður Kjartan Sveinsson
- Seljendur leita að 3-4 herb. íbúð í Sjálandi og koma skipti vel til greina

Verð: **139 millj.**



Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og lögg. fasteignasali
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is

Maríubaugur 107
113 Reykjavík

Glæsilegt 202,5 fm raðhús á einni hæð teiknað af Manfreð Vilhjálmssyni.

- Opið og bjart alrými með aukinni lofthæð þar sem útgengt er út á verönd til suðvesturs.
- Svefnherbergisgangur með fjórum svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum og tveimur fataherbergjum.
- Innbyggður bílskúr.
- Gólfhiti í opnum rýmum hússins.

Verð: **129,9 millj.**



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Kjarrmóar 38
210 Garðabær

140 fm 6 herbergja raðhús á 2 hæðum með bílskúr

- Fjögur svefnherbergi
- Tvö baðherbergi
- Tvær stofur
- Innbyggður bílskúr

Verð: **99,5 millj.**



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Víðimelur 32
107 Reykjavík

Heil húseign 288 fm

- **Tvær 3ja herb. 74 fm** íbúðir á 1. og 2. hæð.
- **4ra herb. 55,8fm** íbúð í kjallara
- **26 fm stúdíóíbúð** í bílskúr.
- **35 fm bakhúsi** sem búið er að útbúa sem 2ja herbergja íbúð.
- Allar einingar í húsinu eru í langtíma útleigu með góðum leigutekjum.

Verð: **Tilboð**

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS | sunnudaginn 19. júní kl. 16.00 - 16.45

Baugakór 15

203 Kópavogur

Falleg 98 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð með sér-inngangi í lyftuhúsi

- Tvö svefnherbergi
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Stór afgirt verönd 26 fm
- Stórt stæði í bílageymslu.
- Frábær staðsetning í grónu hverfi, örstutt í allt

Verð: **69,9 millj.**

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 6911931
ohb@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS | þriðjudaginn 21. júní kl. 17.00 - 17.45

Heiðnaberg 2

111 Reykjavík

Fallegt 172 fm enda-raðhús þar af 23,3 fm bílskúr

- Samliggjandi borðstofa og stofa, eldhús, þvottahús og geymsla á neðri hæð
- 3 svefnherbergi og bað-herbergi og skáli á efri hæð
- Innbyggður bílskúr
- Gróinn garður og verönd

Verð: **90,9 millj.**

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS | þriðjudaginn 21. júní kl. 17.00 - 17.30

Berjarimi 34

112 Reykjavík

116,5 fm stílhrein og falleg 3ja-4ra herbergja íbúð á tveim hæðum innst í lokaðri húsagötu

- Tvö rúmgóð svefnherbergi
- Tvö baðherbergi
- Sérinngangur og svalir
- 7,1 fm sérgeymsla í kjallara
- Stæði í opinni bílageymslu

Verð: **72,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS | sunnudaginn 19. júní kl. 15.00 - 15.30

Blöndubakki 15

109 Reykjavík

Björt og rúmgóð 3-4ra herbergja 111 fm íbúð á 1. hæð

- Eldhús og stofa
- Tvö svefnherbergi
- Baðherbergi
- Þvottahús og geymsla
- Með eigninni fylgir 15,7fm herbergi í kjallara

Verð: **53,9 millj.**

Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og lögg. fasteignasali
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



Neðra-Nes

311 Borgarbyggð

Glæsileg jörð meðfram Hvítá í suðri og Þverá í ve.

- Miklið graslendi ásamt ræktuðum túnum.
- 330-340 Ha í eigu 2ja aðila
- 1/3 hluti sameiginlega landsins er til sölu ásamt séreign með tveimur sumarhúsum er standa á 1,2 hektara eignarlandi á stórfenglegum stað við Hvítánna.
- Eignir sem þessar koma afar sjaldan í sölu.

Verð: **125 millj.**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is

OPIÐ HÚS | mánudaginn 20. júní kl. 17.30 - 18.15

Gerplustræti 4

270 Mosfellsbær

Glæsileg 3-4 herbergja 114,6 fm íbúð í nýlegu húsi með sérinngangi og frábæru útsýni

- Stórt alrými með stofum og eldhúsi en möguleiki er á auka herbergi þar. forstofa.
- Tvö svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi
- Stórar suðvestur svalir

Verð: **74,9 millj.**



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 6979300
svan@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



Skjólvangur 6

220 Hafnarfjörður

Fallegt 228,4 fm einbýli á tveimur hæðum

- Fimm svefnherbergi
- Endurnýjuð baðherbergi
- Tvennar stofur
- Bílskúr
- Geymslur
- Fallegur garður
- Stutt í fallegar gönguleiðir, skóla, sundlaug, verslanir og þjónustu

Verð: **149 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



Sogavegur 115

108 Reykjavík

Vel staðsett 4ra herb. 100 fm útsýnisíbúð á 2. hæð (efstu)

- 3 svefnherbergi
- Baðherbergi
- Björt stofa og borðstofa
- Eldhús rúmgott með nýlegri innréttingu
- Tvær geymslur í kjallara

Verð: **69,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

TIL LEIGU



Reykjastræti 7 - íb. 213

101 Reykjavík

Glæsileg og björt 101 fm horníbúð á 2. hæð til leigu í Austurhöfn

- Opið eldhús og stór stofa með útgengi á 4,5 fm austursvalir
- Svefnherbergi með fataherbergi innaf og rúmgott baðherbergi með þvottaaðstöðu, sturtu og baðkari
- Heillandi útsýni að Hörpu
- Sermerkt bílastæði í bílageymslu

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali





Hofakur 1

210 Garðabær

Falleg 118,9 fm 3ja herb.íbúð á 1 hæð í lyftuhúsi

- Tvö svefnherbergi
- Úr stofu er opið út á suðursvalir
- Sér þvottahús er innan íbúðar
- Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu

Verð: **82,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 832 3200 Ómar Hvanndal hdl. og aðst. fasteignas
s. 691 1931 Óskar H. Bjarnasen löggiltur fasteignasali



Leitum að ...

- **Íbúð í Hafnarfirði fyrir 60+**
- **4ra herbergja íbúð í Urriðaholti**
- **4ra herbergja íbúð í Setbergi í Hafnarfirði**

HAFIÐ SAMBAND
við Írisi í síma 770 0500





Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is
Jason Ólafsson löggiltur fasteignasali

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

BÚUM VEL



SÉRHÆFÐ LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA MEÐ ÁHERSLU Á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Þingholtin
101 Reykjavík



HAFIÐ SAMBAND við Þröst í síma **897 0634**

- Til sölu **170 fm sérhæð í Þingholtunum** í lyftuhúsi.
- Eignin er eingöngu **í skiptum fyrir 200-400 fm sérbýli** í 101 Reykjavík.



Nánari upplýsingar veitir:
Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is

MIKLABORG 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

---

EIGNAMIÐLUN



Valhallarstígur 1, Þingvellir
806 Selfoss

Sumarhús | 74 fm | 3 herb.

Tilboð



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali / framkvæmdastjóri
kjartan@eignamidlun.is
824 9093

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

FOLD
FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is



Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur

Rakel Viðarsdóttir
lögg. fast.
rakel@fold.is / 699-0044

Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Hlynur Ragnarsson
löggildingarnemi
hlynur@fold.is / 624-8080

Rögnvaldur Örn Jónsson
löggildingarnemi
rognvaldur@fold.is / 660-3452

Baugakór 19-23, 203 Kópavogur.
OPIÐ HÚS LAU 18/6 KL. 12:30-13:30.



3ja herbergja íbúð á 3ju hæð (efstu) með sérinngang af svölum ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er 80,1 fm og geymslan á jarðhæð 7,5 fm, samtals 87,6 fm. Parket og flísar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. Svalir í suð-vestur, útsýni. Lyfta. Stutt í margvíslega þjónustu. **Verð 63,9 millj.** Opið hús laugardaginn 18. júní kl. 12:30-13:30, verið velkomin. **Nánari upplýsingar gefur Gústaf Adolf, gustaf@fold.is / 895-7205.**

Sóleyjarimi 9, 112 Reykjavík.
4RA HERBERGJA ÍBÚÐ FYRIR 50 ÁRA OG ELDRI.



Góð 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð með sérinngang af svölum ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er 126,6 fm og geymslan í kjallara 8,3 fm, samtals 134,9 fm. Lyfta. Yfirbyggðar svalir. Parket og flísar á gólfum. Tvö svefnherbergi. Stórar stofur. Þvottahús innan íbúðar. Íbúðin er laus strax við kaupsamning. Velkomið að panta tíma fyrir skoðun. **Nánari upplýsingar gefur Gústaf Adolf lgf., gustaf@fold.is / 895-7205.**

Espigerði 4, 108 Rvk.,
ÚTSÝNISÍBÚÐ.



Góð 117 fm. útsýnisíbúð á 5. hæð, íbúð 502, í vönduðu lyftuhúsi við Espigerði 4 ásamt stæði í bílgeymslu. Íbúðin er teiknuð sem 5 herbergja íbúð, tvö herbergin hafa verið opnuð og nýtast sem sjónvarpsstofa, auðvelt að breyta aftur. Mikil sameign, m.a. fundarsalur og sólarsvalir á 9. hæð. **Verð 80 millj.**

Sætún
EIGNARLAND, 116 KJALARNES - REYKJAVÍK.



Sætún Lóð B . Ca. 5.546 fm. atvinnulóð við þjóðvegin. Teikningar að ca. 2.900 fm. geymsluhúsnæði með 20 bilum. Teikningar eru skv. tillögum um geymslu/atvinnuhúsnæði sem mögulegt er að skipta í allt að 20 hólf með stórum innkeyrsludyrum á hverju hólfi. Heildarflatamál hvers bils með ca. 35 fm. millilofti er um 145 fm. Staðsetning frábær með tilkomu Sundabrautar. **Verð 79 millj.**

Þverásbyggð 30, 311 Borgarbyggð.
HEILSÁRSHÚS Á RÓLEGUM STAÐ.



Góður bústaður í Borgarfirði ásamt gestahúsi/geymslu. 10 mín akstur frá Borgarnesi. Mikill gróður, skjólgott og fjallasýn. Parket og dúkur á gólfum. Tvö svefnherbergi. Geymsluloft yfir 1/2 húsinu. Varmadæla (loft í loft). Kamína. Hagstæð lóðarleiga. Laus strax. **Verð 27,5 millj. Nánari upplýsingar gefur gústaf Adolf lgf., gustaf@fold.is / 895-7205.**

Sumarhús
TIL FLUTNINGS



Tvö samtals ca. 50 fm. hús í landi Litlu Þúfu á Snæfellsnesi seljast til brottflutnings. Húsin virðast í góðu ástandi. Allur búnaður og innbú fylgir með í sölunni. Brunabótamat er rúmlega 21 milljón. **Verð 7 milljónir. Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

Hvað kostar eignin mín?
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is



Sonja Ýr, formaður BSRB, segir það forgangsmál að tryggja jöfn laun kynjanna fyrir jafnverðmæt störf. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Störfin sem ekki eru metin til fjár

BSRB hefur verið áberandi í jafnréttisbaráttunni undanfarið og að sögn Sonju Ýrar Þorbergsdóttur, formanns BSRB, er mikilvægast að leiðrétta skakkt verðmætamat kvennastarfa til þess að ná fullu launajafnrétti á íslenskum vinnumarkaði.

„Á undanförnum árum höfum við sett skakkt verðmætamat kvennastarfa í forgang, vegna þess að við vitum að það er stærsta skrefið í áttina að því að útrýma launamun kynjanna.

Hefðbundin kvennastörf hafa lengi verið vanmetin á kerfislægan hátt og úreltar hugmyndir um hlutverk kynjanna viðhalda þessu misrétti. Rannsóknir sýna að kerfisbundið vanmat á svonefndum kvennastörfum leiðir til lægri launa um allan heim og er meginástæðan fyrir kynbundnum launamun. Þess vegna höfum við hjá BSRB lagt áherslu á að auka skilning fólks á þessu kerfisbundna óréttlæti, sem fjölmennar kvennastéttir á opinberum markaði verða fyrir. Þvert á það sem mörg halda er launamunur kynjanna hér á landi svipaður og hann er að meðaltali í öðrum Evrópulöndum – sem þýðir að Ísland er almennt ekki að standa sig betur en þau lönd sem við berum okkur helst saman við. Þessu getum við breytt,“ segir Sonja.

Samanburðurinn skiptir máli

Að sögn Sonju er ýmislegt hægt að gera til þess að útrýma launamun kynjanna. „Í jafnréttislögum segir að greiða skuli jöfn laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf. Hingað til hefur fyrir dómstólum þó bara reynt á aðstæður, þar sem borin eru saman störf innan sama vinnustaðar og jafnlaunavottunin miðar almennt eingöngu að því. Skyldan er hins vegar ekki bundin við aðstæður þar sem konur og karlar vinna hjá sama atvinnurekanda. Það má bera saman ólík störf á milli vinnustaða, að því gefnu að rekja megi launamismun til sama uppruna. Það er, að það sé sami aðili sem beri ábyrgð á launamisréttinu og geti lagfært það.

Dæmi um þetta er að hvert sveitarfélag telst sem einn atvinnurekandi og sama má segja um ríkið, þó það hafi ekki enn reynt á það fyrir dómstólum hér á landi. Þegar kemur að almennum vinnumarkaði þá ætti þetta til dæmis við um ólíka vinnustaði innan sömu skipulagsheildar, eða vinnustaði sem heyra undir sama móðurfyrirtæki, en það hefur heldur ekki reynt á það fyrir dómi hér. Þetta þýðir að innan þessa ramma getur kona til dæmis borið saman laun sín við laun karls, sem vinnur ólíkt starf á öðrum vinnustað. Þess vegna er nauðsynlegt að endurhugsa þau verkfæri sem við höfum í dag, líkt og jafnlaunavottun, og meta virði starfa þvert á vinnustaði sem eru af sama uppruna, óháð því hvort þau heyri undir sömu kennitölu.“

Betur má ef duga skal

„Sem betur fer hefur dregið úr launamun kynjanna á undanförnum árum, meðal annars vegna innleiðingar jafnlaunavottunar og starfsmats hjá sveitarfélögum. Þessi tæki leiðrétta hins vegar að óbreyttu ekki launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði.

Jafnlaunavottunin tekur almennt bara til eins vinnustaðar og hefur líka verið gagnrýnd fyrir að það sé ekki staðlað virðismat á störfum. Reynslan sýnir að þau viðmið sem vinnustaðir hafa þróað vegna innleiðingar jafnlaunastaðals eru ólík, til dæmis með tilliti til fjölda og útfærslu matsþátta með hverju starfi, sem getur endurspeglað eðli og fjölbreytileika starfseminnar. En mat stjórnanda á hverjum stað getur þannig haft áhrif á hvaða þættir eru metnir og verðmæti tiltekinna þátta starfanna, sem kann að leiða til ómeðvitaðrar hlutdrægni. Þá skortir einnig kynjafræðilega þekkingu inn í launaumhverfið og ekki er gert ráð fyrir þátttöku starfsfólks eða stéttarfélaga í ferlinu.

Þótt ýmislegt megi bæta er jafnlaunavottunin engu að síður afar mikilvægt skref í átt að frekari vitund um launajafnrétti. Eftir því sem þekking okkar eykst er eðlilegt að skoða næstu skref til að byggja ofan á þá góðu vinnu sem hefur átt sér stað á vinnustöðum, til að tryggja jöfn laun kynjanna fyrir jafnverðmæt störf. Þar verða ríki og sveitarfélög að ganga fram með góðu fordæmi, enda starfa langflestar kvennastéttir þar; tæplega 2/3 hlutar starfsfólks hins opinbera eru konur.“

Raunverulegt virði kvennastarfa

En hvað er það sem einkennir kvennastörf?

Að sögn Sonju fela hefðbundin karlastörf oft í sér sköpun áþreifanlegra verðmæta sem auðvelt er að meta til fjár, á meðan hefðbundin kvennastörf fela gjarnan í sér sköpun óáþreifanlegra verðmæta,

> **Hættan er sú, nú þegar faraldurinn er í baksýnisspeglinum, að við gleymum okkur aftur, áður en tryggt er að mikilvægi þessara starfa endurspeglist í launanum.**
>
> Sonja Ýr

til dæmis velferðar fólks, sem ýtir undir vanmat á samfélagslegu virði starfanna. „Til að ná utan um raunverulegt virði svokallaðra kvennastarfa þarf að taka tillit til hluta eins og tilfinningalegs álags, hæfni til að sýna samkennd og eiga góð samskipti, ábyrgð á velferð fólks, færni til að leysa úr vandamálum, álags við að halda mörgum boltum á lofti í einu, færni til að þjónusta fólk sem er í viðkvæmri stöðu eða stríðir við erfiðleika, tímastjórnunar, áunninnar þekkingar, líkamlegs álags, til dæmis við að lyfta fólki, heilsufarshættu, krefjandi vinnuumhverfis og annars, sem er einkennandi fyrir hefðbundin kvennastörf.

Einnig þarf að leitast við að fanga fjölbreytileika starfa og fjölbreyttar birtingarmyndir krafna, ábyrgðar sem og álags- og umhverfisþátta. Sem dæmi má nefna að mat á hávaðamengun á ekki síður við í skólastofum en við vegaframkvæmdir, að umönnun sjúkra felur í sér líkamlegt álag ekki síður en ýmis iðnaðarstörf, að umönnun barna felur í sér aðgæslu ekki síður en það að stýra vinnuvél og svo framvegis.

Heimsfaraldurinn varpaði ljósi á mikilvægi og verðmæti kvennastarfa, enda eru konur í miklum meirihluta starfsfólks í heilbrigðiskerfinu og skólum. Ég held að ákveðin vitundarvakning hafi átt sér stað hvað varðar framlag þessara kvenna til að halda samfélaginu gangandi, ekki bara á Íslandi heldur á heimsvísu. Hins vegar er hættan sú, nú þegar faraldurinn er í baksýnisspeglinum, að við gleymum okkur aftur, áður en tryggt er að mikilvægi þessara starfa endurspeglist í launanum.“

Hugarfarsbyltingar er þörf

„Í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga aðildarfélaga BSRB og ríkis og sveitarfélaga í mars 2020, skipaði forsætisráðherra starfshóp sem skilaði tillögum að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Í kjölfar tillagnanna skipaði forsætisráðherra aðgerðahóp um launajafnrétti, sem hefur það hlutverk að byggja upp þekkingu, prufa sig áfram í nýjum leiðum að virðismati og búa til verkfæri til að leiðrétta skakkt verðmætamat kvennastarfa á grundvelli tillagnanna.

Við þekkjum það úr sögunni að jafnrétti kemur ekki af sjálfu sér. Mikilvægustu breytingarnar í átt að jafnrétti kynjanna hafa komið til vegna þess að fjölmargir úr ólíkum áttum með breiða þekkingu hafa knúið þær fram.

Markmiðið með vinnunni fram undan er að skapa þannig hreyfiafl og hugarfarsbyltingu gegn úreltum hugmyndum um verðmæti kvennastarfa,“ segir Sonja að lokum. ■

Mikilvægt að lögleiða Kvennasáttmálann



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Öfgar, UN Women á Íslandi og Öryrkjabandalag Íslands skiluðu nýlega inn skuggaskýrslu til nefndar sem starfar á grundvelli Kvennasáttmálans til að reyna að fá íslensk stjórnvöld til að innleiða hann í íslenska löggjöf ásamt því að gera aðrar umbætur í þágu jafnréttis.

„Samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum, einnig þekktur sem Kvennasáttmálinn, er grundvallaryfirlýsing sem fylgt er eftir með 16 greinum sem varpa ljósi á réttindi kvenna, eins og til dæmis réttinn til menntunar, réttinn til vinnu og réttinn yfir eigin líkama og heilsu," segir Rut Einarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands. „Sáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1979 og miðar að því að útrýma hvers konar mismunun gagnvart konum og að konur nái fullum réttindum og frelsi á jafnréttisgrundvelli við karla. Ísland undirritaði sáttmálann á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn árið 1980, en hann var fullgiltur af Alþingi árið 1985."

Kynjasjónarmið mikilvæg í allri löggjöf

„Þrátt fyrir að við séum með nokkuð sterk jafnréttislög á Íslandi, þá hefur samningurinn ekki verið að fullu innleiddur í íslenska löggjöf. Eins og staðan er núna, þá eiga dómarar að horfa á íslensk lög með alþjóðlegar skuldbindingar eins og til dæmis Kvennasáttmálann til hliðsjónar og fara eftir því sem stendur þar þegar mál fara fyrir rétt, en því miður þá sjáum við ítrekað að alþjóðlegu skuldbindingarnar virðast gleymast," útskýrir Rut. „Eins er ekki nægilegt að vera með sterk jafnréttislög sem standa ein og sér, heldur þarf að innleiða sáttmálann og þar með kynjasjónarmið í alla löggjöf, eins og til dæmis lög um atvinnurekstur, heilbrigðismál og svo framvegis.

Með því að innleiða Kvennasáttmálann í íslensk lög sýnum við ekki bara í verki að við virðum alþjóðaskuldbindingar, heldur líka að við tökum jafnrétti kynjanna alvarlega og styðjum við jafnrétti á heimsmælikvarða, því það er mikilvægt að það sé samræmi í lögum um jafnrétti á milli landa," segir Rut. „Því fleiri lönd sem innleiða sáttmálann, því nær erum við að ná jafnrétti.



Rut Einarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands, segir að þó að íslenska ríkið hafi staðið sig ágætlega við að fylgja Kvennasáttmálanum megi vissulega gera betur og það sé mikilvægt að innleiða kynjasjónarmið í alla löggjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það er erfitt að segja hvers vegna sáttmálinn hefur ekki verið innleiddur í íslensk lög, en það er allavega ekki vegna þess að það hafi ekki verið lagt til. Kvennasamtök, eins og þau sem skrifuðu skuggaskýrsluna til nefndarinnar sem starfar á grundvelli Kvennasáttmálans, hafa ítrekað lagt til við stjórnvöld að sáttmálinn verði lögleiddur," bætir Rut við.

Samstaða er alltaf sterkust

„Í heildina litið hefur íslenska ríkið staðið sig vel við að fylgja Kvennasáttmálunum og við stöndum öðrum þjóðum framar þegar kemur að jafnrétti," segir Rut. „En vissulega má gera betur, því við höfum ekki enn náð algjöru jafnrétti hér á landi.

Við bendum á hvað megi bæta í skýrslunni okkar, en frjálsum félagasamtökum bauðst að skila inn svokallaðri „skuggaskýrslu", sem er viðbót við skýrslu stjórnvalda sem var gefin út síðastliðinn nóvember, og benda á hvað betur má fara í starfi ríkisins til að útrýma mismunun gagnvart konum," segir Rut. „Ástæðan fyrir því að Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Öfgar, UN Women á Íslandi og Öryrkjabandalag Íslands skiluðu slíkri skýrslu inn sameiginlega er sú að samstaða er alltaf sterkust og það er mikilvægt að við endurspeglum sem flestar hliðar samfélagsins. Svo við hjá Kvenréttindafélaginu sendum beiðni á þó nokkur félagasamtök á Íslandi og buðum þeim að vera með okkur í skýrsluskrifunum."

> Við vonumst til þess að íslensk stjórnvöld taki okkar tillögur til sín og geri úrbætur á þeim vanköntum sem við bendum á.
>
> Rut Einarsdóttir

Ýmislegt sem þarf enn að bæta

„Auk þess að innleiða Kvennasáttmálann í íslenska löggjöf þá þarf einnig að auka fjármagn til málaflokksins, en það er meðal annars skortur á fjármagni til fæðingarorlofssjóðs, jafnréttisstofu, félagasamtaka og deild lögreglunnar sem sinnir kynferðisbrotamálum," segir Rut. „Enn fremur hvetjum við stjórnvöld til að gera kynjafræði að skyldufagi á öllum skólastigum og að gera umbætur á fræðslu og forvörnum gagnvart stafrænu kynferðisofbeldi. Svo hvetjum við stjórnvöld líka til að skylda stjórnmálaflokka til þess að vera með kynjakvóta og finna leiðir til þess að auka hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum í atvinnulífinu.

Við vonumst til þess að íslensk stjórnvöld taki okkar tillögur til sín og geri úrbætur á þeim vanköntum sem við bendum á. Framkvæmd Íslands á sáttmálanum verður tekin fyrir í febrúar á næsta ári og því hefur ríkið enn tækifæri til þess að gera betur áður en þau sitja fyrir svörum í Genf," segir Rut.

Sérstök nefnd fylgir sáttmálanum eftir

„Sérstök nefnd var sett á laggir til að fylgja Kvennasáttmálanum eftir með 23 sjálfstæðum sérfræðingum sem hafa það hlutverk að fylgjast með framgangi mála hjá hverri einustu aðildarþjóð SÞ. Fulltrúar ríkja eru kallaðir fyrir með nokkurra ára millibili og þeir spurðir spjörunum úr um framkvæmd einstakra greina sáttmálans," útskýrir Rut. „Einnig munu fulltrúar aðildarríkjanna sitja fundinn til þess að veita hvert öðru aðhald og passa að aðrar þjóðir virði mannréttindi. Væntanlega verða fulltrúar Íslands frá forsætisráðuneytinu, þar sem jafnréttismál heyra þar undir. Einnig er líklegt að fulltrúar annarra ráðuneyta sitji fundinn.

Næsta skref er undirbúningsfundur nefndar Kvennasáttmálans sem fer fram 4. júlí, en þar mun fulltrúi samtakanna sem stóðu fyrir skuggaskýrslunni ávarpa nefndina og koma fleiri punktum að en við komum í skýrsluna, sem hafði takmarkaðan orðafjölda," segir Rut að lokum. ■

Hvetur konur til fjárfestinga

„Fyrst vil ég segja við allar konur: Sláðu til og stofnaðu fyrirtækið sem þig hefur alltaf langað til að stofna. Láttu verða af því og hafðu sýnina skýra, því þegar erfiðleikar banka upp á er nauðsynlegt að hafa mjög skýra sýn til að gefast ekki upp."

Þessi hvatningarorð eru Elínar Káradóttur, eiganda Byr fasteignasölu í Hveragerði. Elínu bauðst að kaupa fyrirtækið árið 2018 og hún þáði boðið.

„Já, þegar ég skrifaði undir kaupin átti ég tuttugu daga eftir í settan dag að fæða seinna barnið mitt. Síðan þá hef ég lært gríðarlega margt," segir Elín og hlær.

Hún segir margt að læra í fyrirtækjarekstri sem ekki er hægt að undirbúa sig fyrir í skóla.

„Maður þarf að kunna sitt fag, líka að vera góður sálfræðingur, fjármálaráðgjafi, félagsráðgjafi, þekkja lög og reglur, og allt þar á milli, en umfram allt að þekkja sjálfan sig best. Maður þarf að hafa skýra sýn og fjárfesta í sjálfum sér, því þegar upp er staðið byrjar allt og endar á manni sjálfum. Í fyrirtækjarekstri þarf maður að treysta á sjálfan sig; allt annað kemur með tímanum. Maður getur ekki lært allt fyrir fram, heldur þarf að læra með því að framkvæma og gera mistök."

Elín staldrar við.

„Mistök. Já, ræðum aðeins mistök. Ég hef gert fullt af mistökum og með þeim orðið reynslumeiri og hæfari til að leiðbeina öðrum. Mistök eru nauðsynleg til að þroskast og verða betri í sínu fagi. Auðvitað eru mistökin misjafnlega stór og kostnaðarsöm, en ég hef haft fyrir reglu að hugsa um hvert verkefni sem inn á borð kemur hjá mér sem námskeið sem ég þarf að fara í gegnum. Ég horfi oft á fyrirtækjarekstur sem skóla og margir kalla það „skóla lífsins". Með því hugarfari er auðveldara að fara í gegnum öll verkefni sem koma og fara."



Elín Káradóttir er eigandi Byr fasteignasölu í Hveragerði. MYND/AÐSEND

Elín hvetur konur til að fjárfesta.

„Það er ekki nóg að stofna bara fyrirtæki og vera þar á hamstrahjóli. Sjálf er ég að fjárfesta, byrjaði mjög smátt og svo stækkar „fjárfestingaþægindaramminn". Aðalatriðið er að byrja!" segir Elín, spennt fyrir komandi verkefnum hjá Byr fasteignasölu, þar sem hún tekur þátt í uppbyggingarverkefnum víðs vegar um landið.

„Við seljum fasteignir um land allt og með tækninni verður æ auðveldara að þjónusta fólk, hvar sem það er," greinir Elín frá, spennt fyrir því að rafrænar þinglýsingar séu að verða að veruleika hjá sýslumönnum um land allt. Það liðki til, spari mörg skref, fyrirhöfn og tíma.

„Frá því að ég byrjaði árið 2018 hafa fasteignasölur þurft að tileinka sér margar nýjungar. Ég tek öllum tækninýjungum fagnandi því þær ættu að gera fasteignaviðskipti skilvirkari og fljótlegri. Það tekur gríðarlegan tíma að fá sem dæmi fjórar manneskjur til að koma og skrifa undir eitt lánaskjal, því það þarf svo að keyra til sýslumanns, sækja aftur nokkrum dögum síðar og keyra svo í bankann. Allt tekur það gríðarmikinn tíma sem væri hægt að nýta betur með tilkomu tækninnar."

Byr fasteignasala tekur nú þátt í stórum uppbyggingarverkefnum í Hveragerði, Þorlákshöfn og á fleiri stöðum

„Ég hef trú á að sífellt fleiri átti sig á því að það eru góð lífsgæði úti á landi. Fyrir marga er auðveldara að stofna eigið fyrirtæki á landsbyggðinni en í Reykjavík. Tækifærin eru úti um land allt!" ■

Jafnrétti er ákvörðun

VÍS hefur lengi lagt ríka áherslu á jafnrétti og stjórnendur fyrirtækisins eru meðvitaðir um mikilvægi þess að tryggja jöfn tækifæri. Mikilvægur áfangasigur hafðist á síðasta ári, þegar náðist að útrýma launamun kynjanna.

Segja má að saga Vátryggingafélags Íslands sé samofin sögu íslensks samfélags. VÍS er elsta tryggingafélagið hér á landi, sem hefur tryggt Íslendinga í 105 ár. Tilgangur félagsins er að vera traust bakland í óvissu lífsins, með því að veita viðskiptavinum sínum viðeigandi tryggingavernd. Hjá VÍS starfa um 200 manns á sex þjónustuskrifstofum um landið allt, en höfuðstöðvar félagsins eru í Reykjavík. „Við viljum hjálpa viðskiptavinum okkar að lenda sjaldnar í tjónum og leggjum því mikla áherslu á forvarnir. Við erum stolt af því að eiga langa sögu um forvarnir og höfðum til dæmis mikil áhrif á notkun barnabílstóla hér á landi. Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni eru því samofin sögu félagins, sem og öllum rekstri þess. Við erum einnig stolt af því að hafa lagt ríka áherslu á jafnrétti og erum meðvituð um mikilvægi þess að tryggja jöfn tækifæri," segir Anna Rós Ívarsdóttir, mannauðsstjóri VÍS, sem jafnframt er kyndilberi jafnréttis hjá félaginu. Mikilvægur áfangasigur hafðist á síðasta ári þegar náðist að útrýma launamun kynjanna. „Þetta er afrakstur margra ára ásetnings um að útrýma launamuninum hjá félaginu," segir Anna Rós.

> Maður verður að trúa því að jafnréttið sé rétta leiðin til árangurs.
>
> Anna Rós Ívarsdóttir

Krefst ásetnings og samvinnu

„Við vitum vel að jafnrétti gerist ekki af sjálfu sér. Jafnrétti er ákvörðun," segir hún jafnframt. „Jafnréttismálin eru mitt hjartans mál og undanfarin 20 ár höfum við unnið að því að styrkleikar, hæfileikar og færni alls mannauðs njóti sín sem best. Við höfum allt frá árinu 2001, þegar við gáfum út fyrstu jafnréttisstefnu VÍS, unnið með markvissum hætti að jafnréttismálunum. Það þarf að taka ákvörðun um að breyta og ganga í málin og það höfum við svo sannarlega gert."

Hún segir það hafa verið tilviljun að fyrsta verkefni sitt hafi verið að útbúa jafnréttisáætlun og jafnréttisstefnu fyrir félagið, þegar hún hóf störf við mannauðsdeildina 2001. „Þá strax kviknaði hjá mér áhugi og ástríða fyrir jafnréttismálunum og eldmóður fyrir því að þessi mál ættu einfaldlega að vera í lagi. Ég hef unnið að jafnréttismálum hjá VÍS frá byrjun og vil ítreka að þetta er ekki eins manns verk og þetta gerist ekki á einni nóttu. Ég hef fengið eindreginn stuðning frá öllum forstjórum og framkvæmdastjórum sem ég hef unnið með hjá félaginu. Það hefur alltaf verið mikill metnaður í mannauðsdeildinni að hafa þessi mál til fyrirmyndar. Að ná árangri í jafnrétti krefst ásetnings og samvinnu allra stjórnenda."

Góð blöndun besti kosturinn

Í huga Önnu Rósar er jafnrétti hið eina rétta. „Ég tel að fyrirtæki ættu ekki einungis að bregðast við og framkvæma vegna laga og reglna. Mikilvægt er að allt starfsfólkið fái tækifæri til þess að skína, því annars er hætta á því að fyrirtæki fari á mis við krafta og hæfileika sem gætu komið fyrirtækinu til góða. Mikilvægast er að bjóða upp á fjölbreytt tækifæri, óháð kyni. Maður verður að trúa því að jafnréttið sé rétta leiðin til árangurs."

Hún segir reynslu sína vera þá að langbesta vinnuumhverfið skapist þegar góð blöndun er til staðar í starfsmannahópnum og þá sérstaklega út frá aldri, kyni og reynslu. „Þá skapast frábært vinnuumhverfi og algjörlega rétti andinn, ekki síst fyrir nýjar hugmyndir og nýsköpun. Undanfarin ár hafa kynjahlutföll í framkvæmdastjórn verið jöfn, eða jafnvel konum í vil. Svo tel ég mikilvægt að hafa sterkar kvenfyrirmyndir á vinnustaðnum og við höfum lagt mikla áherslu á það. Kynjahlutföll þurfa að vera til fyrirmyndar. Það er nefnilega ekki nóg að vera með flotta stefnu á blaði, það þarf að sýna ásetninginn í verki."



„Mikilvægt er að allt starfsfólkið fái tækifæri til þess að skína, því annars er hætta á því að fyrirtæki fari á mis við krafta og hæfileika sem gætu komið fyrirtækinu til góða," segir Anna Rós Ívarsdóttir, mannauðsstjóri VÍS.
MYND/SAGA SIG

Voru með háleit markmið

Á síðasta ári náðist sá áfangi hjá VÍS að launamunur var ekki mælanlegur. „Frá því við fengum jafnlaunavottunina í lok árs 2017 hefur stöðug ítrun átt sér stað, því þrátt fyrir að jafnlaunavottun sé til staðar getur verið launamunur. Vottunin snýst nefnilega um að áætlun sé til staðar um hvernig á að ná muninum niður. Við settum okkur þó alltaf háleitari markmið og náðum svo að útrýma launamuninum í stað þess að sætta okkur við hann, þó að munurinn væri ómarktækur. Við vildum ná þessu alveg niður."

Hún segir að í allri launaumræðu og ákvörðunum um laun með stjórnendum, þurfi að vera meðvitund um hvað það þýðir að hækka einhvern í launum. „Með öðrum orðum, hvað hækkun eins starfsmanns þýðir fyrir launamuninn hjá fyrirtækinu. Þetta þýðir að maður þarf stöðugt að vera á tánum til þess að ná árangri og viðhalda góðum árangri."

Starfsánægja aldrei mælst hærri

Þegar starfsfólk VÍS hóf þessa vegferð í upphafi var lítið um leiðbeiningar og mikið um úreltar starfaflokkanir. „Til dæmis var ekki hægt að finna starfsheitin verkefnastjóri og viðskiptastjóri, en þar mátti finna abbadís og eldgleypi. Þetta var einnig tímafrekt ferli en við vorum með fyrstu íslensku fyrirtækjunum sem öðluðumst jafnlaunavottun. Við vorum ásamt öðrum fyrirtækjum að ryðja brautina. Þess ber að geta að viðhorf stjórnenda var jákvætt, sem skiptir öllu máli. Jafnrétti getur aldrei verið gæluverkefni mannauðsdeildar því jafnréttismálin krefjast aðkomu allra stjórnenda. Jafnlaunastaðallinn er gæðastaðall sem krefst stöðugrar ítrunar. Þú þarft alltaf að vera á tánum til þess að tryggja árangur."

Samhliða auknu jafnrétti hefur starfsánægjan aldrei mælst hærri. „Við erum eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum VR, sem mælir ýmsa þætti í ánægju og stolti starfsmanna. Við erum einbeitt í því að viðhalda þeim góða árangri, enda trúum við því að ánægt starfsfólk sé grunnurinn að góðum rekstri."

VÍS er í fararbroddi

Anna Rós metur stöðu VÍS þannig að félagið sé í fararbroddi á meðal íslenskra fyrirtækja þegar kemur að jafnrétti. „Við höfum meðal annars fengið viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA í þrjú skipti, við erum með 9 í jafnréttiseinkunninni í GemmaQ, sem horfir til stjórnar og æðstu stjórnenda fyrirtækja í Kauphöllinni út frá jafnrétti kynjanna. Þess ber að geta að meðaltalið í Kauphöllinni er 7. Svo er starfsfólkið okkar ánægt með þessa áherslu á jafnrétti, sem endurspeglast í þeim könnunum sem framkvæmdar eru.

Við ætlum að halda áfram að tryggja góðan árangur og gera enn betur. Jafnrétti er nefnilega ákvörðun og vegferðin hættir aldrei." ■

> Jafnrétti getur aldrei verið gæluverkefni mannauðsdeildar því jafnréttismálin krefjast aðkomu allra stjórnenda.
>
> Anna Rós Ívarsdóttir

Konur hætta ekki að fara á blæðingar þótt átök hefjist. Þegar konur eru ekki hluti af þeim sem skipuleggja viðbrögð er hætt við að eitthvað jafn einfalt, en mikilvægt, gleymist.



Kristín S. Hjálmtýsdóttir er framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Áhersla lögð á konur og stúlkur í verkefnum Rauða krossins

Alvöru framþróun verður í rauninni til með valdeflingu kvenna, segir Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.

Rauði krossinn á Íslandi leggur áherslu á konur og stúlkur í verkefnum sínum. Sérstakt teymi innan Alþjóðaráðs Rauða krossins vinnur að því að samþætta forvarnir og undirbúa fólk og skipuleggja þolendavæn viðbrögð gegn kynferðislegu ofbeldi. Þá hefur stjórn Alþjóðasambands Rauða krossins unnið að því markvisst að tryggja jafnari kynjahlutföll innan stjórnar Alþjóðasambandsins.

„Við leggjum áherslu á konur og stúlkur í verkefnum Rauða krossins vegna þess að við teljum að þetta sé það eina rétta í átt að framþróun; að það sé mikilvægt skref í átt að framþróun," segir Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins. „Við sjáum það náttúrulega hér á landi hversu mikilvæg þátttaka kvenna er og við erum löngu búin að átta okkur á því hér á landi hversu miklar framfarir hafa orðið síðustu áratugi með þátttöku kvenna í atvinnulífinu og samfélaginu öllu. Alvöru framþróun verður í raun-inni til með valdeflingu kvenna."



Portia Nuyumwa er 16 ára nemandi við Kakoma-framhaldsskólann í Malaví. Hún er heppin að geta sótt sér daglega vatn í einn af mörgum brunnum sem Rauði krossinn hefur byggt á skólalóðum í Malaví. MYNDIR/AÐSENDAR

Valdefla stúlkur í Malaví

Kristín nefnir sem dæmi menntun og valdeflingu stúlkna í Malaví.

„Það er áhersluatriði í verkefnum okkar þar og það er eitt af því mikilvægasta til þess að koma í veg fyrir fátækt að stúlkur festist ekki í fátækt; að þær hafi tækifæri til að mennta sig og öðlast sjálfstæði. Við höfum byggt brunna á skólalóðum því það kemur gjarnan í hlut stúlkna að sækja vatn fyrir heimilið og ef það þarf að ganga langar vegalengdir, langt frá skólanum til að sækja vatn, gefst ekki tími til að sinna náminu. Með aukinni menntun fækkar líka ótímabærum þungunum auk þess að það eru meiri líkur á að stúlkur geti séð fyrir sér og fái tekjur. Þannig að það er mikilvægt að byrja þarna til þess að tryggja líka sjálfbærni: menntun, atvinna, þvinguð barnahjónabönd, þungun ungra stúlkna og svo framvegis: Það er keðjuverkun að koma stúlkunum út úr þessari hringrás. Við sáum til dæmis að skólum í Malaví var lokað í Covid-faraldrinum og þá var mikil aukning þungana á meðal barnungra stúlkna og þær hættu í skólanum. Það mikilvægasta er auðvitað að breyta hugsunarhætti í samfélögum til að auka þátttöku kvenna en það er gríðarlega stórt og umfangsmikið verkefni sem ekkert félag eða einstaklingur getur klárað einn síns liðs. Það tekur tíma, samvinnu og samfélagsbreytingar í öllum lögum samfélagsins. Við vinnum með sjálfboðaliðum okkar að fræðslu til að tala um mikilvægi kvenna í samfélaginu."

Kristín nefnir einnig að þegar kemur að neyðaraðgerðum og neyðaraðstoð Rauða krossins á átakasvæðum og í neyðarviðbrögðum þá sé einnig mikilvægt að huga sérstaklega að konum og sem dæmi um það í sinni einföldustu mynd er að það þarf að tryggja að tíðavörur séu á staðnum; að það sé hægt að dreifa dömubindum. „Konur hætta ekki að fara á blæðingar þó það komi flóð, aurskriða falli eða átök hefjist. Þegar konur eru ekki hluti af þeim sem skipuleggja viðbrögð og koma að þeim þá er hætt við að eitthvað jafneinfalt og þetta, en mikilvægt, gleymist."

Kristín segir að þegar þörf sé greind og metin með heimamönnum þá átti starfsmenn Rauða krossins sig á því hverjir standa berskjaldaðir. „Og við reynum að stuðla að þátttöku allra því að við trúum að leiðin til raunverulegrar framþróunar sé að allir séu með. Um leið og við vinnum að jafnrétti þá skiptir fjölbreytileikinn líka máli og að við séum í forystu í því að fólki finnist það vera velkomið hvernig sem það er, hvaða skoðanir sem það hefur, trúarbrögð og svo framvegis. Eitt mikilvægasta grunngildi Rauða krossins er óhlutdrægni og við þurfum að hafa það í heiðri alltaf og alls staðar. Við gerum ekki greinarmun á fólki að neinu leyti og lítum mjög til jaðarsettra hópa og að þeir fái tækifæri, stuðning og einhvern sem talar máli þeirra. "



Margaret Kazembe er leiðbeinandi hjá Mangochi-deild Rauða krossins í Malaví. Hún ferðast á milli þorpa á verkefnasvæðinu á mótorhjóli Rauða krossins til að veita sjálfboðaliðum stuðning og leiðsögn. Margaret er mikilvæg fyrirmynd fyrir stelpur á svæðinu.

Sérstakt teymi innan Alþjóðaráðs Rauða krossins hefur unnið að því að samþætta forvarnir; að undirbúa fólk og skipuleggja þolendavæn viðbrögð gegn kynferðislegu ofbeldi. „Rauði krossinn þarf að mennta og þjálfa starfsfólk og sjálfboðaliða til þess að geta brugðist rétt við. Og það er mjög vel þekkt að kynferðisofbeldi er notað í átökum og eru viðbrögð Rauða krossins og Rauða hálfmánans mikilvæg, enda gjarnan oft þau einu sem eru til staðar á vettvangi og geta veitt þolendum aðstoð."

Íslendingur í framboði

Rauði krossinn á Íslandi hefur verið öflugur þátttakandi í verkefni innan Rauða kross-hreyfingarinnar til að efla framgöngu kvenna og hefur Kristín verið hluti af því.

„Ég er tengill Evrópulandsfélaganna í því verkefni – allur heimurinn er með – að tryggja hlut kvenna hjá alþjóða Rauða krossinum í æðstu stjórnum og nefndum. Aðalfundur verður haldinn í næstu viku og Ragna Árnadóttir er í framboði til stjórnar Alþjóðasambandsins fyrir hönd Rauða krossins á Íslandi. Það eru 25 manns í stjórninni; 20 stjórnarmeðlimir, fjórir varaforsetar og einn forseti. Við höfum verið að vinna að því síðustu þrjú árin að að tryggja jafnari kynjahlutföll innan stjórnar Alþjóðasambandsins sem endurspegla auðvitað réttari samsetningu jarðarbúa og þeirra sem bæði taka þátt í verkefnum okkar sem starfsmenn, sjálfboðaliðar og notendur þjónustu okkar. Við í Rauða krossinum á Íslandi höfum verið dugleg að ýta þessu mikilvæga málefni áfram því ásýnd stjórnar Alþjóðasambands Rauða krossins verður líka að endurspegla áherslur okkar á aukið kynjajafnrétti og þátttöku allra á vettvangi Rauða krossins og öllum okkar mikilvægu verkefnum." ■

> Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á fylgni milli jafnara kynjahlutfalls í stjórnunarstöðum og aukinnar arðsemi, betri árangurs í viðskiptum og sterkari fjárhags fyrirtækja.
>
> Rebekka Rún Jóhannesdóttir



Rebekka Rún Jóhannesdóttir, rekstrar- og sjálfbærniráðgjafi hjá EY. MYND/AÐSEND

Við getum haft áhrif á næstu kynslóð leiðtoga

Tölfræðilegar greiningar á kynjahlutföllum skapa grundvöll fyrir upplýstar ákvarðanir til að jafna þau út. Það er mikilvægt að fyrirtæki sinni þessu, bæði af mannréttindaástæðum auk þess sem jafnari kynjahlutföll í stjórnunarstöðum bæta rekstur og afkomu fyrirtækja á ýmsan hátt.

„Í sívaxandi og breytilegum heimi þurfa fyrirtæki stöðugt að bregðast við breyttum rekstraraðstæðum, takast á við fjölbreytt verkefni og styðja við framþróun og nýsköpun. Kynjafjölbreytileiki er mjög farsæl leið til þess að ýta undir jákvæðar breytingar í starfsumhverfi, því þá verður sjóndeildarhringurinn mun víðari, en ef allir eru með sömu sýn fæðast færri hugmyndir," segir Rebekka Rún Jóhannesdóttir, rekstrar- og sjálfbærniráðgjafi hjá EY. „Því er það hagur fyrirtækja að stuðla að fjölbreytni í stjórnunarstöðum, meðal annars með því að viðhalda jöfnu kynjahlutfalli."

Tölfræði hjálpar við upplýstar ákvarðanir

„Fyrsta skrefið í átt að jafnara kynjahlutfalli er að þekkja stöðuna, en í fjölmörgum fyrirtækjum og atvinnugeirum í heild sinni vantar greiningar og tölulegar upplýsingar um kynjahlutföll. Ef mælingar og staðreyndir eru dregnar fram er kominn góður grunnur til að vinna út frá, því þá er hægt að fylgja niðurstöðunum eftir og reyna að hafa jákvæð áhrif," segir Rebekka. „Án staðreynda og tölulegra upplýsinga situr einungis persónuleg reynsla og upplifun eftir, en oft teljum við okkur standa betur hvað varðar jöfn kynjahlutföll heldur en raun ber vitni.

Við hjá EY höfum til að mynda aðstoðað Konur í orkumálum og Nordic Energy Research við álíka greiningu fyrir orkugeirann á Norðurlöndunum einmitt í þessum tilgangi sem hafa reynst mikilvægur þáttur í upplýsingagjöf og hvatningu í átt að jafnara kynjahlutfalli innan orkugeirans," segir Rebekka.

Hægt að ráðast í ýmsar aðgerðir strax

„Ef tölulegar upplýsingar um kynjahlutföll sýna framfarir á milli ára á að sjálfsögðu að fagna þeim og jafnframt greina hvað það er sem hefur breyst, svo hægt sé að halda áfram áhrifaríkri vinnu," segir Rebekka. „Ef það eru hins vegar litlar sem engar jákvæðar breytingar, þá getum við verið óhrædd við að prófa nýjar leiðir.

Við sjáum enn mjög skakka stöðu í atvinnulífinu, sérstaklega þegar horft til kvenna í stjórnunarstöðum. Það er því mikilvægt að fyrirtæki setji sér markmið og vinni eftir skipulögðum áætlunum sem styðja konur í forystu fyrirtækja," segir Rebekka. „Fyrirtæki geta gripið til aðgerða strax í dag, hvort sem þau vilja bæta eða tryggja áframhaldandi jafna stöðu kvenna í stjórnunarstöðum. Hér eru nokkrar tillögur að aðgerðum sem hægt er að ráðast í tafarlaust:

Ráðningar

- Ráða og efla konur í leiðtogahlutverk til að brjóta niður neikvæðar staðalímyndir
- Breyta starfslýsingum til að stuðla að jafnrétti kynjanna og meta hvort breyta þurfi kröfum til að breikka hóp umsækjenda, til dæmis hvað varðar reynslu og menntun
- Ef konur sækja ekki um, leita betur. Einnig er hægt að aðstoða við að leiðrétta tilhneigingu kvenna sem takmarka starfsmöguleika þeirra, svo sem vanmat á þeirra eigin hæfni

Vinnustaðamenning

- Skapa vinnustaðamenningu sem byggir á þátttöku kvenna og karla
- Þroska kynin jafnt í öllum hlutverkum
- Bjóða upp á sveigjanleika fyrir alla starfsmenn og tryggja að hann komi ekki að sök ef starfsmenn nýta sér hann
- Fræða alla starfsmenn um mikilvægi og ávinning af fjölbreytileika til að breyta rótgrónum venjum og hugarfari
- Ganga úr skugga um að hópur matsaðila sé fjölbreyttur, ekki aðeins út frá kynjasjónarmiðum, heldur einnig með tilliti til fjölbreytileika í reynslu, bakgrunni, aldri, stöðu og svo framvegis

Ímynd

- Skapa fleiri fyrirmyndir og gera þær sýnilegri til að hvetja fleiri konur til þess að fara sömu leið og auka fjölbreytni
- Vera meðvituð um jafnvægi kynjanna og fjölbreytileika á ráðstefnum og námskeiðum, bæði varðandi samsetningu umræðuhópa og fyrirlesara

Hægt er að grípa til þessara aðgerða strax og fylgjast með breytingum með tölulegum greiningum. Ég tel að þannig munum við einn daginn ekki lengur þurfa að skrifa greinar eða skýrslur um jafnt kynjahlutfall, því það verður orðinn sjálfsagður hluti af starfsemi, menningunni og samfélaginu," segir Rebekka. „En þangað til þurfum við að gera það sem í okkar valdi stendur til að brúa bilið."

Konur í stjórnunarstöðum bæta afkomuna

„Konur eru um 48% jarðarbúa en þær eru á sama tíma eingöngu 27% þeirra sem eru í stjórnunarstöðum fyrirtækja. Það eru ekki eingöngu grundvallarmannréttindi að allir hafi jafna möguleika á að komast til áhrifa, heldur skapar það líka frábær viðskiptatækifæri fyrir fyrirtæki," segir Rebekka. „Rannsóknir sýna að jafnt kynjahlutfall stuðlar að betri stjórnarháttum, betri ákvarðanatöku og meiri skilvirkni stjórnar. Fjölbreytni veitir víðtækari þekkingu, reynslu og sjónarmið og á slíkum grunni verða ákvarðanir betri og fleiri aðilum og hópum til góðs.



Aukinn kynjafjölbreytileiki styrkir fyrirtæki á margvíslegan hátt.

Fjölbreytni skilar sér einnig í auknum fjárhagslegum ávinningi fyrir fyrirtæki. Fjöldi rannsókna um heim allan hefur sýnt fram á fylgni milli jafnara kynjahlutfalls í stjórnunarstöðum og aukinnar arðsemi, betri árangurs í viðskiptum og sterkari fjárhags fyrirtækja," útskýrir Rebekka. „Fyrirtæki eru 35% líklegri til þess að standa sig betur ef kynjahlutfall þeirra er jafnt. Þá eru starfsmenn 3,5 sinnum líklegri til þess að hámarka þátttöku sína í nýsköpun ef teymið sem unnið er í er fjölbreytt.

Á sama tíma geta fyrirtæki með fjölbreytni í stjórnunarstöðum brotið niður staðalímyndir, haft jákvæð áhrif á menninguna og búið til fyrirmyndir sem stuðla að áframhaldandi fjölbreytni," segir Rebekka. „Rannsóknir hafa einnig sýnt að jafnt kynjahlutfall í stjórnum styður við getu til að laða að og halda í fólk með mikla hæfileika, gefur fyrirtækinu aukinn skilning á viðskiptavininum, getur aukið framleiðni liðsheilda og stuðlar að betri árangri við að ná ófjárhagslegum vísum."

Jafnrétti er nauðsynlegur grunnur sjálfbærni

„Hröð þróun á sér stað í ófjárhagslegri upplýsingagjöf félaga og krafa viðskiptavina, fjárfesta og samfélagsins alls um að skipulagseiningar tileinki sér samfélagslega ábyrgð eykst með hverjum deginum sem líður," segir Rebekka. „Jafnrétti er ein af grunnstoðum sjálfbærrar þróunar líkt og kemur fram í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og í UFS leiðbeiningum Nasdaq, en þar er meðal annars horft á kynjalaunamun, kynjafjölbreytni og kynjahlutfall stjórnar.

Ef laun kynjanna eru ójöfn stefna fyrirtæki orðspori sínu í hættu og geta einnig átt hættu á að lenda í lagalegum vanda vegna mismununar," segir Rebekka. „Mæling á kynjafjölbreytileika í UFS leiðbeiningunum lítur á kynjahlutfall fyrirtækis, allt frá byrjunarstörfum yfir í efsta stig ákvörðunar- og áhrifavalds og viðleitni fyrirtækja til að innleiða vinnuhætti sem nýta vinnuafl og hæfileika sem best með tilliti til stöðuhækkana og starfsaldurs. Það sama má segja með UFS mælingar á kynjahlutfalli stjórnar, sem líta á viðleitni fyrirtækis til að innleiða starfshætti án aðgreiningar og til að hámarka nýtingu vinnuafls og hæfileika."

Fjölbreytt fyrirtæki vinsælli hjá fjárfestum

„Fjárfestar eru í auknum mæli farnir að leggja áherslu á sjálfbærni í sínum fjárfestingum og áhættugreiningum. Þar er ekki eingöngu einblínt á umhverfismálin, heldur einnig hvernig kynjahlutföllum í stjórnunarstöðum fyrirtækja er háttað og hvort fyrirtæki uppfylli ákvæði jafnlaunavottunar," útskýrir Rebekka. „Sumir fjárfestar sigta sérstaklega út fyrirtæki sem eru fjölbreyttari eða hafa jafnari kynjahlutföll.

Þetta þýðir einfaldlega að fyrirtæki sem stuðla ekki að fjölbreytileika og jöfnum kynjahlutföllum í stjórnunarstöðum gætu orðið út undan hjá mörgum fjárfestum, ásamt því að upplýstir neytendur gætu beint viðskiptum sínum annað," segir Rebekka. „Þessi þróun getur haft mjög jákvæð áhrif innan viðskiptalífsins, en við verðum að taka fyrsta skrefið. Af hverju að láta viðskiptatækifæri sem býður upp á svona mikla möguleika bíða?" ■



Anna Sigríður Þráinsdóttir, málfarsráðunautur á RÚV og Birta Björnsdóttir, varafréttastjóri á RÚV.

RÚV/ RAGNAR VISAGE

Tungumálið tekur breytingum, sem betur fer

Hlustendur RÚV taka eftir því í æ meira mæli að ekki er sjálfgefið að talað sé um hlutlaust fólk í karlkyni í fréttum. Mörgum líkar það vel; öðrum síður, en hvorugkyn í hlutleysismerkingu er það sem koma skal. Þær Anna Sigríður Þráinsdóttir, málfarsráðunautur á RÚV, og Birta Björnsdóttir, varafréttastjóri, skýra málið.

Anna Sigríður Þráinsdóttir, málfarsráðunautur:

Hver er stefna RÚV í kynhlutlausu máli?

RÚV hefur ekki beint tekið afstöðu með eða á móti þeirri málnotkun sem er kölluð kynhlutlaust mál. RÚV er með málstefnu þar sem er að finna ákvæði um jafnrétti og þar kemur fram að starfsfólk eigi að gæta jafnréttis í orðavali. Það felur meðal annars í sér að huga að því hvaða orð er við hæfi að nota um tiltekna þjóðfélagshópa. Það er vel hægt að túlka þau tilmæli þannig að hvatt sé til þess að nota kynhlutlaust mál til að útiloka ekki konur og kynsegin fólk, en það er ekki kveðið skýrt upp úr með það.

Það hafa því ekki verið gefnar út neinar tilskipanir um að frétta- og dagskrárgerðarfólki, eða öðru fólki sé skylt að nota kynhlutlaust mál.

Fylgir RÚV þá þeirri stefnu að málfræðilegt karlkyn sé hlutlaust og ekki ástæða til að taka hvorugkynið upp í þeim tilgangi að gefa til kynna hlutleysi gagnvart kynjunum?

Það er ekki alveg svo einfalt. Við þurfum að hugsa um bæði starfsfólkið okkar og hlustendur. Í máli flestra er karlkyn, og hefur verið, svona hlutlaust málfræðikyn. Það er gripið til þess þegar talað er um eða við ótilgreindan hóp fólks. Það er þess vegna mjög ríkur partur af máltilfinningu stórs hluta Íslendinga. Það á líka við um margt af starfsfólki RÚV. Aftur á móti finnst vaxandi hópi fólks að

> **Við fáum stundum þakkir fyrir að hvorugkynshlutleysið sé notað, en við fáum samt aldrei þakkir fyrir að nota karlkynið, sem er kómískt.**
>
> Anna Sigríður Þráinsdóttir

„hlutleysiskarlkyn“ sé útilokandi. Þetta á einkum við um konur og kynsegin fólk. Því finnst það aftur á móti fá að vera með þegar hvorugkyn er notað í þessari hlutleysismerkingu. Og þetta á líka við um margt af starfsfólki RÚV. Auk þess kýs hluti af starfsfólkinu, fólk af öllum kynjum, að nota heldur hvorugkyn en karlkyn í hlutleysismerkingunni af því að það vill ekki útiloka heilu þjóðfélagshópana. Sjónarmiðin eru þess vegna ýmisleg. Í sjálfu sér er þetta ekkert flókið. Hvert og eitt af starfsfólkinu gerir það upp við sig sjálft hvort það velur að fylgja hefðinni og nota karlkynið, eða brjóta hefðina og tileinka sér nýju málvenjuna, að nota hvorugkynið. Engum er bannað að gera það.

Af hverju stígur RÚV þá ekki skrefið til fulls og tekur upp hvorugkynshlutleysi?

Vegna þess að það er alls ekki einfalt að breyta máltilfinningu sinni. Ef öllu frétta- og dagskrárgerðarfólki yrði gert að breyta talmáli sínu er hætt við að illa færi, fólk myndi ruglast í ríminu og eiginlega væri það bara tómt vesen. Og það er alls ekki hægt að þvinga fólk til að breyta máli sínu með þessum hætti á stuttum tíma, sérstaklega ekki talmálinu. En ef fólk vill breyta máli sínu getur verið gott að byrja á ritmálinu, það er tiltölulega auðvelt. Og starfsfólk RÚV býr svo vel að geta fengið aðstoð málfarsráðgjafa við það.

Sumt af starfsfólki RÚV notar hvorugkynið markvisst, gera hlustendur athugasemdir við það?

Já, hlustendur og áhorfendur hafa skoðun á flestu sem viðkemur málnotkun í Ríkisútvarpinu. Kynhlutleysi er sannarlega eitt af því. Við fáum oft athugasemdir við hvorugkynsnotkunina, fullyrðingar um að það sé verið að spilla málinu með því að banna karlkyn í hlutleysismerkingu og jafnvel að orð eins og maður og samsetningar með því hafi verið bönnuð. Þessar fullyrðingar eru að sjálfsögðu úr lausu lofti gripnar, orðið maður hefur alls ekki verið bannað og ekki heldur karlkynshlutleysið. Það er hægt að taka stikkprufur úr færslum á rúv.is til að sannfærast um það.

En við fáum stundum líka þakkir fyrir að hvorugkynshlutleysið sé notað, jafnvel þótt hvorugkynið sé ekkert sérstaklega mikið notað. Við fáum samt aldrei þakkir fyrir að nota karlkynið, sem er kómískt.

Stendur til að hætta að nota karlkyn í hlutleysismerkingu hjá RÚV?

Ég held að ég geti sagt með vissu að við stefnum í þá átt, af því að þessi málvenja er farin að breiðast út. En ég sé ekki fyrir mér að karlkyn í hlutleysi verði nokkurn tímann bannað, einfaldlega af því að það er ekkert óeðlilegt við að tvær málvenjur lifi hlið við hlið. En kannski rennur þó upp sá dagur, einhvern tímann í framtíðinni, að það þyki almennt óviðeigandi að nota karlkyn í hlutleysismerkingu. Og í raun erum við lögð af stað í þá áttina. Það er mjög auðvelt að gera alls kyns ritaða texta hlutlausari með því að umorða þá þannig að karlkynið sé ekki ráðandi í þeim. Það er til dæmis hægt að gera í stefnu RÚV, ársskýrslu, alls kyns kynningartextum, tölvupósti og víðar. Stundum er notað hvorugkynshlutleysi í veffærslum, þáttahandritum og fréttum. Mér finnst ekkert ólíklegt að það eigi eftir að aukast, því að það er orðið eðlilegur þáttur í máli stórs hluta ungs fólks.

> **Á meðan við fallbeygjum rétt og vöndum okkur í hvívetna, er okkur frjálst að tala og skrifa eftir okkar máltilfinningu í þessum efnum.**
>
> Birta Björnsdóttir

Birta Björnsdóttir, varafréttastjóri:

„Ég hef í síauknum mæli tileinkað mér kynhlutlaust mál. Það var ekki þannig að ég settist niður einn daginn og tók ákvörðun um það, heldur er þetta eitthvað sem hefur breyst smám saman,“ segir Birta Björnsdóttir, varafréttastjóri á fréttastofu RÚV.

„Það er fyrst og fremst vegna þess að mér finnst sjálfri eðlilegra að tala þannig. Að segja fréttir af því að þrjú séu slösuð, en ekki að þrír séu slasaðir.

Það eru fleiri kyn en karlkyn og fréttirnar okkar eru um og fyrir fólk af öllum kynjum. Í starfi mínu sem fréttamaður í sjónvarpi og útvarpi finnst mér skipta máli að flytja texta sem er manni eðlislægur. Texta sem samræmist máltilfinningu manns. En ég geri þetta reyndar ekki bara í vinnunni. Svo er ég heldur ekki á því að tala aldrei um fólk í karlkyni. Það er heldur alls engin regla.“

Birta hefur fengið alls konar viðbrögð við því að segja að fjögur séu látin, en ekki fjórir látnir í fréttum RÚV.

„Mörg hafa lýst yfir ánægju með orðanotkunina en önnur eru ekki eins ánægð. Ég hef fengið langa tölvupósta og símtöl frá fólki sem er verulega ósátt við þessa breytingu. Mín tilfinning er hins vegar að fleiri séu ánægð með fjölbreyttari orðanotkun, þó hún hugnist sem fyrr segir ekki öllum. Ólíkt því sem sum virðast halda eru engar reglur um þetta hér innanhúss hjá okkur. Á meðan við fallbeygjum rétt og vöndum málfar í hvívetna, er okkur frjálst að tala og skrifa eftir okkar máltilfinningu í þessum efnum.

Við gerum þetta ekki öll eins, sem ég held að sé af hinu góða. Blæbrigði og fjölbreytileiki er líka af hinu góða að mínu mati, svo þó að ég segi að fjögur séu látin er öðrum fréttamönnum það eðlilslægara að segja að fjórir séu látnir. Bæði er rétt.

Það er það fallega við tungumálið okkar, það tekur breytingum, sem betur fer. Við erum líka búin að gera hitt svo ógurlega lengi, það er að segja alltaf frá ókyngreindu fólki ósjálfrátt í karlkyni. Er ekki allt í lagi að prófa okkur aðeins áfram með aðrar leiðir til að segja frá fólki?"

Um kynjaskráningu í miðlum RÚV

Haldið er utan um kynjaskráningu í miðlum RÚV, sem felur í sér skráningu kyns viðmælenda í fréttum og öðrum dagskrárliðum í útvarpi og sjónvarpi.

„Við höfum fram að þessu aðeins greint viðmælendur eftir tveimur kynjum en nú er það að taka breytingum og við bætum við hlutlausri kynskráningu. Upplýsingar úr kynjaskráningu í fréttatímum í útvarpi og sjónvarpi notum við til að veita okkur sjálfum aðhald í því að ekki halli á kyn í fréttum okkar. Kynjahlutföll fréttafólks eru um það bil jöfn á fréttastofunni en enn þá hallar á konur sem viðmælendur, þær eru um 40 prósent viðmælenda í fréttatímum RÚV, sem skýrist meðal annars af því að stjórnendur fyrirtækja og stofnana eru að meirihluta karlar. Með því að hafa jafnræði að leiðarljósi getum við kallað til viðmælenda af fleiri kynjum, sem mörg búa yfir góðri sérþekkingu á þeim sviðum sem eru til umfjöllunar," segir Birta. ■

Auka þarf sýnileika kvenna hjá stofnuninni

Hjá Hafrannsóknastofnun vinnur fjölbreyttur hópur starfsfólks. Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að auka sýnileika kvenna sem koma fram fyrir hönd stofnunarinnar og eru í ábyrgðarstöðum innan hennar. Slíkar áherslur eru í samræmi við jafnréttisáætlun stofnunarinnar og stefnu um að jafna hlut kynja. Hjá Hafrannsóknastofnun starfar ört vaxandi hópur kvenna í vísindastörfum og segja þrjár þeirra frá störfum sínum.



Hópur kvenna sem hjá Hafrannsóknarstofnun fer ört stækkandi. Hér má sjá hluta þeirra kvenna sem starfa hjá stofnuninni í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hafrannsóknastofnun er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði hafs- og vatnarannsókna, með 190 starfsmenn. Skiptast kynjahlutföll þannig að konur eru 35 prósent af heildarfjölda starfsfólks en ef hlutfall er skoðað án áhafna rannsóknaskipa þá er hlutfall kvenna af heildarfjölda starfsfólks 44 prósent. Starfsfólk sem fer í sjóleiðangra og sýnatökur á vegum stofnunarinnar og safnar gögnum er mikið til konur og má segja með réttu að það séu konur sem leggja grunnin að þeim gögnum sem unnin eru hér og eru lögð til grundvallar í því vísindastarfi sem unnið er hjá stofnuninni.

„Hjá stofnuninni hefur verið markvisst lögð áhersla á að jafna stöðu kvenna innan stofnunarinnar og fjölga konum í ábyrgðarstöðum," segir Berglind Björk Hreinsdóttir mannauðsstjóri.

„Allt er þetta í samræmi við jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun stofnunarinnar. Má nefna að áður fyrr var leiðangursstjórnun oftar í höndum karla en slík er ekki staðan í dag og leiðangurstjórn jafnt í höndum kvenna og karla, enda hefur hlutverkið ekkert að gera með kyn heldur fagþekkingu og reynslu.

Við þurfum að leggja áherslu á að konur séu meira áberandi og séu sýnilegri en þær hafa verið hjá stofnuninni en hjá okkar starfar frábært vísindafólk sem er af öllum kynjum. Hér eru konur að gera frábæra hluti og eru okkar framtíðarfólk. Hjá okkur er mikill mannauður fólginn í konum og þeirra störfum. Konur eiga mikið inni á þessu sviði og ég tel að þær muni leiða og stýra því áhugaverða rannsóknastarfi sem fram undan er á sviði hafs og vatnarannsókna og leyfi ég mér að segja að á þessu rannsóknasviði eins og reyndar mörgum öðrum þá er framtíðin í okkar höndum. Framtíðin er björt og mikil gróska í rannsóknum á sviði hafs og vatna og mjög spennandi störf í boði hjá stofnuninni fyrir konur."



Dr. Pamela Woods, fiskifræðingur.



Eydís Salome Eiríksdóttir, jarðefnafræðingur.



Berglind Björk Hreinsdóttir, mannauðsstjóri.



Petrún Sigurðardóttir, líffræðingur.

> **Hjá stofnuninni hefur markvisst verið lögð áhersla á að jafna stöðu kvenna innan stofnunarinnar og fjölga konum í ábyrgðarstöðum.**
>
> Berglind Björk Hreinsdóttir

Þurfum að passa vatnaauðlindina

„Ég starfa við rannsóknir á efnasamsetningu ferskvatns á Umhverfissviði Hafrannsóknastofnunar," segir Eydís Salome Eiríksdóttir jarðefnafræðingur. Hún hefur starfað hjá stofnuninni frá árinu 2016 en hefur komið að rannsóknum og vöktun á ám og vötnum um allt land í mörg ár.

„Ég starfa mikið með líffræðingum og saman vinnum við að þverfaglegum rannsóknum meðal annars á vistkerfum í ferskvatni og ástandi vatns. Undanfarin ár hef ég unnið mikið með Umhverfisstofnun að málefnum sem snúa að flokkun vatns eftir ástandi þess.

Við þurfum að passa upp á vatnaauðlindina og finna leiðir til þess að meta ástandið og ég hef verið mikið í því á undanförnum árum að sýna hvað er náttúrulegt ástand og hvað gætu verið vísbendingar um mengun í vatni.

Við eigum mjög mikið af ferskvatni; það rignir heil ósköp hérna og er mikið til af vatni og mest af þessu vatni er ómengað og gott vatn. Hins vegar er álag af mannavöldum víða að finna og það er svolítið okkar að fylgjast með því hvaða áhrif það getur haft og reyna að koma í veg fyrir að það valdi hnignun á vatnsgæðum. Og þá er mikilvægt að vita hvert grunnástandið er og hver breytileikinn er frá náttúrunnar hendi."

Eydís segir að þegar kemur að rannsóknum þá skiptist starfið í útivinnu þar sem hún fer út á öllum árstímum og tekur sýni úr vatni hvernig sem viðrar. „Svo byrjar innivinnan, fyrst á rannsóknarstofu og svo við skrifborðið. Þannig að þetta er mjög fjölbreytt starf."

Eydís segist ekki hafa velt því fyrir sér að hún sé í starfi sem hafi að mestu verið sinnt af körlum, fyrr en hún hitti gamlan mann úti á landi á sínum tíma þar sem hún var ásamt samstarfskonu sinni.

„Við vorum að vinna að vatnamælingum og rannsóknum á fersku vatni og hann hváði, hló og var voða kátur og sagði: „Nei, tvær konur í vatnamælingum!" Honum fannst þetta vera stórmerkilegt." Síðan þá hefur Eydís oft hugsað til formæðra sinna með þakklæti fyrir að hafa rutt brautina fyrir sig.

Greinir aldur á þorski

„Ég er með meistaragráðu í líffræði og er starf mitt aðallega tvíþætt. Annars vegar vinn ég við það að greina aldur á þorski út frá kvörnum sem er safnað í röllum og úr sýnatökum á landi. Hins vegar vinn ég við að skoða og greina myndefni sem er tekið á hafsbotni," segir Petrún Sigurðardóttir, líffræðingur.

„Ég fer líka svolítið út á sjó í rannsóknarleiðangra, bæði til að mæla fiska og safna kvörnum í árlegu röllunum og til að mynda hafsbotninn."

Petrún segir að þegar kemur að aldursgreiningu á þorski þá fái hún fullt af kvörnum og þurfi að lesa aldurinn á þeim í víðsjá en hún segir að árlega séu tveir aðilar að aldurslesa um 15.000 þorska. „Aldur á fiskum er mjög mikilvægur til að reikna út fiskveiðiráðgjöfina hvert ár. Kvörnum eru safnað í alls konar leiðöngrum yfir árið, þær sagaðar í tvennt og þá er hægt að telja svokallaða árhringi til að fá aldur þorskanna. Þetta er ekki ólíkt því að telja árhringi í trjám."

Hvað hafsbotninn varðar segir Petrún að um sé að ræða myndir og myndbönd sem hafi verið tekin á hafsbotni, aðallega til að reyna að finna og skrá viðkvæm búsvæði í kringum landið og stuðla að verndun viðkvæmra búsvæða á hafsbotni.

„Þessi vinna felst að miklu leyti í því að renna yfir myndir af hafsbotni og merkja inn mismunandi tegundir og hluti sem sjást. Út frá þessari vinnu höfum við einnig oft séð rusl, og er ég nú að vinna að skýrslu sem fjallar um það rusl sem við höfum fundið á hafsbotninum. Mest af þessu rusli eru fiskilínur og net úr trollum sem eru að miklu leyti flækt við kórala. Við höfum líka meðal annars fundið flutningabretti, gosdósir og plastpoka. Það er því ýmislegt sem hægt er að finna á hafsbotninum."

Veitir ráðgjöf um sjálfbærar veiðar

„Ég fæddist í Connecticut í Bandaríkjunum og fór í framhaldsnám í Seattle við University of Washington í Seattle, í School of Aquatic and Fisheries Sciences, auk þess að stunda nám við líffræðideild Háskóla Íslands," segir Pamela Woods.

„Doktorsprófið mitt er sameiginlegt milli háskólanna tveggja. Fyrir framhaldsnámið lærði ég stofnmat og ferskvatnsvistfræði með áherslu á bleikju á Íslandi og í Alaska. Ég veiti nú matvæla- og landbúnaðarráðuneytinu ráðgjöf um veiðimöguleika í gegnum Hafrannsóknastofnun og Alþjóðahafrannsóknaráðið, ICES. Ég stunda einnig rannsóknir í líffræði og hagfræði með áherslu á að bæta stofnmatslíkön og fiskveiðistjórnunaraðferðir, sérstaklega í ljósi loftslagsbreytinga." ■



Jafnrétti breytir öllu

Á morgun, 19. júní, er kvenréttindadagurinn haldinn hátíðlegur og óskum við þjóðinni allri til hamingju með daginn.



NÝ SENDING AF HJÓLUM + NÝTT VÖRUMERKI

FULLDEMPUÐ RAFMAGNS FJALLAHJÓL - BARNAHJÓL - GÖTUHJÓL



NUKEPROOF Megawatt 297 RS Rafmagnshjól
Kr. 1.299.990 - Væntanlegt



NUKEPROOF Megawatt 297 Comp Rafmagnshjól
Kr. 849.990 - Væntanlegt



NUKEPROOF Horizon pedalar
Kr. 22.990 parið



NUKEPROOF Neutron pedalar
Kr. 7.490 parið



NUKEPROOF Horizon stýri
Kr. 12.990



NUKEPROOF Lock On Grip
Kr. 2.990



NUKEPROOF Gjarðarvörn
Kr. 12.990



GIANT - TALON 29 3 GREY
Kr. 99.990



GIANT Explore E+ 3STA - Rafmagnshjól
Kr. 399.990



LIV - TEMPT 3
Kr. 99.990



BARNAHJÓL
ENCHANT 20 LITE
Kr. 54.990



BARNAHJÓL
XTC JR DISC
Kr. 69.990



GIANT - TALON 29 3 ORANGE
Kr. 99.990



GIANT - TALON 4 METAL
Kr. 89.990

KULDI
SPORTÍS

SKEIFAN 11 // 108 REYKJAVÍK // KULDI.NET // S.520-1000



Halló pottur... ...hér kem ég!

Heitir og kaldir gæðapottar, ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.



Geirslaug
279.000 kr.



Snorralaug
299.000 kr.



Gvendarlaug
189.000 kr.



Unnarlaug
310.000 kr.



Sigurlaug
(kaldi potturinn)
135.000 kr.



Grettislaug
259.000 kr.

Háfar, burstar, hitamælar, höfuðpúðar, hengirúm, klór, spil og margt fleira til að gera pottaferðina enn skemmtilegri.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Opið mán. - fim. 10-18, fös. 10-17 og lau. 10-14

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR


Kristján
s: 867-3040


Guðbjörg G.
s: 899-5949


Garðar B.
s: 898-0255


Sólveig
s: 869-4879


Hallgrímur
s: 896-6020


Elísabet
s: 781-2100


Viktoría Larsen
s: 618-5741


Einar Örn
s: 823-4969


Sonata
s. 764-6334


Kristín María
s: 837-1177


Ragnheiður
s: 788-3069


Halldór
s: 660-5312


Bára
s: 693-1837


Aðalsteinn Jón
s: 767-0777


Thelma
s: 860-4700


Inga Reynis
s: 820-1903


Ragnar
s: 699-8282


Kristján Björn
s: 844-1450

TRAUSTI
fasteignasala

Vegmúla 4 | 108 Reykjavík | s.546-5050
trausti.is | trausti@trausti.is

VIÐ ERUM TRAUSTI



FÁLKAHLÍÐ 4 – 102 REYKJAVÍK

Hallgrímur
s: 896-6020

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 20. JÚNÍ KL. 17:30-18:00
Stórglæsileg, ný 143,7 fm. penthouse íbúð við Fálkahlíð 4 í Reykjavík. Mikið útsýni er úr íbúðinni, gluggar á þrjá vegu og tvennar svalir. Eigninni fylgir stæði í bílageymslu ásamt lokuðum 24,3 fm. bílskúr. Fálkahlíðin er steinsnar frá Öskjuhlíð og stutt er í alla þjónustu. Nánari uppl. veita Hallgrímur lgf. s. 896-6020 og Kristján lgf. s. 546-5050. Verð: 114,9 millj.



HÁALEITISBRAUT 123 – 108 REYKJAVÍK

Guðbjörg G.
S: 899-5949

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 20. JÚNÍ KL. 17:30-18:00
4ra herbergja 129,7 fm. íbúð á 3ju hæð með fallegu útsýni auk endabílskúrs. Góðar flísalagðar suðursvalir. Bílskúr eignarinnar er í frístandandi bílskúraröð framan við húsið og er bílskúrinn næst húsinu. Húsið var múrviðgert og málað að utan 2018. Vel staðsett hús með fallegu útsýni.
Nánari uppl. veitir Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949. Verð: 69,9 millj.



BIRKIHOLT 4 – 225 GARÐABÆR


Aðalsteinn
S: 767-0777

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 20. JÚNÍ KL. 17:30-18:00
Björt og falleg 2ja herbergja 76,3 fm. íbúð á frábærum stað á Álftanesi. Íbúðin er á 3. og efstu hæð og gengið inn um sérinngang af svölum. Frábær staðsetning og er hin margrómaða sundlaug Álftaness í göngufæri sem og Kaffi Álftanes. Leikskóli og skóli í göngufæri. Möguleiki er á að bæta við einu svefnherbergi og hefur það verið gert í eins íbúð. Glæsiilegt útsýni af 8fm svölum íbúðar.
Nánari. uppl. veitir Aðalsteinn lgf. s. 767-0777. Verð: 54,9 millj.



HEIÐARHOLT 14 – 230 REYKJANESBÆR


Guðbjörg G.
S: 899-5949

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 21. JÚNÍ KL. 17:30-18:00
Björt og mjög rúmgóð 3ja herbergja 84,2 fm. íbúð á efstu hæð með rúmgóðum svölum og fallegu útsýni. Eignin er í traustri útleigu í dag. Búið er að gera upp baðherbergið. Útgengt er út á suðursvalir úr stofunni. Nánari uppl. veitir Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949. Verð: 37,9 millj.



BORGARÁS 2 – 806 SELFOSS


Guðbjörg G.
S: 899-5949

BÓKIÐ SKOÐUN
Lögbýlislóð við Reykholtsbyggð með samþykktum teikningum og er eignalóð alls 18.549 fm. eða 1,85 hektari. Í dag er á lóðinni 125 fm. Húsnæði (5 einingar), á tímabundnu leyfi. Rafmagn og kalt vatn er komið inn á lóð og gjöld greidd af því. Rafmagn og kalt vatn er komið inn á lóð. Frábær staðsetning og um 1 klukkutíma akstur frá Reykjavík. Skv. gildandi skipulagi er heimilt að byggja 250 fm. íbúðarhús á einni hæð með möguleika á kjallara. Til viðbótar er heimilt að byggja bílskúr við húsið allt að 60 fm. Gestahús má einnig byggja á lóðinni allt að 30 fm.
Nánari uppl. veitir Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949. Verð: Tilboð



SAFAMÝRI 73 – 108 REYKJAVÍK

Aðalsteinn
S: 767-0777

OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 22. JÚNÍ KL. 17:30-18:00
Björt og falleg efri sérhæð í 2ja hæða fjölbýli miðsvæðis í Reykjavík. Skemmtileg eign með mikla möguleika. Sérinngangur í stigagang sem tilheyrir einungis þessari eign og er engin sameign innanhús. Góður sameiginlegur gróinn garður. Stutt í alla þjónustu, íþróttir og tómstundir, skóla og leikskóla. Nýbúið er að mála húsið að utan.
Nánari. uppl. veitir Aðalsteinn lgf. s. 767-0777. Verð: 109,9 millj.



BITRA LAND – 803 SELFOSS

Einar Örn
S: 823-4969

BÓKIÐ SKOÐUN
Fallegur 77,9 fm. 4ra herb sumarbústaður með svefnlofti og stórri timburverönd á 83500 fm. (8,35 hektara) eignalandi, frábært útsýni. Landið hefur verið notað sem beitiland fyrir hesta og er þar af leiðandi girt ásamt því að það er hestagerði og aðgengi að vatni. Möguleiki væri á að sækja um leyfi og byggja fleiri eignir á landinu.
Nánari uppl. veitir Einar Örn lgf. s. 823-4969. Verð: Tilboð

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu



FERÐABÍLL TIL SÖLU
Ford Transit 170 hp Benimar Tessoro 494 Billinn er vel búinn aukahlutum. Forskráður á Íslandi 2021, settur á númer 3. júní 2022. Ek. 1.630 km. Tilboð 14 millj., engin skipti koma til greina. Upplýsingar í síma 774 2501

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Garðyrkja

ÖLL ALMENN GARÐVINNA
Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu. Runnaklippingu, garðslátt, beðahreinsun, Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafið samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur



Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Skrifstofu-vinnuherbergi ca. 9 fm, í Skútuvogi til leigu. Uppl. í s. 864 1219.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is





GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarður 3 ▪ S: 552-9940
Stærðir:
270cm-500cm
Verð frá:
149.000.kr




SAILSKI®
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is



Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



Dáleiðsla
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslukennari
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com
www.bernhoft.is

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is




ÞJÓNUSTU AUGLÝSINGAR
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Eldað Með Hönnu Þóru



Eldað með Hönnu Þóru eru nýir örþættir sem sýndir verða á vef Fréttablaðsins. Þættirnir verða sýndir þrisvar í viku, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga fram í miðjan ágúst.

Hanna Þóra ætlar sýna hvernig á að útbúa ketó veislur fyrir alla fjölskylduna á einfaldan og fljótlegan máta.

Uppskriftirnar úr þáttunum munu birtast samdægurs á vef Fréttablaðsins.

Skannaðu kóðann

HAGKAUP

frettabladid.is

Íslendingar margir með næmar hendur



Lovísa Arnardóttir
lovisa@frettabladid.is

Jana Napoli hefur um árabil lesið í lófa fólks og hefur nú gert það að stórri vísindarannsókn að rannsaka hendur fólks á Íslandi og hvernig þær hafa þróast.



Jana Napoli hefur lesið í lófa frá því að hún var lítil stúlka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hægt er að fá lófalestur með, en það er ekki þátttökuskilyrði.

Verkefnið kallast Hendur Íslands og verður að hluta til unnið með því að greina ljósmyndirnar hjá rannsóknastofu í líffræðilegri tölfræði, en svo fær Þjóðskjalasafnið að eiga gögnin án persónuupplýsinga þegar verkefninu lýkur.

„Ég byrjaði í fyrstu heimsókninni minni til Íslands fyrir mörgum árum síðan að snúa höndum fólks og lesa í þær," segir Jana, spurð um það hvernig og hvenær verkefnið hófst.

Markmiðið með verkefninu er að skoða hvernig hendur og lófar Íslendinga hafa þróast í gegnum breytta lifnaðarhætti á síðustu öld og allt aftur á 17. öld og hvort lesa megi karakter þjóðar út frá handabyggingu og lófalínum.

„Ég var hissa, því ég hafði aldrei áður hitt svo marga með næmar hendur og ég vildi fara um landið, líka í lítil þorp, til að komast að því hvort það sama gilti þar. Að þjóðin öll væri með afburðainnsæi, og þannig byrjaði þetta allt."

Annað foreldri íslenskt

En það eru einhver skilyrði fyrir þátttöku, er það ekki?

„Jú, annað líffræðilegt foreldri þeirra sem taka þátt verður að vera íslenskt," segir Jana, og að þátttakendur verði að hafa náð tíu ára aldri. Auk þess geta þátttakendur heldur ekki verið með gervineglur eða naglalakk.

Til að lesa hendurnar og rannsaka þær notar hún sömu tækni og er nýtt í andlitsauðkenningum [e. Face recognition] til að skoða hendurnar.

„Það er búið að aðlaga tæknina að höndum og ég vonast til þess að ná að mynda að minnsta kosti eitt prósent þjóðarinnar," segir Jana, og að líklega sé það ákveðið lágmark til að fá einhverjar raunverulegar niðurstöður.

Jana hefur verið með aðstöðu í Borgarbókasafninu í Grófinni og verður þar áfram frá 18. til 21. júní, 27. til 28. júní og svo síðustu þrjár vikurnar í júlí. Hún segir að hún hafi hitt mikið af athyglisverðu fólki þar.

„Það hefur verið svo ánægjulegt. Ég hef hitt svo mikið af skemmtilegu fólki," segir Jana, en til að geta tekið þátt þarf fólk að annað hvort senda skilaboð á netfangið handsoficeland@gmail.com eða að senda þeim skilaboð á Facebook-síðuna þeirra Hands of Iceland.

Vegna þess hve lesturinn og myndatakan tekur langan tíma, um 20 mínútur, þá er ekki hægt að mæta til þátttöku án þess að skrá sig.

Konur verða að taka karl með

Jana tekur þó fram að vegna mikils áhuga kvenna þá hafi hún þurft að setja þau skilyrði fyrir þátttöku núna að ef að kona skráir sig til þátttöku þá þarf hún að taka með sér karlkyns eða kynsegin þátttakanda.

„Það hefur virkað svo vel og það er alls konar fólk að koma sem hefði kannski ekki tekið þátt. Konur eru að taka vini sína, tengdafeður og það er svo yndislegt," segir Jana.

Fyrr í mánuðinum skráði hún tvöþúsundustu höndina til þátttöku, en Jana segir að áður en hún geti fengið einhverjar upplýsingar í gegnum lestur á ljósmyndunum á rannsóknastofu í líffræðilegri tölfræði í gegnum rannsóknarstofuna, þurfi hún að vera komin með í það minnsta þrjú þúsund, eða um eitt prósent þjóðarinnar.

Á sjötta áratugnum var gerð svipuð rannsókn í mannfræðideild Háskóla Íslands, þar sem Jens Ólafur Páll Pálsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, stofnandi og fyrsti forstöðumaður Mannfræðistofnunar Háskóla Íslands, rannsakaði um tíu þúsund hendur. Á þeim tíma má gera ráð fyrir að um þriðjungur þátttakenda hafi verið fæddur fyrir fyrri heimsstyrjöldina og því segir Jana að það sé vel hægt að bera saman við þau gögn sem hann safnaði og þannig sé hægt að sjá hvernig hendur hafa breyst á Íslandi og þróast. Hún hefur það að markmiði að ná að lesa í það minnsta aftur þrjú þúsund af þeim höndum sem tóku þátt í þeirri rannsókn.

„Þá get ég séð hversu margir hafa enn gömlu hendurnar, sem eru með breiðum fingurnöglum og þrek og hvort barnabörn þeirra hafi sömu hendur."

Íslendingar nærgætnir

Annað sem hún hefur tekið eftir er að 72 prósent þeirra sem hafa skráð sig til þátttöku hafa eins konar totu, sem er í laginu eins og regndropi, undir þumalputtanum, eða á efsta hluta fingursins.

„Þetta er eitthvað íslenskt. Ég hef ekki séð þetta annars staðar. Ég er ekki með svona," segir Jana og að þetta þýði að fólk sé næmt fyrir notkun viljans og að það gæti þýtt nærgætni fyrir því að fólk þarf sitt eigið pláss.

Spurð af hverju hún heldur að það sé, segir Jana að hún sjái að til dæmis er fólk hér mjög ólíkt Ítölum, þar sem fólk gengur upp að þér og talar við þig.

„En hér á Íslandi er það öðruvísi, hér segir fólk hæ og góðan daginn en það gerir ekkert meira. Því það veit ekki hvað þú ert að fara að gera. Þetta er virðing fyrir annarri manneskju og hennar mörkum," segir Jana.

Í gagnaöfluninni hefur hún einnig komist að því að hér virðist hátt hlutfall fólks vera með ráðandi vinstri hendi, sem lesið er út úr því hvaða þumalfingur verður ofan á þegar greipar eru spenntar, og auk þess hefur hún hitt marga sem eru jafnvígir á báðar hendur sem geta auk þess skrifað afturábak.

„Þetta er ótrúlegt og svo mikið ævintýri."

Ástríðuverkefni Jönu

Verkefnið er að miklu leyti ástríðuverkefni Jönu og því fjármagnað af henni sjálfri. Hún segir að fjöldi heimsókna út á land takmarkist því að miklu leyti af því hverjir bjóði henni og verkefninu í heimsókn til sín að vinna. Eins og staðan er þegar viðtalið er skrifað er á áætlun hennar að fara á Strandir, bæði á Hólmavík og Norðurfjörð, og svo á þrjá staði á Norðurlandi: Blönduós, Siglufjörð og Akureyri.

„Þetta er spennandi og við myndum elska að ferðast um landið í allt sumar að safna höndum í verkefnið, en þetta er ástríðuverkefni og ég hef ekki efni á því, því miður, að fara út um allt," segir Jana.

Þegar fólk tekur þátt í verkefninu býðst því líka að láta lesa í lófa sína. Jana segir þó mjög misjafnt hvort að fólk hafi áhuga á því, en hún hefur lesið í lófa í um 60 ár, allt frá því að hún var ung stúlka.

„Í litlum þorpum vilja yfirleitt flestir láta lesa í lófa sinn, en í borginni eru margir karlmenn ekki hrifnir af því. Þannig að ég segi það ekki lengur í upphafi. Það eru bara ljósmyndirnar sem við þurfum í rannsóknina, þannig að þeir þurfa ekki að láta lesa í lófann sinn til að taka þátt," segir Jana og hlær.

„En það er svo gaman að hitta nýtt fólk og lesa í það. Maður hittir auðvitað fólk á hverjum degi, en það sem maður veit ekki er hvaða þræðir voru notaðir til að vefa saman þessa manneskju og hvað mótaði hana og það er það sem ég sé í höndum hennar. Fingraförin eru eins og DNA-ið. Þau breytast aldrei. En hendur eru flóknar, eins og líkaminn. Það er misjafnt hvaða fingur eru lengstir og það sést yfirleitt á höndunum hvað fólk starfar við og hvort það hafi einhverja sjúkdóma. Hvort að fólk hafi átt erfiða ævi, það er hægt að sjá svo margt. Hendurnar geta breyst þó svo að fingurnir lengist ekki og umhverfið sem við ölumst upp við hefur mikil áhrif." ■

> Í litlum þorpum vilja yfirleitt flestir láta lesa í lófa sinn.

> Það er búið að aðlaga tæknina að höndum og ég vonast til þess að ná að mynda að minnsta kosti eitt prósent þjóðarinnar.

Eucerin®

NÆSTA KYNSLÓÐ
HYALURON-FILLER

3x EFFECT

1 FYLLIR 2 ÖRVAR 3 VERNDAR

NÝTT

99%* STAÐFESTA:
MINNI HRUKKUR



* Vörupróf með 120 konum í janúar 2021, niðurstöður eftir 4 vikna notkun.





Reiðhjól og rafmagnshjól

25% afsláttur

BLACK+DECKER AL-KO TEXAS WORX



Sláttuvélar og orf

25% afsláttur



Allir útipottar

20% afsláttur



cozze®

Pizzuofnar

25% afsláttur



WORX

Worx verkfæri

20% afsláttur



JOTUN

Pallaolía, viðarvörn og hreinsiefni

20% afsláttur



Garðhúsgögn

25% afsláttur

LADY



JOTUN

Málning

20% afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval

HÚSASMIÐJAN

RISA TILBOÐ



ÚTSALA
Þvottavélar og þurrkarar

Nýtt blað á husa.is
Skoðaðu öll tilboðin



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Signý Halldórsdóttir

kennari,
Vesturbrún 12,

lést 28. maí.
Útförin fer fram frá Áskirkju 21. júní klukkan 13.

Katrín Hrafnsdóttir
Sigrún Hrafnsdóttir
Sólveig Hrafnsdóttir
Einar Malmberg
Sigtryggur Baldursson
Halldór Sölvi Hrafnsson
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Brynjólfur Kjartansson

hæstaréttarlögmaður,
áður Flókagötu 37,

lést 10. júní.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 22. júní kl. 15.

Margrét Guðmundsdóttir,
Sigríður, Guðmundur, Tómas og fjölskyldur.

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is ◆ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað


Sverrir Einarsson
S: 896 8242


Jóhanna Eiríksdóttir


Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is ◆ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Borgarstjóri fagnar stórafmæli

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, fagnar fimmtugsafmæli sunnudaginn 19. júní.

arnartomas@frettabladid.is


Dagur sér fram á annasamt en skemmtilegt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Þetta kemur náttúrulega eins og þruma úr heiðskíru lofti," svarar Dagur B. Eggertsson aðspurður um hvernig fimmtugsafmælið á sunnudaginn sæki að honum. „Nei, þetta er auðvitað bara tilhlökkunarefni þótt þetta komi eftir ansi annasamt vor eins og kosningavor eru gjarnan. Það hefur ekki verið mikill tími til að undirbúa neitt en maður reynir að gera eitthvað skemmtilegt engu að síður."

Þótt borgarstjórinn sé í dag spenntur fyrir afmælinu hafa tímamótin ekki alltaf verið jafnmikið tilhlökkunarefni.

„Ég var aldrei mikið afmælisbarn, en svo á ég góðan kunningja sem heyrði á tal mitt einhvern afmælisdaginn þar sem ég ætlaði að gera lítið sem ekkert úr þessu," segir Dagur. „Hann hafði lent í erfiðum veikindum og tók mig á teppið. Hann sagði að maður þyrfti að muna að gleðjast og fagna, ekki bara hverju ári, heldur nánast hverjum degi því það væri ekkert sjálfsagt í lífinu."

Eftir þetta hefur Dagur reynt að gera sitt allra besta til að gera alltaf eitthvað til að fagna.

„Þetta var auðvitað alveg hárrétt hjá honum og nú reyni ég alltaf að gera eitthvað skemmtilegt á afmælisdaginn sem ég var orðinn ansi latur við að gera."

Amma spækaði púnsið

Í ár er stefnan að halda hóf fyrir vini og kunningja á laugardagskvöldinu og skála á miðnætti. Dagur er ansi stoltur af afmælisdeginum sínum, 19. júní, sem er einnig kvenréttindadagurinn.

„Mamma er og var svo mikil kvenfrelsiskona að ég kom í heiminn tíu mínútur fyrir miðnætti," segir hann kíminn. „Það var mikið metnaðarmál fyrir henni að ég myndi fæðast 19. júní."

Metnaður í fjölskyldunni þegar kemur að afmælum er ekki af skornum skammti og dregur Dagur fram minningu af ömmu sinni, Jónu.


Dagur segist hafa þótt eitthvað slappasta barn sem sést hafði og gat ekki setið uppréttur fyrsta árið. Margar frænkur höfðu af þessu áhyggjur.

„Hún var mikið á móti áfengi en fékk þá undarlegu hugmynd þegar ég var á menntaskólaárunum að íslenskar brennivínsflöskur, sem höfðu orðið eftir þegar afi heitinn dó, væru mjög vel geymdar í mínum fórum," segir Dagur efins um hvort sagan sé á annað borð birtingarhæf. „Úr þessu varð mjög sérstök bolla sem boðið var upp á og alveg gríðarlega gott partí í foreldrahúsum. Þetta fór nú allt saman vel og kenndi mér að treysta fólki eins og amma gerði."

Annasamt sumar

Þótt líti út fyrir ansi annasamt sumar í vinnu hjá Degi og eiginkonu hans Örnu Dögg þá stefna þau á að verja sem mestum tíma með fjölskyldunni.

„Það er númer eitt, tvö og þrjú eftir þennan vetur," segir Dagur. „Við ætlum í ferðalag í tilefni af afmælinu og stefnum á SKE-ball í Flatey en það er haldið einu sinni á ári. Að öðru leyti munum við spila þetta aðeins eftir hendinni."

Það þarf þó ekki að leita langt yfir skammt og segist borgarstjórinn einna helst spenntur fyrir sumrinu í Reykjavík.

„Reykjavík er að koma til baka með öllum sínum kröftum og skemmtilegheitum eftir Covid. Núna verða þessar hátíðir sem lögðust af í faraldrinum, Gay Pride, Menningarnótt og fleira til. Ég held það verði óvenjumikið líf og fjör í borginni í sumar." ■



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,

Ólafur Árnason

framhaldsskólakennari og húsasmiður,
Kópavogstúni 10, Kópavogi,

lést 13. júní 2022. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 22. júní nk. kl. 13.00.

Fjóla Margrét Björgvinsdóttir
Rósa Björg Ólafsdóttir
Konráð Guðmundsson
Arnór Gísli Ólafsson
Dagmar Bjartmarz
Eygló Árnadóttir
og afabörnin Melkorka, Ólafur, Kári og Kjartan



†

Hjartans kæri bróðir okkar,

Lárus Ingi Valdimarsson

Lést á heimili sínu þann 10. júní eftir erfiða baráttu við krabbamein.
Útför fer fram frá Grafarvogskirkju þann 15. júlí kl. 13.00.
Innilegar þakkir til þeirra sem komu að umönnun hans.

Þorsteinn Valdimarsson
Stefán Axel Valdimarsson
Róbert Hjálmar Valdimarsson



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðlaug Jóna Sigurðardóttir

(Lilla í Mellandi)

Kirkjuvegi 6, Hvammstanga,

lést á HSV Hvammstanga, föstudaginn 10. júní.
Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju, þriðjudaginn 21. júní, klukkan 14.00.

Baldur Ingvarsson
Sigurður Kr. Baldursson
Sigríður Sigurðardóttir
Inga S. Baldursdóttir
Stefán L. Haraldsson
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma og sambýliskona,

Anna Sigurjóna Halldórsdóttir

lést miðvikudaginn 8. júní á Líknardeild Landakots. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 24. júní klukkan 10.

Karítas Erlingsdóttir
Ingi Brynjar Erlingsson
Guðmundur Gunnar Erlingsson
Ísleifur Erlingsson
Ásgeir Helgi Erlingsson
Páll Erlingsson
Sigríður Halldórsdóttir
Björgvin Jónsson
Bergþór Bergþórsson
María Guðrún Þórisdóttir
Sigurrós Sigurhansdóttir
Ragnheiður G. Jóhannsdóttir
Heiða Margrét Hilmarsdóttir
Jóhanna Steinunn Hauksdóttir
ömmu-, lang- og langalangömmubörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Hátíðleg 17. júní tilboð

17% afsláttur af öllum vörum* dagana 17.–19. júní



Gleðilegan þjóðhátíðardag!

SAMSUNG

-17%



SAMSUNG THE FRAME

smeg

-17%



SMEG HRAÐSUÐUKETILL

AEG

-17%



AEG ÞVOTTAVÉL

BANG & OLUFSEN

-17%




BEOPLAY HEYRNARTÓL

*nema HTH

ormsson.is

ORMSSON

Krossgáta



LAUSNARORÐ : Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist örnefni (11)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „18. júní “.

Sudoku


	4	8	1	5				9
	6	9				5		
	2			3			7	
		6	5			8	9	
				9		6		
	1	4	7	8				5
	9			1				6
		3						
5			8		4		3	

	1		8					
5	8	9		1				
	3	7	4			8	1	
				5				8
	7		9		1			4
		3					9	2
			5			3	6	
								9
8		1			9		2	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.


Pondus

Eftir Frode Øverli



Lausnarorð síðustu viku var

UMHVERFISVERND



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Kemur bát í skjól nær landi þeirrar sem enga sénsa tekur (11)
11 Hugum að yfirbragðinu á dyrunum (10)
12 Geyma skal heitt baunaseyði handa fuglum í viðeigandi ílátum (11)
13 Svona lítill limur þarf leikföng og skart (10)
14 Úr olíu frekar en ostrum en glitra þó (11)
15 Ef Ingi fer, tekur þá þessi rugludallur við búinu? (7)
16 Svekkt og sár afhentu þau dellufríu útgáfuna (9)
17 Ekki viltu að þessi asni snuðri um þig? (4)
18 Mátu mat út frá maklega sakfelldu liði (9)
23 Þessi búlla, Greifinn & Jarlinn, er á þessum lista (8)
27 Et ýsu m.m. ásamt hinum og þessum æringjum (5)
30 Lætur frásögn sína gerast í kringum Árbæjarsafn (9)
31 Hvaða kona er kennd ef bóndi er brigðull? (8)
33 Band sem tengir víf og villtan mann (5)
34 Grimmar sálir ráða innrásarher (9)
35 Tel skattinn í ruglinu með þetta gjald (8)
36 Eru svonar fíklar algengari meðal karla en kvenna? (5)
37 Byggja upp rödd ef réttur spilari fæst (8)
42 Öskra á bolta norðanmanna í boltanum (7)
44 Hannibal vill hafa hal sinn borðandi (8)
47 Sakna draga æla? (8)
48 Leita frostrósa og eftirrétta (7)
49 Mun aldur ýkja hressa? (8)
50 Stend undir stuði í trássi við lög (7)
51 Lífseigt býli, þótt erfitt sé að smala bústofninum (7)
52 Kanna eldstæði með tilliti til varmaorku (8)
53 Murkaðu ekki lífið úr Línu og Litla-Rauð! (7)

LÓÐRÉTT

1 Nú er tími sveina og sendla (9)
2 Garða mola af skammrifi (9)
3 Tel alltaf veru óðals til míns meginafreks í lífinu (9)
4 Rauð einhvern veginn eitri á ólyfjan klasagerla (9)
5 Funi vaxandi tungls var bara að seljast (8)
6 Áttu pláss fyrir hortugt barn sem helst þarf heilt hús? (8)
7 Renna þá umgetin í ráð um hegðun og hirtingar (8)
8 Fuglar styðja vinnslu og upprifjun lærðra verkferla (8)
9 Vil að guminn góði hætti að rugla í vindhananum (9)
10 Vel kennd kenndu óhagganlegrar þekkingar (9)
19 Bylur ber grimmann og þungbúinn (7)
20 Skaut eins og snúin drusla (5)
21 Fjölskylda ónytjunga og afkomenda þeirra (8)
22 Fær fenjakross hamið frávita menn? (6)
24 Nema titring í útlimum (12)
25 Verslum meira eftir því sem Bónusum fjölgar? (9)
26 Fljót með heyskap og högg (6)
28 Söfnun fyrir hjáleigu Staupasteinsbónda (7)
29 Þarf karl í krapinu fyrir glæ og glæpi (7)
32 Helli áfengi í austurtrog fyrir konur frá Kanada (10)
38 Öbbuðust upp á draum minn um að lifa heilu lífi (7)
39 Nógu stór en allt of feyskin fyrir þetta sport (7)
40 Í gamla MA mátti alltaf fá kvikasilfursblöndu (7)
41 Þetta er ekki ólykt, heldur þvert á móti ilmur? (7)
43 Hér má geyma bæði marketti og mat þeirra (6)
45 Aldur allra minna djöfla og daga (6)
46 Það er e-r kraftur í fjórða tóni sem þarf að eyða (6)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Elsku sólir, eftir Ásu Marin Hafsteinsdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Ástríður Þorsteinsdóttir, Reykjavík.**



Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 18.-19. júní

Nauta-mínútu-steik

2.879 kr/kg

~~4.798 kr/kg~~





Dádýrasteikur í trufflumaríneringu

3.919 kr/kg

~~5.599 kr/kg~~



Lambalærissneiðar 1. flokkur

2.175 kr/kg

~~3.399 kr/kg~~



Sætar kartöflur

272 kr/kg

~~389 kr/kg~~




Grillsveppir 400 g

449 kr/pk

~~599 kr/pk~~

Hæ, hó, jibbí, jei!
Það er opið hjá okkur 17. júní!



lokað í netverslun



Grillpylsur 480 g, 10 stk.

639 kr/pk

~~799 kr/pk~~



Hamborgarar 4x90 g, með brauðum

879 kr/pk

~~1.099 kr/pk~~



Energy support VitaYummy, 60 stk.

1.499 kr/pk

~~2.999 kr/pk~~



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Laugardagur

Hringbraut

18.30 Fjallaskálar Íslands (e) Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
19.00 Undir yfirborðið (e) Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
19.30 Veiðin með Gunnari Bender (e) Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
20.00 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu.
20.30 Fjallaskálar Íslands (e)
21.00 Undir yfirborðið (e)

RÚV Sjónvarp

07.05 SmáRÚV
07.06 Smástund Banani og hjólin á strætó
07.10 Tikk Takk
07.15 KrakkaRÚV
09.36 Stundin okkar
10.00 Hvað getum við gert? Grænni byggð.
10.10 Upp til agna
11.10 Öðruvísi eins og ég
11.55 Sögur frá Listahátíð
12.05 Unga Ísland 1940-1950
12.35 Sirkussjómennirnir
13.05 Taka tvö II Erlendur Sveinsson.
14.00 Konur rokka
15.00 Förum á EM
15.30 Mótorsport Suðurnesjarallý og torfæra á Egilsstöðum.
16.00 HM í sundi Bein útsending frá HM í sundi í Ungverjalandi.
17.55 Sumarlandabrot 2021
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Sebastian og villtustu dýr Afríku
18.35 Víkingaþrautin Herklæðin.
18.45 Bækur og staðir
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Horfna rafherbergið Det forsvundne ravkammer
20.15 Ísdrekinn Isdraken
21.30 Vonarvængir Penguin Bloom
23.05 Eldfim ást Le Fidèle16
01.10 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

11.00 Survivor
12.30 The Bachelor
14.00 The Block
15.00 Young Rock
15.25 This Is Us
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Extreme Makeover. Home Edition
18.25 The Extraordinary Journey of the Fakir
20.00 Just Like Heaven
21.35 xXx. Return of Xander Cage
23.25 The Yards
01.20 The Sisters Brothers
03.20 Love Island (6.58)
04.05 Tónlist

Stöð 2

08.00 Barnaefniý
11.50 Bob's Burgers
13.15 Bold and the Beautiful
13.35 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
14.25 The Goldbergs
15.30 Ísskápastríð
16.00 Backyard Envy
16.00 Kviss
16.00 Backyard Envy
16.40 Kórar Íslands
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Top 20 Funniest
19.40 My Salinger Year
21.20 Land Dramatísk ævintýramynd með Robin Wright í aðalhlutverki. Eftir erfiða reynslu ákveður Edee að draga sig í hlé og flytja í óbyggðir Klettafjallanna. Þegar veiðimaður finnur hana nær dauða en lífi þarf hún að finna leið til að lifa á ný.
22.45 The Good Liar
00.30 The Dead Don´t Die Fyndin hrollvekja með frábærum leikurum frá 2019. Íbúar í hinum rólega og friðsama bæ Centerville, þurfa að takast á við hjarðir uppvakninga, þegar hinir dauðu fara á stjá og rísa upp úr gröfum sínum.
02.20 Impractical Jokers
02.40 Bob's Burgers
03.00 The Goldbergs Gamanþáttaröð sem gerist á níunda áratug síðustu aldar og fjallar um fjöruga fjölskyldu sem er ekki alveg eins og fólk er flest. Sögumaðurinn er yngsti fjölskyldu meðlimurinn sem tekur allt sem fram fer á heimilinu upp á myndbandsupptökuvél.

Sunnudagur

Hringbraut

18.30 Vöggustofumálið - seinni hluti (e) Samantekt á Vöggustofumálinu í umsjón Elínar Hirst og Péturs Fjeldsted.
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum
19.30 Útkall (e) Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
20.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Vöggustofumálið - seinni hluti (e)
21.00 Stjórnandinn með Jóni G. Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
10.55 Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands
11.20 Músíkmolar
11.30 Manndómsár Mikkos
11.55 Feneyjatvíæringurinn 2022
12.25 Aretha Franklin. Amazing Grace
13.50 Líkamsklukkan. Hvað knýr okkur áfram?
14.45 Finnska gufubaðið
15.00 Popp- og rokksaga Íslands Við viljum algert frelsi.
16.00 HM í sundi Bein útsending frá HM í sundi í Ungverjalandi.
17.35 Meistarinn
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Basl er búskapur
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Sumarlandinn
20.20 Örlæti Pæla - Hólar í Rangárvallasýslu.
20.40 Íslendingar Fríða Á. Sigurðardóttir. Fjallað er um Íslendinga sem settu svip sinn á íslenskt samfélag um sína daga með margvíslegum hætti.
21.25 Sæluríki Lykkeland
22.15 Hæglætiskona Krotkaya Kvikmynd frá 2017 um konu sem býr í smábæ í Rússlandi. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.35 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

11.00 Survivor
12.30 The Bachelor (
14.00 The Block
15.00 PEN15
15.25 Top Chef
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 A Million Little Things
18.25 Ordinary Joe Bandarísk þáttaröð sem fjallar um það hvernig ein lítil ákvörðun getur gjörbreytt ævi þinni.
19.10 State of the Union
19.25 Ræktum garðinn Ræktum garðinn er þáttaröð um flest allt það sem tengist görðum og gróðri á Íslandi. Umsjónarmaður þáttarins er Hugrún Halldórsdóttir sem er mikil áhugamanneskja um garðyrkju og í þessari þáttaröð ferðast hún um undraveröld blóma og garða.
19.40 Young Rock
20.10 This Is Us
21.00 Law and Order. Special Victims Unit
21.50 Dexter. New Blood
22.50 Love Island
23.35 Pose
00.35 Tell Me a Story
01.20 The Rookie
02.05 FBI. International
02.50 Blue Bloods
03.35 Love Island
04.20 Tónlist

Stöð 2

08.00 Barnaefni
11.40 Simpson-fjölskyldan
12.05 Alex from Iceland
12.15 Nágrannar
13.20 Nágrannar
13.45 Top 20 Funniest
14.30 City Life to Country Life
15.15 Britain´s Naughtiest Nursery
16.00 Britain's Got Talent
17.35 60 Minutes
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Ísskápastríð
19.45 Grand Designs. Sweden
20.30 The Heart Guy
21.20 Grantchester
22.05 Pandore
22.55 Two Weeks to Live
23.20 Shameless
00.15 Brave New World
01.00 Hunter Street
01.25 Hunter Street
01.50 Simpson-fjölskyldan
02.10 City Life to Country Life
02.55 Britain's Got Talent

Mánudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Lengjudeildamörkin Úrslit og mörk í Lengjudeildinni.
19.30 Undir Yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.00 Fjallaskálar Íslands (e)
20.30 Fréttavaktin
21.00 Lengjudeildamörkin (e)



Robin Wright bæði leikstýrir og leikur aðalhlutverkið í bandarísku bíómyndinni Land.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Land

Kvikmyndin Land, sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld, er fyrsta kvikmyndin sem bandaríska leikkonan Robin Wright leikstýrir. Hún fer sjálf með hlutverk Edee Holzer, konu sem ákveður að flytja úr borginni eftir erfiða lífsreynslu og kemur sér fyrir í skála á afskekktum stað í Wyoming. Henni reynist ekki auðvelt að læra að lifa af í sveitinni og lendir í ýmsum hremmingum. Ekki aðeins þarf hún að læra að höggva í eldinn og veiða sér til matar heldur fær hún bjarndýr í heimsókn sem étur hana út á gaddinn. Nágranni hennar, Miguel, leikinn af Demián Bichir, kemur henni til bjargar úr einangruninni eftir snjóstorm. Þau reynast eiga meira sameiginlegt en þau átta sig á í fyrstu.

Myndin var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í janúar í fyrra og hefur fengið ágæta dóma, þrátt fyrir að vera þunglyndisleg á köflum og kannski ekki sérlega sumarleg. ■



■ Við tækið

Stellur í orlofi



Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Ein ástsælasta bíómynd þjóðarinnar, Stella í orlofi, var á dagskrá RÚV í gær. Það var vel við hæfi á þjóðhátíðardaginn enda fangar Stella þjóðarsálina ótrúlega vel enn í dag, tæpum fjórum áratugum eftir útkomu myndarinnar árið 1986.

Konur halda áfram að leika stór hlutverk í sjónvarpsdagskrá helgarinnar. Annars vegar greinir frá konunni Edee Holzer í laugardagsmynd Stöðvar 2 sem hefur fengið nóg af lífinu í borginni, ekki svo ósvipað Stellu okkar.

Á sunnudaginn sýnir RÚV rússneska mynd um smábæjarkonu sem fer í reisu til að komast að því af hverju sending frá henni til eiginmannsins, sem situr í rússnesku fangelsi, var endursend til hennar.

Landsmenn eiga því valið þessa löngu helgi, um hvort þeir leggjast sjálfir í flakk eða fylgjast með flakki annarra á skjánum. ■



Stella Löve húsmóðir og sænski alkóhólistinn Salomon Gustavsson fóru á kostum í Stellu í orlofi.

Stella í orlofi var frumsýnd 18. október árið 1986.


Lesum, lærum og leikum

Þú finnur heilann heim af skemmtilegum og fróðlegum krakka- og barnabókum hjá okkur!



Handbók fyrir ofurhetjur - Sjöundi hluti

3.599 kr. VERÐ ÁÐUR 4.199 KR.



Hanni granni dansari

3.799 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Lærum að reikna/skrifa þrautabók

1.699 kr. VERÐ ÁÐUR 1.999 KR. (STK.)



Björgum jörðinni - Jörðin/Dýrin okkar

3.499 kr. VERÐ ÁÐUR 3.999 KR. (STK.)



Stúfur fer í sumarfrí

3.499 kr.

VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.

Sumarþrautabók Stúfs

2.599 kr.

VERÐ ÁÐUR 2.999 KR.



Tré / Líkaminn

2.999 kr. VERÐ ÁÐUR 3.699 KR. (STK.)



Reykjavík barnanna

4.399 kr. VERÐ ÁÐUR 5.199 KR.



Líf og fjör í Ólátagarði

3.799 kr. VERÐ ÁÐUR 4.439 KR.



Kennarinn sem fuðraði upp!

4.299 kr. VERÐ ÁÐUR 4.999 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 20. júní eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson





RIA 3ja sæta sófi.
129.900,- **nú 77.940,-**



CALVI 3ja sæta sófi.
174.900,- **nú 104.940,-**



CALVI 2ja sæta sófi.
124.900,- **nú 74.940,-**

ÚTSALA 30-50% AFSLÁTTUR





*einnig fáanleg í 120 x 200 cm og 180 x 200 cm.



Uppþvottasett 5.995,- **nú 3.597,-**



FAST SENDINGARGJALD MEÐ PÓSTINUM HVERT Á LAND SEM ER!



TRUE Skápur. 249.900,- **nú 174.930,-**
TRUE Borðstofuborð, Ø160 cm. 179.900,- **nú 125.930,-**

30%



DIVANI Einingarsófi með fótskemil.
149.900,- **nú 104.930,-**

30%



DIVANI Einingarsófi með fótskemil.
149.900,- **nú 104.930,-**

30%



TORONTO 3ja sæta sófi, koksgrár.
219.900,- **nú 153.930,-**

50%



CINDY Skemill Ø100 cm.
59.900,- **nú 29.950,-**

35%



SCOTT Horntungusófi - legubekkur + opinn endi.
429.900,- **nú 279.435,-**

30%



DOLPHIN Leður barstóll.
Fæst í bæði svörtu og brúnu
59.900,- **nú 41.930,-**

40%



ALICE Barstóll.
24.990,- **nú 14.994,-**

50%



DUARTE Hliðarborð 2stk.
109.900,- **nú 54.950,-**

30%



50%



DIMA Borðstofustóll.
14.900,- **nú 7.450,-**

BRAVO Hægindastóll og skemill.
399.900,- **nú 279.860,-**

40%



BORGIO Hornsófi. 289.900,- **nú 173.940,-**
BORGIO Sófaborð. 34.900,- **nú 20.940,-**



30%



AMIGO Bekkur 90 cm.
34.900,- **nú 24.430,-**

30%



PELATO Eldstæði á fótum.
28.900,- **nú 20.230,-**

35%



NID Körfustóll m/ stand.
89.990,- **nú 58.494,-**

30%



KARVIK Blómapottur. 2 stærðir.
Verð frá **5.947,-** með afslætti.

40%



TULIP Sessa.
4.695,- **nú 2.817,-**


40%



TONGA Garðstóll.
17.900,- **nú 10.740,-**



AMIGO Bekkur 140 cm.
48.900,- **nú 34.230,-**



Valdís

Þann 18. júní milli
14:00-16:00 mun ILVA gefa
ís frá Valdís í Kauptúni

ILVA Kauptúni, Garðabæ, s: 522 4500
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

Ætlaði að kaupa bakarí en eignaðist golfverslun

Bakarinn Gestur Már Sigurðsson fór að venja komur sínar í Golfbúðina í kringum 1995 en þá hafði hann nýhafið störf í Bæjarbakaríi í Hafnarfirði. Gestur settist niður með kylfingi.is og fór yfir söguna af því þegar hann keypti Golfbúðina í Hafnarfirði ásamt eiginkonu sinni Hörpu Þorleifsdóttur.

kylfingur.is



Gestur Már Sigurðsson og Harpa Þorleifsdóttir keyptu Golfbúðina í Hafnarfirði haustið 2020. MYND/AÐSEND

Hjónin Gestur Már Sigurðsson og Harpa Þorleifsdóttir keyptu Golfbúðina í Hafnarfirði haustið 2020 af öðrum hjónum. Gestur sér um daglegan rekstur en Harpa afgreiðir í búðinni og sér um bókhaldið.

„Ég var yfirleitt búinn að vinna í bakaríinu upp úr hádegi og hafði oft og tíðum ekki mikið annað að gera en að spila golf eða kíkja í Golfbúðina. Það tókst með okkur Sigurgísla góður kunningsskapur. Það var svo árið 2004 að ég fór að aðstoða hann einn og einn seinnipart yfir mesta álagstímann. Tveimur árum síðar bauð Sigurgísli mér fullt starf í Golfbúðinni og það varð úr að ég hætti í bakaríinu," segir Gestur.

Gísli var svo í fullu starfi í Golfbúðinni í sjö ár, en hjálpaði til í bakaríinu eina og eina helgi. Hann hætti svo í Golfbúðinni í janúar 2014 og fór aftur í fullt starf í bakaríinu.

„Aftur fór ég að hjálpa til á daginn í Golfbúðinni og missti því aldrei þessi tengsl við Sigurgísla og búðina," segir Gestur.

Bæjarbakarí til sölu

Árið 2018, þegar Gestur hafði starfað um nokkurt skeið sem bakari í Bláa lóninu, var honum boðið að kaupa Bæjarbakarí í Hafnarfirði.

„Ég sagði starfi mínu lausu í Lóninu með nokkrum trega, enda þótti mér gott að vinna þar og fór í viðræður um kaup á bakaríinu. Sigurgísli í Golfbúðinni frétti af þessum vistaskiptum og fyrirætlunum mínum um að kaupa Bæjarbakarí. Hann var vissulega ánægður fyrir mína hönd, en bað mig að tala við sig ef dæmið gengi ekki upp. Þá var ég farinn að skynja að kannski vantaði eigendur Bæjarbakarís frekar rekstraraðila og að lokum runnu viðræðurnar um kaupin út í sandinn."

Samið um kaup á Golfbúðinni á innan við hálftíma

„Þegar Sigurgísla varð ljóst að ég keypti ekki bakaríið bauð hann mér að kaupa Golfbúðina. Við vorum innan við hálftíma að semja um kaupin á búðinni. Ég hef verið bakari í 42 ár en hef verið í golfinu enn lengur, svo kannski var eðlilegra að fara frekar út í rekstur tengdan golfinu. Þetta er klassískt dæmi um það að þegar einar dyr lokast eiga aðrar það til að opnast," segir Gestur, sem hóf aftur störf í Golfbúðinni. Ákveðið var að gengið yrði frá kaupunum að tveimur árum liðnum.

Hvaðan kemur þessi mikli golfáhugi? Ert þú öflugur kylfingur?

„Pabbi var einn af stofnendum klúbbsins í Borgarnesi. Ég er fæddur 1963 og hóf að leika golf af alvöru tólf ára gamall, en sjálfsagt hef ég verið miklu yngri þegar ég fór að prófa mig áfram með kylfu í hönd. Ég var fljótur að fara í meistaraflokksforgjöf. Það hefur verið í kringum 1980. Ég hef nokkurn veginn haldið forgjöfinni síðan þá og er með 3,3 í forgjöf í dag. Ég spila ekki mikið og hef ekki keppt mikið í golfi. Ég er nú alltaf að stefna á að fara að sinna þessu betur. Jafnvel gæti ég hugsað mér að taka þátt í öldungamótaröðinni einn daginn."

> Ég hef verið bakari í 42 ár en hef verið í golfinu enn lengur.

Golfæði á Íslandi og víðar

Mikil sprenging hefur verið í áhuga fólks á golfi á Íslandi og reyndar víðar á undanförnum árum. Gestur segir þau ekki hafa farið varhluta af því. „Það er búið að vera meira en nóg að gera síðan við tókum við. Það hefur auðvitað allt verið upp á við, bæði í klúbbunum og verslununum og í raun og veru í öllu sem tengist golfinu. Við sem erum í þessum geira sluppum ótrúlega vel í Covid-ástandinu, enda var golfið ein af fáum íþróttum sem hægt var að stunda með sæmilega eðlilegum hætti."

„Við keyptum að hausti, þegar búðin var að sigla inn í rólegasta tíma ársins, sem var nú kannski ekki besti tíminn, en ég vissi auðvitað hvað ég var að ganga inn í, verandi búinn að starfa þar meira og minna síðan árið 2006."



Golfbúðin er að Dalshrauni 10 í Hafnarfirði. MYND/AÐSEND

Álagið eykst með hækkandi sól

Gestur segir mesta álagstímabilið í versluninni vera í apríl, maí og júní, þó það teygi sig auðvitað að einhverju leyti inn í júlí og ágúst. „Veturinn fer að mestu í að gera pantanir fyrir komandi tímabil. Þá förum við á sýningar og spáum og spekúlerum. Við þurfum að skipuleggja öll innkaup betur vegna áhrifa frá Covid. Við gerum fatapantanir með allt að 9-10 mánaða fyrirvara og pöntum kylfur, poka og kerrur að hausti. Á veturna hugsum við líka um að breyta og bæta það sem þarf."

Sala eykst á fatnaði

Gestur segir sölu á fatnaði vera sívaxandi hluta af heildarsölu Golfbúðarinnar. „Við höfum reynt að vera dugleg að uppfæra okkur, auka úrvalið og bæta það. Í dag eigum við til dæmis meira úrval af litum. Við erum dreifingaraðilar á Íslandi fyrir ákveðin merki og reynum að leggja meiri áherslu á þau."

Aðspurður segir Gestur að það sé ákveðin fylgni milli aukins áhuga kvenna á golfíþróttinni og bjartari lita í fatadeildinni. „Mér finnst nú landslagið reyndar vera að breytast – við erum að færa okkur hægt og rólega úr sauðalitunum og við karlarnir fylgjum með. Stærsti einstaki kúnnahópurinn okkar hefur verið kylfingar í eldri kantinum, en það er einnig aðeins að breytast. Við erum farin að fá unga fólkið til okkar líka og reynum að halda í við tískustraumana. Við bjóðum til að mynda sixpensara í góðu úrvali, sem hafa verið vinsælir hjá öllum körlum, alveg niður í tvítugt."

> Við sem erum í þessum geira sluppum ótrúlega vel í Covid-ástandinu, enda var golfið ein af fáum íþróttum sem hægt var að stunda með eðlilegum hætti.

Sífellt fleiri óska eftir mælingu

Mælingar fyrir sérpöntuðum kylfum eru þjónusta sem golfverslanir bjóða upp á. „Loksins gátum við lagað til hér hjá okkur í Golfbúðinni og sett upp hermi sem við notum í mælingarnar. Sífellt fleiri kylfingar óska eftir slíkri þjónustu. Það hefur orðið ákveðin vakning í þessu, fólk finnur að mælingar hjálpa og kennarar mæla með þeim. Biðtími eftir sérpöntuðum kylfum getur í dag verið allt að sex vikna langur. Í eðlilegu ástandi þyrfti fólk líklega ekki að bíða lengur en tvær vikur eftir sérpöntunum."

Öflug viðgerðarþjónusta

Golfbúðin í Hafnarfirði rekur öflugt verkstæði. „Við bjóðum upp á viðgerðarþjónustu fyrir kylfur og kerrur og fyrir allt sem tengist golfinu. Við eigum í góðu samstarfi við aðrar verslanir og reynum að halda í heiðri heilbrigðri samkeppni. Þá höfum við átt farsælt samstarf við viðgerðaverkstæðið í Hraunkoti, en Biggi keisari hefur tekið að sér einstaka viðgerðir sem við höfum ekki treyst okkur í."

Vefverslun á teikniborðinu

Gestur segir að loksins sé netverslun væntanleg á heimasíðu Golfbúðarinnar. Við höfum ekki verið með vefverslun en stefnan er að bæta úr því. Fyrst og fremst viljum við þó leggja áherslu á að halda áfram á sömu braut – að bjóða góða þjónustu og gera okkur sýnileg," segir Gestur Már Sigurðsson, eigandi Golfbúðarinnar í Hafnarfirði að lokum. ■

Golffréttir og umfjöllun alla daga

KYLFINGUR.IS

Ólafur Pálsson olafur@vf.is - Páll Ketilsson pket@vf.is

Til hamingju Íslendingar!
Gleðilegan 17. júní!

FÍ

LV
SIÐAN 1937
LEÐURVERKSTÆÐIÐ
REYKJAVÍK

NORMX

ÖKU
SKÓLINN
Í MJÓDD


CARGO
sendibílaleiga

SÆTOPPUR

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • www.friform.is

RG Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR I TRAUST I ÁRANGUR



FRÉTTABLAÐIÐ
MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS



Eyðingin, ekkert-ið og tómið er mér hugleikið, segir Ingibjörg.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hversdagslegir hlutir og ný merking



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ingibjörg Sigurjónsdóttir sýnir ný verk á sýningunni De rien í Kling & Bang í Marshall-húsinu. Sýningin er hluti af Listahátíð.

Um titil sýningarinnar segir Ingibjörg: „Þetta algenga franska orðasamband, de rien, hefur alltaf heillað mig, það þýðir ekkert að þakka eða það var ekkert, en bókstaflega merkingin er af engu. Þetta stóra og dramatíska hugtak er notað svo hversdagslega að maður tekur varla eftir því hvað það er hyldjúpt."

Ingibjörg segir að sýningin hverfist um það sem hún vill kalla „ekkert-ið". „Eyðingin, ekkert-ið og tómið er mér hugleikið. Táknmynd sýningarinnar er núllið. Ég átti afmæliskerti sem var í laginu eins og núll sem ætlast er til að sé brennt niður fyrir aftan aðra og hærri tölu á stórafmælum. Með því að láta það ekki brenna og neita að láta það eyðast fannst mér ég geta höndlað ekkert-ið. En svo sá lífið auðvitað við mér. Ég var með kertið á vinnuborðinu mjög lengi en sá svo hvernig það var byrjað að upplitast vegna sólarinnar og farið að hverfa."

Boðið upp á köku

Á sýningunni er mynd, gerð með gouache-litum, af kertinu. „Sú mynd á sér síðan systurverk. Þegar ég var að mála myndina af kertinu þá blotnaði nefnilega næsta blað í teikniblokkinni og til varð lítil eftirmynd, upphleypt út af vatninu. Mig langaði strax að útbúa ramma fyrir hana sem ég myndi dýfa í litina sem eru á upphaflega afmæliskertinu. Þannig myndi myndefnið umpólast, liturinn rynni út á rammann, en minningin um formið yrði eftir á myndfletinum. Á nokkrum vikum gufaði vatnið upp og pappírinn varð alveg sléttur svo það sést ekki að nokkuð hafi verið á honum. Sem er auðvitað enn betra. Þar með var orðið til síðasta verkið á sýningunni sem heitir Ekkert af engu."

Skúlptúrar eru á sýningunni. Þar á meðal er samanþjappaður sandur og í miðju hans er greypt form af madeleine-köku. „Hugsanir um tímann, eyðinguna og ekkert-ið eru tengdar minninu og því hvernig maður er alltaf að missa tökin á því. Þá kemur Proust upp í hugann. Mig langar til að ná í skottið á tímanum, en ég get það ekki, ég get bara boðið upp á Madeleine-köku sem minnir þig ekki á neitt sérstakt," segir Ingibjörg.

> Hvert og eitt verk er lítið og úr viðkvæmu efni, en býr um leið yfir djúpum sannleika.


Viðkvæmt jafnvægi

Blaðamaður hefur orð á því að verkin á sýningunni virki einföld. Ingibjörg tekur undir það: „Þau eru einföld, flest smágerð og afskaplega viðkvæm. Þarna er samanþjappaður sandur sem hrynur í sundur ef þú rekst í hann og pappírsstafli sem sömuleiðis hrynur um koll ef ýtt er við honum.

Öll verkin hanga saman á trúnni og traustinu og því að þeim sé stillt upp af nákvæmni. Um leið nær það sem er smátt og lítið að safnast saman og verða að einhverju voldugu. Hversdagslegir hlutir sem virðast vera rusl fá nýja meiningu. Plast sem er hér uppi á vegg eru umbúðir utan af límmiðaspjaldi sem dóttir mín átti og á þeim stendur: Stickers. We have hopes because we have love. Made in china. Með litlu c.

Þegar maður rekst á einhvern kjarna í hlutum sem verða á vegi manns þá getur maður stillt þeim upp og búið til frásögn milli þeirra. Hvert og eitt verk er lítið og úr viðkvæmu efni, en býr um leið yfir djúpum sannleika. Dæmi um þetta er póstkort af ketti með starandi blátt augnaráð, hann horfir svo djúpt í augun á manni að hann verður eins og hálfgerð samviska manns."

Er ekki hætta á að einhver verkin verði fyrir hnjaski? „Ég verð að reikna með að það geti gerst, en ég hef óskaplega mikla trú á fólki og að það sjái í hversu viðkvæmu jafnvægi þessi verk eru og vilji leggja sitt af mörkum til að leyfa þeim að lifa," segir Ingibjörg. ■



Verkin á sýningunni eru einföld og viðkvæm.



Englar og menn í Strandarkirkju

kolbrunb@frettabladid.is

Tónlistarhátíðin Englar og menn í Strandarkirkju hefst á á morgun, sunnudaginn 19. júní, með tónleikum kl. 16.00.

Hátíðin er nú haldin í tíunda sinn og stendur yfir til 24. júlí. Á tónleikunum á sunnudag koma fram þau Sigríður Aðalsteinsdóttir söngkona, Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari, Guðbjartur Hákonarson fiðluleikari og Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir sellóleikari.

Yfirskrift tónleikanna er „Í sjönda himni" en flutt verður fjölbreytt og skemmtileg dagskrá af íslenskum dægurlögum í útsetningum Þórðar Magnússonar, íslenskum sönglögum eftir Atla Heimi, Inga T, Sigfús Einarsson og fleiri ásamt þekktum erlendum perlum tónbókmenntanna. ■



Björg Þórhallsdóttir er listrænn stjórnandi hátíðarinnar.
MYND/AÐSEND

EIN SKEMMTILEGASTA TEIKNIMYND ÁRSINS!



ILLUMINATION KYNNIR

SKÓSVEINARNIR

GRU RÍS UPP

FRUMSÝND 29. JÚNÍ

FORSALA HAFIN


HÁSKÓLABÍÓ · LAUGARÁS BÍÓ BARA LÚXUS · ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN · SAMBÍÓIN EGILSHÖLL · KRINGLAN SAMBÍÓIN · SMÁRABÍÓ · AKUREYRI SAMBÍÓIN · KEFLAVÍK SAMBÍÓIN · Bíóhúsið

Elvis keyrir stórmyndaballið í gang




Sex mánuðir eru liðnir af 2022 og því óhjákvæmilega sex mánuðir eftir og bíóárið því hálfnað. Því er upplagt að stikla á því stærsta frá Hollywood sem bíógestir geta byrjað að láta sig hlakka til í seinni hálfleik. Allt verður þetta í grófum dráttum samkvæmt hefðinni þar sem leynilöggur, ofurhetjur og leigumorðingjar eru meðal þeirra sem láta að sér kveða á næstu mánuðum.

odduraevar@frettabladid.is



Elvis — Júní

Einn glysgjarnasti leikstjóri Hollywood, Baz Luhrmann, ætlar að spreyta sig á upprunasögu rokkkóngsins Elvis Presley í Elvis sem að sjálfsögðu er, eins og Moulin Rouge! forðum, söngleikur. Leikarinn Austin Butler bregður sér í glimmergalla rokkkóngsins en kjölfestuleikarinn Tom Hanks er einnig í mikilvægu hlutverki Colonel Tom Parker.



Nope — Júlí

Jordan Peele, sem á að baki hrollvekjurnar Get Out og Us, ætlar að hræða líftóruna úr landsmönnum eina ferðina enn þegar hrossabændur í Kaliforníu komast í hann krappan vegna dularfullrar veru.



Thor: Love and Thunder — Júlí


Marvel myndasögurisinn er ekki af baki dottinn enda engin ástæða til þar sem flest gengur enn upp á þeim bænum og næsta stórmynd er handan við hornið.

Leikstjóranum Taika Waititi er aftur gefinn laus taumurinn og hann heldur áfram með sögu þrumuguðsins og hefnandans Þórs sem tekur nokkuð dramatískum breytingum þar sem Natalie Portman tekur við nafnbótinni af Chris Hemsworth þegar Jane, ástkona Þórs, tekur við hamrinum.



Bullet Train — Ágúst

Stjörnum prýdd mynd um fimm leigumorðingja sem uppgötva að þeir eru allir í sömu hraðlest á leið frá Tókýó til Morioka og virðast allir vera með mjög keimlíka verkefnalista. Brad Pitt og Sandra Bullock eru meðal leikara og ýmislegt bendir til þess að þarna sé á ferðinni hressilegasta hasarmynd þessa sumars.



Black Adam — Október

Grjótið sjálft, Kletturinn, The Rock, fær loksins ofurhetjuhlutverk eftir margra ára slímusetu í öðruvísi hasarmyndum. Svarti Adam er ein af stærstu stjörnum DC heimsins og þótt þeim sem þar um véla sé einkar lagið, ólíkt keppinautnum Marvel, að klúðra málunum bendir margt til þess að þessi gæti orðið þokkalega skemmtileg.



Black Panther: Wakanda Forever — Nóvember

Fyrsta myndin um Black Panther telst hæglega til allra bestu Marvel-myndanna hingað til. Því miður dró ristilkrabbamein Svarti pardusinn sjálfan, leikarann Chadwick Boseman, til dauða 2020 og Marvel hefur bæði haldið söguþræði þessa framhalds vel leyndum sem og því hvernig skarð leikarans verður fyllt svo sómi sé að.

Síðan er ákveðin huggun harmi gegn að Lupita Nyong'o, Letitia Wright, Daniel Kaluuya, Angela Bassett og Martin Freeman verða öll áfram á sínum stað í hlutverkum Nakia, Shuri, W'Kabi, Ramonda og Everett K. Ross.

Avatar: The Way of Water — Desember

Lengi er von á bláum og framhaldsmynd sem enginn var beinlínis að bíða eftir frá James Cameron, einum öflugasta stórhasarmyndaleikstjóra allra tíma. Þrettán árum eftir fyrstu myndina, tækniundrinu sem hún var 2009, munum við loksins fá að sjá hvað gerist í úthöfum plánetunnar Pandóru. Hvernig sem framhaldið spinnst í höndum Camerons efast þó engin sem til fyrr verka hans þekkja að þarna verður á ferðinni heilmikið sjónarspil.





Glass Onion: A Knives Out Mystery — Desember

Leikstjórinn Rian Johnson, sem í seinni tíð hefur helst unnið sér til óhelgi að hafa gert hina mjög svo umdeildu Stjörnustríðsmynd The Last Jedi, er að leggja lokahönd á Glass Onion: A Knives Out Mystery. Myndin er, eins og titillinn gefur til kynna, framhald Knives Out sem Johnson sló heldur óvænt í gegn með 2019. Fyrri myndin var stjörnum prýdd með Daniel Craig fremstan í flokki sem rannsóknarlögguna Benoit Blanc, einhvers konar tilbrigði við klassískt Poirot-stef Agöthu Christie. Honum til halds og trausts voru meðal annarra Jamie Lee Curtis, Chris Evans, Christopher Plummer og Don Johnson.

Craig snýr einn aftur en hefur, eins og síðast, einvala lið leikara sér til fulltingis. Þar á meðal Jessica Henwick, Ethan Hawke, Edward Norton, Kate Hudson og Dave Bautista í mynd sem annars er lítið vitað um þótt ganga megi að því sem gefnu að hún mun hverfast um morðgátu þar sem margir liggja undir grun.

Topparnir fyrri part árs

- Top Gun: Maverick
- Lightyear
- Jurassic World: Dominon
- Uncharted
- The Batman
- The Northman
- The Fantastic Beasts: The Secrets of Dumbledore
- Doctor Strange in the Multiverse of Madness




NÓA
KROPP
NÓA
KROPP
MEÐ PIPARDUFTI
NÓA
BÍÓ
KROPP
BUTTER & SALT
TAKMARKAÐ MAGN
NÓA
APPELSÍNU
KROPP
10 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA
200 g
VILTU VINNA
MILLJÓN?
Kauptu tvo poka af þínu uppáhalds Nóa Kroppi, taktu mynd af kvittuninni
og sendu okkur á *leikur@noi.is*. Þú gætir unnið milljón í reiðufé!
Nóa kropp, bragðast eins og milljón!
cocoa HORIZONS
Við drögum miðvikudaginn 31. ágúst.
NÓI SÍRÍUS

Augnabliks von þegar Teitur villtist út fyrir rammann

Frétt vikunnar

Valur Grettisson

toti@frettabladid.is

„Vikan hefur einkennst af vandræðalegum pólitískum uppákomum,“ segir Valur Grettisson, ritstjóri Reykjavik Grapevine, þegar hann lítur yfir helstu fréttir vikunnar sem er að renna sitt skeið. „Þingmaður Sjálfstæðiflokksins, Teitur Björn Einarsson, kaus næstum með breytingatillögu Andrésar Inga Jónssonar, þingmanns Pírata, um rammaáætlun.

Það mátti hreinlega heyra spennuna í þingliði Vinstri grænna sem spurði sig eflaust í hljóði; er ennþá von? Eða alveg þar til Teitur leiðrétti sig og kaus að sjálfsögðu gegn tillögunni þannig að tauga-veiklunarhlátur vonsvikinna þingmanna braust út.

Rammaáætlun var samþykkt. Allir reyndust tiltölulega fúlir. Nema kannski Vinstri græn sem þóttust hafa unnið einhvern pólitískan sigur með því að lemja áætlunina í gegnum þingið, líkt og það væri sjálfstætt afrek út af fyrir sig að koma einhverju í gegnum þingið fyrir flokk sinn.

Þjóðin hló líka niðurbældum hlátri þegar Lilja Alfreðsdóttir sýndi það og sannaði að hún er drottning furðulegra tímasetninga þegar hún tilkynnti á fundi Viðskiptaráðs og Arion banka að of fáar vinnustundir, stytting vinnuvikunnar og lengri sumarfrí væru áhrifaþættir sem ýttu undir verðbólgu. Daginn eftir fór Alþingi í sitt árlega þriggja mánaða langa sumarfrí, svona rétt á meðan efnahagslíf landans bullsýður yfir.“ ■



Valur Grettisson, ritstjóri Reykjavik Grapevine. MYND/JOANA FONTINHA

SUMAR útsala



45% AFSLÁTTUR

BERMUDA
Útisófasett og borð. 210 x 210 x 80 cm.
Hægt að raða upp á marga vegu.
Fullt verð: 179.990 kr.
Nú **98.995 kr.**



AVIGNON hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Brúnt, svart, dökkgrátt og rautt PVC leður.
Verð 199.900 kr.

25% AFSLÁTTUR

Nú **149.925 kr.**

BOSTON VIVA heilsurúm



35% AFSLÁTTUR

Sealy

Boston City heilsurúmin frá Sealy fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

160x200 cm
Fullt verð: 279.900 kr.
Nú **181.935 kr.**

Opið á sunnudögum á Smáratorgi 13-17

Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Ó, Hendrix vors lands

Gítarleikarinn Þorsteinn Einarsson vissi ekki að þeir Eyþór Gunnarsson píanóleikari gerðust brotlegir við lög þegar þeir tóku þjóðsönginn upp í anda Jimi Hendrix en Kári Stefánsson er saltvondur yfir því að upptakan hafi ekki fengið að hljóma í Ríkisútvarpinu 17. júní.

toti@frettabladid.is

Kári Stefánsson er svo ósáttur við að ný útgáfa, Þorsteins Einarssonar og Eyþórs Gunnarssonar, af þjóðsöng Íslendinga hafi ekki fengið að hljóma fyrir fréttir Ríkisútvarpsins í gær, 17. júní, að hann sendi Stefáni Eiríkssyni útvarpsstjóra tóninn í gegnum löngu látinn föður sinn í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær.


Þar gaf Kári lítið fyrir þá ákvörðun að draga úr sameiningarmætti RÚV með því að vísa í lagabókstaf um að þjóðsönginn megi aðeins flytja í upprunalegri mynd.

„Ég verð að viðurkenna það að á meðan við gerðum þetta þá hafði ég ekki gert mér grein fyrir að þetta væri ólöglegt,“ segir Þorsteinn. „Við Eyþór erum góðir vinir og himintunglin voru staðsett þannig að við tveir komum saman og tókum upp á því að fara að spila þjóðsönginn á píanó og rafmagnsgítar og úr varð þessi stórkostlega útgáfa.

Okkur þótti þetta bara skemmtilegt og alveg tilvalið. Það eru ekki til margar útgáfur af þjóðsöngnum. Í fyrsta lagi er það náttúrlega ólöglegt þannig að það kannski spilar eitthvað inn í,“ segir Þorsteinn og áréttar að þetta hafi þó ekki hvarflað að honum á meðan á spunanum stóð.



Jimi Hendrix



Þorsteinn vissi ekki að hann væri að brjóta lög með því að spila þjóðsönginn á gítar. MYND/AÐSEND

Í anda Hendrix


Örvhenta séníið Jimi Hendrix tók á sínum tíma bandaríska þjóðsöngin sínum gítargripum á Woodstock þannig að úr varð að sögn Kára í grein hans „listrænt afrek“. Þorsteinn segir þá félaga að sjálfsögðu hafa tekið sinn snúning á Lofsöng með afrek Hendrix í huga.

„Það er náttúrlega vel þekkt og við erum með þessu athæfi að mótmæla bara aðgerðarleysi stjórnvalda í öllum málum sem skipta mestu máli og ég veit eiginlega hreinlega ekki hvað þetta fólk gerir ef ég á að vera alveg hreinskilinn,“ segir Þorsteinn og heggur í sama knérunn og Kári þegar hann segir Eyþór og Þorstein hafa spilað þjóðsönginn þannig að hann ætti erindi við líðandi stund.

„Þeir fóru létt með það og tóku upp magnaða útgáfu sem er full af tilbrigðum sem verða einungis túlkuð sem gagnrýni á afskiptaleysi íslensks samfélags gagnvart næstum öllu sem skiptir máli, kjörum þeirra sem minnst mega sín, barnafátækt, græðgi þeirra sem mest eiga og takmarkalausan yfirgang útgerðarglæponanna,“ skrifaði Kári.

Óttast ekki handjárnin

„Við Eyþór vorum að spila heima hjá Kára. Hann er nefnilega með helvíti góðan flygil og hann var svo ánægður með þetta, eins og kemur kannski fram í greininni hans, að hann stakk upp á því að við tækjum þetta upp og við gerðum það bara.



Kári Stefánsson

„Hann sendir svo útvarpsstjóra þetta sem var mjög jákvæður, að mér skilst en svaraði svo þegar hann var búinn að átta sig á að lögum samkvæmt væri þetta ekki rétt,“ segir Þorsteinn og bætir aðspurður við að hann hafi ekki þungar áhyggjur af því að verða leiddur út í járnum fyrir uppátækið.


„Ég hef ekki miklar áhyggjur af því, nei. En ég meina, maður veit aldrei. Þetta er bara túlkun og við lékum þetta bara af fingrum fram eins og okkur leið þá. Þannig að þetta er bara okkar túlkun á íslenska þjóðsöngnum sem okkur þykir mjög vænt um.“ ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Blús hjarta Hafnar-fjarðar

23-25 JÚNÍ

23. júní



Guðmundur Pétursson



Beebee and the Blue birds

24. júní




Kristjana Stefánsdóttir




HG Sextett
Rætur djassins í blústónlist

25. júní



Tregasveitin



Björgvin Gíslason

Útisvæði

Happy hour frá 18:00-21:00
Fimmtudagur: Heiðar í Botnleðju
Föstudagur: Hljómsveitin Brot af því besta
Laugardagur: Júlladiskó

miðasala á tix.is

BÆJARBÍÓ · tix · HAFNARFJÖRÐUR · prime UMBOÐSSKRIFSTOFA · Gull



GÖTUHJÓL

28" götureiðhjól sem hentar vel til hjólreiða innanbæjar. 6 gírar Shimano. V-handbremsur, kemur með bögglabera og brettum.

-20%

Vnr. 49620200

23.196

Almennt verð: 28.995

HVERT FERÐU Í HJÓLATÚR Í SUMAR?

20%
afsláttur
öll reiðhjól




25%
afsláttur
öll sumarblóm

SAMAN Í 60 ÁR

BYKO

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



PALLAVIÐARVÖRN 4L.

Vnr. 84288126

11.895

PALLAVIÐARVÖRN 1L.

Vnr. 84288155

3.696

Hvað þarf mikið?

Flötur pr. m²	Pallaviðarvörn
5-8	1 l.
10-15	2 l.
20-30	4 l.
40-60	8 l.
70-100	12 l.


Bra miljöval

NÝ NÁTTÚRULEG VIÐARVÖRN

BYKO hefur hafið sölu á nýrri og náttúrulegri viðarvörn frá sænska framleiðandanum Fixor. Fyrir utan að veita frábæra vörn, með framsækinni kísiltækni, inniheldur hún engin skaðleg efni.

Kísilinn í viðarvörninni þrengir sér inn í viðinn og steingerir hann á mildan hátt. Engin skaðleg efni eru að finna í vörninni, s.s. heilsuspillandi olíur.

Fyrst og fremst er viðarvörnin hugsuð fyrir nýja palla eða þá sem ekki hafa fengið viðhaldsmeðhöndlun áður. Þó má einnig má nota hana á eldri palla ef þeir eru þrifnir með olíulosandi efni áður. Þetta fer þó eftir ástandi pallsins. Starfsfólk okkar í málningardeild getur gefið þér góðar upplýsingar og ráðleggingar varðandi þetta.



VIÐ ERUM HANDHAFI KUÐUNGSINS

Verslaðu á byko.is



frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

SKIPTU YFIR Í STUÐIÐ
orkusalan

Bakþankar



Óttars Guðmundssonar

Jónas

Enginn Íslendingur kemst nær því að vera þjóðareftirlæti og Jónas Hallgrímsson. Þetta síblanka skáld trónir framan á tíu þúsund kallinum og uppi á stöpli í Hljómskálagarði. Hundrað árum eftir fátæklega jarðarför í Kaupmannahöfn voru bein hans grafin upp og flutt heim í trékassa eins og dýrlingsminjar og grafin í hinum fámenna þjóðargrafreit á Þingvöllum.

Sagan hefur verið Jónasi sérlega hliðholl því að hann var umdeildur í lifanda lífi. Hann var gagnrýndur víða fyrir drykkjuskap og stærilæti og mikla dómhörku. Tímaritið Fjölnir er vinsælla meðal nútímafræðimanna en það var nokkru sinni meðal samtímamanna Jónasar. Íslendingum fannst yfirleitt lítið til blaðsins koma sakir sérvisku og hroka.

Jónas orti falleg ástarljóð og hafa fræðimenn velt því fyrir sér í yfir 150 ár hver var konan í lífi hans. Sannleikurinn er sá að Jónas var fyrst og fremst ástfanginn af ástinni sem hugmynd. Konan í kvæðunum er loftkennd og ekki af holdi og blóði. Líkur benda til þess að Jónas hafi aldrei verið við kvenmann kenndur eins og nánustu félagar hans.

Þessi skyndilega frægð hefði eflaust komið Jónasi á óvart. Erfiðast finnst honum að kyngja myndinni á tíu þúsund kallinum og tengingunni við glæstar konur því að ævi Jónasar einkenndist af stöðugu peninga- og kvenmannsleysi.

Skáldskapargáfa Jónasar hefur gefið honum óvænta og verðskuldaða frægð eftir dauða sinn. Hann er Þjóðskáldið með tilheyrandi hetjudýrkun og gáfumannasnobbi. Með tímanum hafa vaxið á hann vængir og geislabaugur sem honum sjálfum hefði eflaust fundist fara sér illa. ■

Opið allan sólarhringinn alla daga í Mjódd og á Granda
netto

SUMARFRÍ
4 VIKUR
26 kr.
AFSLÁTTUR
Skráðu þig á orkan.is
Vertu með afsláttinn í áskrift
Veldu þínar **4 vikur** og tankaðu með **26 kr. afslætti*** með Orkulyklinum í sumar.
Orkan — Ódýrasti hringurinn
*Gildir ekki á Orkunni Bústaðavegi, Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Mýrarvegi, en þar gildir okkar allra lægsta verð.